**ELÍN LOVÍSA ELÍASDÓTTIR**

*Sækir innblástur í tískublogg og tímarit*

• tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




**NÆRFATNAÐUR OG NÁTTFÖT**

*Kynæsandi, klassísk, vönduð og þægileg*

Sérblað um nærfatnað og náttföt

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG.




**HUGRÚN OG MAGNI**

*Skólínan Kron slær í gegn*

Skórnir fást í Kína, Japan og víða í Evrópu.

FÓLK 62



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

12. nóvember 2009 — 268. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

**FIMMTUDAGUR**

**Messa mánaðarlega**



Félag fyrrum þjónandi presta er sjötíu ára á árinu. Á sunnudag verður hátíðarguðsþjónusta á Grund.

TÍMAMÓT 34

**Gefur út ókeypis matartímarit**



Ljósmyndarinn Hari stoppar í matargöt þjóðarinnar.

FÓLK 52

**Að horfa jafnt til sýknu og sektar**

Sigríður Hjaltested skrifar um meðferð nauðgunarmála í „kerfinu“.

UMRÆÐAN 28

**Þjóðverjar syrgja**



Landsliðsmarkvörðurinn Robert Enke fyrirfór sér í fyrrakvöld.

ÍÞRÓTTIR 56

**VEÐRIÐ Í DAG**




**HVESSIR** Það hvessir er líður á daginn og síðdegis verða víðast austan 8-18 m/s, hvassast sunnanlands. Þurrt og bjart norðan til, en væta suðaustan- og austanlands. Hiti víða 2-8 stig.

VEÐUR 4

# Ræða tímabundinn skatt á lífeyrissjóði

**Í efnahags- og skattanefnd Alþingis hafa verið ræddar hugmyndir um að taka upp tímabundinn fjármagnstekjuskatt á lífeyrissjóði. Þeir eru núna undanþegnir fjármagnstekjuskatti. Árlegar tekjur gætu numið 25 milljörðum króna.**

**EFNAHAGSMÁL** Tímabundinn skattur á fjármagnstekjur lífeyrissjóða hefur verið ræddur í efnahags- og skattanefnd Alþingis. Lífeyrissjóðirnir hafa ekki verið skattlagðir með þeim hætti áður.

Tryggvi Þór Herbertsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, sem sæti á í nefndinni segir hugmyndina góða í því að auðvelt sé að hafa skattinn tímabundinn. „Gallinn er hins vegar sá að einungis hluti kynslóðanna er að borga fyrir þetta,“ segir hann.

Helgi Hjörvar, formaður efnahags- og skattanefndar, segir hugmyndina hafa verið rædda í nefndinni nýverið í tvígang. Málið hafi ekki farið lengra en það.

Í nýjasta tölublaði vikuritsins Vísbendingar er bent á að eignir lífeyrissjóðanna nemi nú nálægt 1.700 milljörðum króna, verðbólga sé 10 prósent og að raunávöxtun eigna þeirra hafi verið nokkur flest ár. „Segjum að ávöxtun lífeyrissjóðanna verði 10 prósent eða 170 milljarðar króna. Nú er fjármagnstekjuskattur 15 prósent. Hann gæfi því um 25 milljarða króna á ári. Tímabundinn fjármagnstekjuskattur í þrjú ár yrði veruleg búbót fyrir ríkissjóð,“ segir í Vísbendingu.

Þá er á það bent að fjármagnstekjuskatti á lífeyrissjóði fylgi ekki þær tæknilegu flækjur sem sumir forsvarsmenn lífeyrissjóða hafi bent á varðandi skattlagningu iðgjalda. Í grein Vísbendingar segir að innheimta skattsins yrði einföld, engin tilfærsla yrði á fjármunum milli kynslóða. Þá næðist líklega betri samstaða um hugmynd af þessu tagi en skattlagningu iðgjalda. „Tekjurnar eru kannski um fimm milljörðum króna minni með þessu móti, en það væri vel til vinnandi að ná sátt um málið,“ segir þar og áréttað að ekki verði um tvísköttun að ræða því tekjur lífeyrissjóða hafi ekki verið skattlagðar.

„Með þessu móti væri búið að minnka þörf á því að skattleggja almenning og kaupmáttur rýrnar því mun minna en ella. Það er mikill ábyrgðarhluti að snúast gegn slíkum hugmyndum í því óyndisástandi sem nú ríkir,“ segir í Vísbendingu. **- óká/ - jab**



JÓHANN GUNNAR Er hræddur við að fara út í Amman. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Handboltamenn í Jórdaníu:

## Reykja í búningsklefanum

**HANDBOLTI** Þeir Jóhann Gunnar Einarsson og Daníel Berg Grétarsson eru báðir staddir í Amman í Jórdaníu þessa dagana. Þeir skrifuðu undir þriggja vikna samning við arabískt félag og spila með því í asísku meistaradeildinni.

„Þetta er vel borgað og við fáum það sama hér á þremur vikum og við myndum fá á 4-5 mánuðum í Þýskalandi,“ sagði Daníel Berg en báðir eru þeir á láni frá þýska félaginu Kassel.

„Hér kemur margt spánskt fyrir sjónir og menn reykja meira að segja í klefanum eftir leiki,“ sagði Daníel. **- hbg /** **nánar á síðu 54**




**MÓTMÆLI Í HAFNARFIRÐI** Unglingar í Hafnarfirði mótmæltu í gær skerðingu á framlögum til félagsmiðstöðva bæjarins fyrir utan ráðhúsið á Strandgötu. Unglingarnir létu vel í sér heyra og fór svo að Lúðvík Geirsson bæjarstjóri kom út og ræddi við þá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sauðfjárrækt í Ameríku:

## Íslenska rollan er fjársjóður

**SAUÐFJÁRRÆKT „Margir af viðskiptavinum okkar halda lömb sem gæludýr enda eru þau ljúf og góð,“ segir bóndinn Brianna Schneider.**

**Brianna og Doug, eiginmaður hennar, rækta íslenskt sauðfé á bænum Bridosha í Michigan í Bandaríkjunum. Hún segir ullina og kjötið njóta vaxandi vinsælda, en lítur sjálf á féð sem gæludýr á vissan hátt. „Við erum alltaf með litlar eða meðalstórar hjarðir. Jafnvel þótt rollurnar sem henta ekki til undaneldis fari til slátrarans, þá gefum við þeim öllum nöfn ásamt mikilli athygli og alúð,“ segir Brianna.**

**- afb/****sjá síðu 62**

Heilbrigðisráðuneytið vinnur að því að breyta reglum um ljósabekki:

# Unglingum bannað að fara í ljós

**HEILBRIGÐISMÁL** Í heilbrigðisráðuneytinu er nú unnið að því að breyta reglum um notkun ljósabekkja með því að banna börnum átján ára og yngri að nota þá.

Geislavarnastofnanir Norðurlandanna hafa varað við notkun ljósabekkja, sérstaklega hjá ungu fólki.

„Það er verið að kanna hvaða leiðir þarf að fara til þess að verða við þessum tilmælum. Spurningin er hvort lagabreytingu þurfi eða hvort reglugerðarbreyting sé nóg,“ segir Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra.

Hún segir rannsóknir hafa sýnt ótvírætt að ljósabekkir valdi húðkrabbameini. Hættan sé slík að til greina komi að takmarka einnig aðgang eldra fólks að bekkjunum. „Í mínum huga þarf að minnsta kosti að vara mjög sterklega við notkun ljósabekkja,“ segir heilbrigðisráðherra. **- gar /** **sjá síðu 4**




sbarro
18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum
1990 kr.
Risa pizza
Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750



## SPURNING DAGSINS



*Friðrik, er þetta skötuselsfrumvarp í skötulíki?*

„Já, og manni verður nú ekki um sel að sjá ráðherra skripla svona á skötunni."

Ríkisstjórnin vill selja 2.000 tonna kvóta af skötusel. Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍU, segir það ganga þvert á fyrri loforð ríkisstjórnarinnar.

Lögreglan og Útlendingastofnun hafa farið yfir verkferla og stillt saman strengi:

# Oftar verði gripið til brottvísunar

**STJÓRNSÝSLA** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu og Útlendingastofnun hafa stillt saman strengi og sameinast um skilning á þeim ákvæðum laga um útlendinga sem snúa að heimildum til að vísa fólki úr landi leiki grunur á að það hafi í hyggju að fremja lögbrot.

Stefán Eiríksson lögreglustjóri lýsti þeirri skoðun sinni á Bylgjunni í síðustu viku að Útlendingastofnun beitti ekki tiltækum úrræðum gagnvart glæpamönnum sem kæmu hingað til lands í þeim tilgangi einum að fremja afbrot.

> Ég vona að þetta skili því að heimildir til brottvísunar brotamanna verði fullnýttar.
> STEFÁN EIRÍKSSON LÖGREGLUSTJÓRI



„Lögreglan og Útlendingastofnun hafa farið yfir verkferla með það að markmiði að þetta geti gengið hraðar og betur fyrir sig og ég vona að þetta skili því að heimildir til brottvísunar brotamanna verði fullnýttar," sagði Stefán í samtali við Fréttablaðið í gær.

Í útlendingalögum segir að heimilt sé að vísa fólki úr landi ef það er nauðsynlegt með skírskotun til allsherjarreglu eða almannaöryggis. Manni með refsidóm á bakinu má vísa úr landi ef hann telst líklegur til að fremja lögbrot.

Ákvörðun um brottvísun er í höndum Útlendingastofnunar og er það hennar að meta hvort grípa beri til úrræðisins.

Stefán Eiríksson segir stofnunina annað slagið hafa vísað fólki úr landi á grundvelli þessa lagaákvæðis en til þess megi grípa í mun meiri mæli. - bþs

Heppinn Íslendingur:

# Vann 107 milljónir í lottóinu

**HAPPDRÆTTI Íslendingur vann rúmar 107 milljónir króna í Víkingalottóinu í gær. Potturinn var tvöfaldur og skipti Íslendingurinn vinningnum með Norðmanni**

**Sá sem fékk milljónirnar 107 keypti miðann í Vídeómarkaðnum Hamraborg.**

**Þetta er í 15. skipti sem fyrsti vinningur í Víkingalottóinu kemur til Íslands og er þetta jafnframt stærsti vinningurinn til þessa.**

**Vinningsmiðinn er 10 raða sjálfvalsmiði án Jókers sem kostaði 500 krónur og var seldur í gær.** - kh

# Þuklað á þingforseta á Keflavíkurflugvelli

**Forseti Alþingis segir sérkennilegt að hafa verið tekinn í líkamsleit í Leifsstöð þótt öryggishlið hafi ekki gefið frá sér viðvörunarhljóð. Þingforsetinn er ekki undanþeginn öryggisleit eins og forseti og forsætisráðherra og makar þeirra.**

**ÖRYGGISMÁL** „Mér fannst sérkennilegt þegar það pípti ekki í neinu og maður var búinn að gera allt eins og átti að gera að þá væri forseti Alþingis tekinn og þuklaður hátt og lágt," segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis.

Ásta og fleiri fóru utan sunnudaginn 1. nóvember í opinbera heimsókn til Króatíu í boði þingsins þar. Eins og aðrir fór Ásta úr jakka og skóm og gekk á sokkaleistunum í gegnum öryggishlið í Leifsstöð.

„Það pípti ekkert í hliðinu en ég var tekin til hliðar og leitað á mér hátt og lágt. Ég gerði enga athugasemd við það en spurði hvort þetta væri venja þegar pípir ekki í neinu. Mér var sagt að þetta væri stundum gert," segir þingforsetinn og ítrekar að öryggisverðir í Leifsstöð hafi einungis verið að sinna sínu starfi. „Það er virðingarvert og sjálfsagt að það sé leitað vel áður en fólk fer í flugvélar en þetta kom mér bara svolítið á óvart."

Nánast enginn er undanþeginn leit í öryggishliðinu á Keflavíkurflugvelli. Friðþór Eydal hjá Keflavíkurflugvelli ohf. segir Flugmálastjórn gefa út hverjir séu undanþegnir öryggisleitinni. Forseti Alþingis sé ekki á þeim lista.

„Þeir sem eru undanþegnir eru forseti og forsætisráðherra og makar þeirra, lögreglumenn og tollverðir á flugvellinum og erlendir þjóðhöfðingjar sem eru í boði íslenskra stjórnvalda og tilkynning berst um frá utanríkisráðuneyti," upplýsir Friðþór.




**Í LEIFSSTÖÐ** Friðþór Eydal hjá Keflavíkurflugvelli ohf. segir reglulega leitað á fólki við öryggishliðið í Leifsstöð þótt nemar í hliðinu gefi ekki frá sér hljóð.



ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR



JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR



FRIÐÞÓR EYDAL



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON

Forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar eru auk forsætisráðherra handhafar forsetavalds þegar forseti er ekki á landinu. Aðspurður segir Friðþór handhafana sem slíka ekki vera á áðurnefndum lista Flugmálastjórnar. Það sama eigi meðal annars við um sendiherra erlendra ríkja. „Starfsmenn flugvallarins, þar á meðal flugverndarverðirnir, eru sjálfir ekki undanþegnir," segir Friðþór sem kveður alls ekkert óvenjulegt við það að leitað sé á fólki þótt öryggishlið hafi ekki pípt á það. „Hér eru gerðar alls konar reglubundnar handahófsúttektir."

gar@frettabladid.is



**BIFRÖST** Háskólaráðið vill að möguleikar til stuðnings háskólaþorpa séu auknir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Háskólaráð Borgarbyggðar:

## Hugað verði að háskólunum

**MENNTUN** Háskólaráð Borgarbyggðar hvetur stjórnvöld til að huga sérstaklega að háskólastofnunum á landsbyggðinni. Taka verði tillit til þess að menntun sé mótvægisaðgerð í kreppu og atvinnuleysi. Skessuhorn greinir frá þessu.

Þá álykta ráðið sérstaklega um háskólastofnanir landsbyggðarinnar; taka verði tillit til þess aukakostnaðar sem þær nú bera vegna þátttöku í rekstri grunnþjónustu. Þá verði að auka möguleika sveitarfélaga til að byggja upp þjónustu við háskólaþorp, meðal annars með þátttöku jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. - kóp

Bandaríkjamenn neikvæðari:

## Meirihluti styður Obama enn

**BANDARÍKIN, AP Barack Obama Bandaríkjaforseti nýtur stuðnings 54 prósenta Bandaríkjamanna, ef marka má niðurstöður nýrrar könnunar AP. Það er svipaður stuðningur og hann naut í síðasta mánuði, en í janúar, þegar Obama tók við, studdu 74 prósent Bandaríkjamanna forsetann.**

**Hlutfall þeirra sem telja Bandaríkin ekki á réttri leið eykst jafnt og þétt, er nú 56 prósent, var 51 prósent í október og 49 prósent í janúar. Fjöldi erfiðra verkefna bíður Obama; efnahagsaðgerðir, stríðið í Afganistan, umbætur á heilbrigðiskerfinu og frekari áhersla á umhverfismál.** - kóp



**LOKAÐ** Ferðaklúbburinn segir lokun einkavega hafa ágerst eftir að þéttbýlisbúar og eignarhaldsfélög fóru að kaupa jarðir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ferðaklúbburinn 4x4:

## Fagna opnun vega í þjóðgarði

**FERÐALÖG Ferðaklúbburinn 4x4 lýsir ánægju sinni með að Þingvallanefnd hyggist sporna við því að vegum sé lokað í þjóðgarðinum og aðgangur almennings þannig takmarkaður.**

**Klúbburinn bendir á að í náttúruverndarlögum sé sérstaklega kveðið á um rétt almennings til að ferðast um landið, enda sé náttúra landsins sameign þjóðarinnar hvað sem líður eignarhaldi. Lengst af hafi verið skilningur hjá landeigendum á þessum rétti, en á síðustu árum hafi læst hlið og keðjur illu heilli skotið æ oftar upp kollinum, í kjölfar þess að þéttbýlisbúar eða eignarhaldsfélög hafi keypt upp landeignir.** - kóp

600 þúsund tölvunördar:

## Bannað að spila Xbox á Netinu

**TÆKNI** Þúsundum tölvuleikjanotenda hefur verið bannað að spila Xbox Live-leiki á Netinu eftir að þeir spiluðu sjóræningjaútgáfur af nokkrum vinsælum leikjum. Talið er að bannið nái til allt að 600 þúsund manns.

Microsoft fyrirtækið staðfesti að fyrirtækið hefði bannað „litla prósentu" af þeim 20 milljónum notenda sem spila Xbox Live úti um allan heim. Samkvæmt fyrirtækinu fóru notendur á svig við notendaákvæði leikjanna. Fyrir vikið geta þeir ekki spilað.




LGG+ STYRKIR VARNIR LÍKAMANS

Fjöldi klínískra rannsókna hefur sýnt fram á virkni LGG+ gerla. Þeir hafa margvísleg jákvæð áhrif á varnir líkamans og hafa m.a. jákvæð áhrif á meltingarveginn og styrkja ónæmiskerfið.

www.ms.is/lgg

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0984

Margrét Tryggvadóttir, þingkona Hreyfingarinnar, vill reglur um tóbaksnotkun:

# Neftóbak truflar störf þingsins

**ALÞINGI** „Nú eru reykingar bannaðar í öllu húsnæði þingsins og reyndar ríkisins líka. Þá er öll neysla matar og drykkjar annars en vatns bönnuð hér í þingsal og okkur þingmönnum gert að klæða okkur snyrtilega. Því finnst mér skjóta skökku við þegar háttvirtir þingmenn og hæstvirtir ráðherrar taka hér í nefið eins og ekkert sé sjálfsagðara," sagði Margrét Tryggvadóttir, þingkona Hreyfingarinnar, sem tók neyslu tóbaks fyrir í umræðum um störf þingsins í gær.



MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR

„Menn fara misdult með þetta og eru missnyrtilegir en aðrir eru hreinlega subbulegir og veifa vasaklútum með brúnum horklessum um þingsalinn og það á tímum svínaflensunnar," bætti Margrét við. Henni var ekki skemmt, ólíkt þingheimi, og minnti á að landlæknir hefði varað við neyslu neftóbaks enda væru á þriðja tug efna í tóbakinu sem sannað væri að væru krabbameinsvaldandi.

Margrét, sem vildi ekki einungis benda á sóðaskapinn sem af tóbaksneyslu þingmanna hlýst, benti á að störf þingsins hefðu orðið fyrir truflun vegna tóbakskorna sem gert hafi kosningakerfi þingsins óvirkt á stundum. Margrét skoraði á forseta þingsins að íhuga að setja reglur um tóbaksnotkun. - shá



**ÞINGHEIMUR** Neftóbaksneysla þingmanna og ráðherra er gagnrýnd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



12.–15. nóvember

# HELGARFERÐ
## Í SMÁRALIND




### Góðir farþegar!

Verið velkomnir í Smáralind sem tekur vel á móti ykkur næstu tvær helgar með ótrúlegum fjölda frábærra tilboða. Hagkvæmustu jólainnkaupin í ár eru gerð í stærstu verslunarmiðstöð á Íslandi.

**Við vonum að ferðin verði ánægjuleg!**




### Þegar piparkökur bakast

**Laugardag** og **sunnudag kl. 14-16** fá allir krakkar gefins piparkökuhjörtu frá Kötlu sem fagmenn hjálpa þeim að skreyta. Þeir gefa líka góð ráð um piparkökuhúsagerð.

- Munið piparkökuhúsakeppni Smáralindar og Kötlu
- Piparkökumix Kötlu fæst í Hagkaupum
- Tilbúinn glassúr frá Kötlu fæst í Hagkaupum



Katla

Opið til kl. 21 í dag

SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

ENNEMM / SÍA / NM38934

## GENGIÐ 11.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 123,84 | 124,44 |
| Sterlingspund | 206,3 | 207,3 |
| Evra | 186,13 | 187,17 |
| Dönsk króna | 25,011 | 25,157 |
| Norsk króna | 22,226 | 22,356 |
| Sænsk króna | 18,182 | 18,288 |
| Japanskt jen | 1,3776 | 1,3856 |
| SDR | 198,49 | 199,67 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

226,6297

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Svissneskur blaðamaður staðfestir að Pálmi hafi verið einn á ferð eftir miðnætti:

# Úttektir dreifðust á fleiri staði

**FÉLAGSMÁL** „Hann var í fylgd með einum manni til miðnættis, en eftir það var hann einn á ferð,“ sagði svissneski blaðamaðurinn Attilla Szenogrady þegar Fréttablaðið hafði samband við hann.

Szenogrady var viðstaddur þegar kveðinn var upp dómur í Zürich í máli Pálma Jónssonar gegn framkvæmdastjóra nektarstaðarins Moulin Rouge í Zürich. Szenogrady segir dómsúrskurðinn ekki gerðan opinberan fyrr en eftir tvo til þrjá mánuði.

Í frásögn Szenogradys, sem birtist í svissneska netmiðlinum „20 minuten online“, segir að þrjár rússneskar konur hafi verið í fylgd Pálma. Hann hafi keypt handa þeim hverja kampavínsflöskuna á fætur annarri.



**PÁLMI JÓNSSON** Næturbrölt fjármálastjóra KSÍ átti sér stað árið 2005. Málinu virðist hins vegar ekki enn lokið.

Við réttarhöldin kom fram að 67 þúsund frankar voru teknir af kreditkorti Knattspyrnusambands Íslands þessa nótt, þar af níu þúsund frankar, eða ríflega milljón krónur á núverandi gengi, áður en hann kom á Moulin Rouge. Nærri helmingurinn, eða um 30 þúsund frankar, hafi verið tekinn af kortinu undir lokin, á rúmlega tveggja klukkustunda tímabili frá 4.30 til 6.40.

Szenogrady segir í grein sinni að framkvæmdastjórinn hafi verið sýknaður af ákærum Pálma. Hins vegar hlaut hann skilorðsbundinn fangelsisdóm fyrir skjalafals og skattsvik, sem koma ákærum Pálma ekkert við. **- gb**

Sveitarfélög á Suðurnesjum:

# Samstarf um bætta umferð

**UMFERÐARMÁL Skrifað verður undir samstarfssamning Umferðarstofu og sveitarfélaga á Suðurnesjum um bætt umferðaröryggi í dag. Gerð verður umferðaröryggisáætlun og sem flestir virkjaðir til þátttöku.**

**Reykjanesbær hefur þegar skrifað undir sams konar samkomulag en önnur sveitarfélög á Suðurnesjunum fylgja nú í kjölfarið. Sérstök áhersla verður lögð á öryggi óvarinnar umferðar, gangandi og hjólandi, og þá verður horft til umhverfis skóla, leikskóla, félagsmiðstöðva og íþróttamannvirkja.** **- kóp**




**SVONA LEIT HÚN ÚT** Steingervingafræðingurinn David Yates kynnti risaeðluna á blaðamannafundi í Suður-Afríku í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný risaeðlutegund kynnt:

# Týndur hlekkur fundinn

**SUÐUR-AFRÍKA, AP** Vísindamenn í Suður-Afríku segjast hafa uppgötvað áður óþekkta tegund af risaeðlum. Þeir telja eðluna týnda hlekkinn á milli risaeðla og smærri afkomenda þeirra.

Steingervingafræðingurinn Adam Yates, sem starfar við Witwatersrand-háskóla í Suður-Afríku, kynnti niðurstöður rannsóknar sinnar á blaðamannafundi í Jóhannesarborg í gær ásamt því að sýna nokkur beina eðlunnar. Hún hefur fengið heitið Aardonyx Celestae.

Samkvæmt kenningu Yates og teymis hans voru eðlur af þessari tegund uppi fyrir tvö hundruð milljón árum. Þær voru jurtaætur sem gengu á afturfótunum og voru 1,7 metrar á hæð. **- jab**

## LEIÐRÉTTING

Rangt var farið með nafn verslunar sem Hrefna Björk Sverrisdóttir rekur í Noregi í blaðinu í fyrradag. Nafn verslunarinnar er ER.



**Í LJÓSUM** Ungu fólki er svo mikil hætta búin við sólbruna að heilbrigðisráðuneytið undirbýr nú að sett verði átján ára aldurstakmark á notkun ljósabekkja.

# Ljósabekkir bannaðir börnum

**Geislavarnir ríkisins vilja að ungmennum innan átján ára sé bönnuð notkun ljósabekkja og heilbrigðisráðuneytið vinnur að undirbúningi þess. Hugsanlegt að takmarka einnig notkun eldra fólks á bekkjunum.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Talið er nauðsynlegt að banna ungmennum innan átján ára að nota ljósabekki vegna hættu sem þeim stafar af notkun þeirra.

„Geislavarnastofnanir Norðurlanda hafa áður sent frá sér ráðleggingar þar sem mælt var gegn notkun ljósabekkja, sérstaklega hjá ungu fólki,“ segir Þorgeir Sigurðsson hjá Geislavörnum ríkisins sem ásamt systurstofnunum sínum í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi leggja til ljósabekkjabann fyrir börn og unglinga.

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra segir að í ráðuneytinu hafi verið fylgst náið með aðdraganda nýju samþykktar Geislavarnastofnananna. „Það er verið að kanna hvaða leiðir þarf að fara til þess að verða við þessum tilmælum. Spurningin er hvort lagabreytingu þurfi eða hvort reglugerðarbreyting er nóg,“ segir Álfheiður sem bætir við að rannsóknir sýni ótvírætt að ljósabekkir valdi húðkrabbameini og hættan slík að til greina komi að takmarka einnig aðgang eldra fólks að bekkjunum. „Í mínum huga þarf að minnsta kosti að vara mjög sterklega við notkun ljósabekkja.“



**ÞORGEIR SIGURÐSSON**



**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR**

Þorgeir minnir á að virt alþjóðleg krabbameinsstofnun í Frakklandi skilgreindi í sumar ljósabekki sem krabbameinsvaldandi. Lönd á borð við Frakkland, Spán, Skotland, Belgíu og Portúgal hafa þegar sett aldursmörk á notkun bekkjanna. Sama gildir um sex af sjö fylkjum Ástralíu.

Geislavarnir ríkisins segja að áðurnefndum aldurshópi sé sérstök hætta búin af ljósabekkjum því sólbruni á þessu æviskeiði auki hættuna á því að viðkomandi einstaklingur fái illkynja sortuæxli síðar á lífsleiðinni. Slík mein séu talin alvarlegust allra húðkrabbameina.

Þorgeir segir að sólbaðstofueigendur hafi gjarnan borið við að fólk sólbrynni síður í ljósabekkjum en í sólbaði. „Rannsókn sem Lýðheilsustöð gerði sýnir hins vegar að fólk brennur allt eins í ljósabekkjum og ungt fólk varar sig síður á þeirri hættu en þeir sem eldri eru,“ segir hann.

Geislavarnir ríkisins gáfu út sérstaka viðvörun vegna notkunar ljósabekkja á árinu 2005. Þorgeir segir að síðan hafi nokkuð dregið úr notkun bekkjanna meðal fullorðinna en minna hjá yngsta fólkinu. Samkvæmt síðustu mælingum fór um fimmtungur barna á aldrinum tólf til fimmtán ára einhvern tíma í ljós næstu tólf mánuðina þar á undan. Í aldurshópnum sextán til nítján ára var hlutfallið nærri fimmtíu prósent.

**. gar@frettabladid.is**




Sæktu um Staðgreiðslukortið á olis.is, á næstu Olís-stöð eða í síma 515 1141


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** Veðurfréttamaður

**STREKKINGS VINDUR** Veðrið verður ekkert sérlega skaplegt næstu dagana og heldur stífar austlægar áttir ríkjandi. Hvassast verður sunnanlands og með ströndum landsins. Úrkoman verður að mestu bundin við austanvert landið en ætlar þó ekki að verða mikil.



**Á MORGUN**
8-15 m/s, hvassast syðst.

**LAUGARDAGUR**
Stífur vindur NV-til og við SA-ströndina.

### HEIMURINN

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 23° |
| Basel | 9° |
| Berlín | 7° |
| Billund | 7° |
| Eindhoven | 12° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 14° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 12° |
| Orlando | 21° |
| Ósló | 1° |
| París | 14° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# Við stækkum!




**Við opnum nýja og stærri Nova verslun í Kringlunni. Komdu og kynntu þér frábær Kringlu-opnunartilboð í tilefni dagsins.**



**Diskókúla fylgir Nokia 3120 og Nokia 6120 farsímum hjá Nova í Kringlunni.**

Tilboðið gildir í dag eða á meðan birgðir endast.

**2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mán. fylgir símatilboðum Nova.**
Gildir í áskrift og frelsi.

DAGUR & STEINI

**NÝR!**



**14.900 kr. útborgun**

**Nokia 6730**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir símatilboðum Nova.

Staðgreitt: 38.900 kr.

**11.000 kr. verðlækkun!**




**Diskókúla fylgir!**

**0 kr. útborgun**

**Nokia 3120**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir símatilboðum Nova.

Staðgreitt: 24.000 kr.



**Diskókúla fylgir!**

**5.900 kr. útborgun**

**Nokia 6120**

Afborgun 2.000 kr. á mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði í 12 mánuði fylgir símatilboðum Nova.

Staðgreitt: 29.900 kr.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is**

Greiðsludreifing: Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. vegna greiðsludreifingar.
Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

## KJÖRKASSINN



*Ertu tilbúin/n til að taka á þig aukna skattbyrði vegna efnahagsástandsins?*

| | |
|---|---|
| Já | 20,3% |
| Nei | 79,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á fjármálastjóri KSÍ að segja af sér?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Landsbankinn fer á eftir skuld hjá tæknilega gjaldþrota fjárfestingarfélagi:

# Geta greitt tæp tíu prósent

**VIÐSKIPTI** Skilanefnd Landsbankans hefur stefnt eignarhaldsfélaginu Gift vegna skulda félagsins við bankann. Viðræður hafa átt sér stað um skuldina. Fyrirtaka fór fram í málinu í gær en var frestað fram í næsta mánuð.

Samvinnutryggingar, sem stofnuðu Gift, voru umsvifamiklar í fjárfestingum um árabil. Fyrirtækið tók þátt í kaupum á Búnaðarbankanum með S-hópnum svonefnda árið 2003 og hagnaðist mjög.

Við slit Samvinnutrygginga fyrir um tveimur árum voru bæði eignir og skuldir færðar yfir til Giftar. Þeir sem tryggðu á tilteknu árabili hjá Samvinnutryggingum áttu rétt á að fá fjárhæð sem svaraði til eignahlutar í Gift.



**LÍFLAUST HJÁ GIFT** Fundarmenn á aðalfundi Samvinnusjóðsins og Andvaka í fyrra. Meðal fundarmanna er Finnur Ingólfsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um mitt ár 2007 var skilanefnd sett yfir Gift og ákveðið að slíta félaginu. Það hélt hins vegar áfram fjárfestingum sínum.

Fyrir hrun átti Gift um eitt prósent í Kaupþingi og í Oddaflugi, sem aftur átti hlut í Icelandair. Eignir fyrir hrun voru metnar á um sextíu milljarða króna.

Ekki liggur fyrir hversu há skuld Giftar við Landsbankann er. DV hélt því fram í gær að hún væri til komin vegna afleiðusamninga við bankann. Gift er nú tæknilega gjaldþrota og skuldir taldar vera í kringum fimmtíu milljarðar króna. Hugsanlegt er að það geti greitt um átta prósent af skuldum sínum.

- jab

Barnavernd Reykjavíkur:

# Harmar fjölmiðlaumfjöllun

**BARNAVERND Barnavernd Reykjavíkur hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem umfjöllun fjölmiðla um málefni barns er hörmuð. Barnið var sett í skammtímavistun og á að koma í fóstur, en sú ákvörðun hefur verið kærð til kærunefndar barnaverndarmála.**

**Í yfirlýsingunni segir að starfsmenn Barnaverndar séu bundnir trúnaði og geti ekki útskýrt eða varið ákvarðanir sínar. Yfirferð þessa máls sýni að unnið hafi verið með bestu hagsmuni barnsins að leiðarljósi. Ýmsir, þar á meðal Breiðavíkursamtökin, hafa gagnrýnt málsmeðferðina.**

- kóp


KYNNINGARFUNDUR UM BORGARALEGA FERMINGU

SIÐMENNT

Kynningarfundur fyrir unglinga sem áhuga hafa á borgaralegri fermingu vorið 2010 og aðstandenda þeirra verður haldinn **laugardaginn 14. nóvember kl.11:00-12:00 í Háskólabíói sal 1.**

*Siðmennt – Félag siðrænna húmanista*


# Nýtir skinn sem hefði annars verið fargað

**Eggert Jóhannsson feldskeri er farinn að nýta skinn af lömbum sem drepast við burð eða áður en þau eru rekin á fjall. Nýja fatalínan nefnist Born Again og er meðal annars unnin í samstarfi við Landssamtök sauðfjárbænda.**

**IÐNAÐUR** Skinn af lömbum sem drepast við burð eða drepast áður en þau eru rekin á fjall eru nú nýtt í nýrri fatalínu Eggerts Jóhannssonar feldskera.

„Íslendingar átta sig ekki alltaf á því hvað þeir eru með mikil verðmæti í kringum sig,“ segir Eggert, en fatnaðurinn sem hann kynnti í gær er afrakstur fyrsta ársins í þriggja ára tilraunaverkefni.

Nýja fatalínan nefnist Born Again, en verkefnið er unnið í samstarfi Eggerts, Helgu Björnsson, fatahönnuðar í París, Landssamtaka sauðfjárbænda og Loðskinnu á Sauðárkróki. „Fyrsta skrefið hefur verið stigið í nýtingu á hráefni sem annars hefði verið hent,“ sagði Eggert feldskeri á kynningunni í gær.

Skinnum af lömbum sem drepist hafa áður en hægt hefur verið að reka þau á fjall hefur jafnan verið fargað með skrokkunum. Sindri Sigurgeirsson segir að nú kunni þó að vera eftir einhverju að slægjast fyrir bændur að leggja sig eftir því að halda upp á þau. Bændur fá greiddar 1.250 krónur fyrir skinnið, en þurfa sjálfir að sjá um fláningu og að koma því í sútun. „Það verður því bara að koma í ljós hvort bændur geta gefið sér tíma í þetta á vorin þegar hvað mest er að gera,“ segir Sindri, en telur líklegt að fari bændur út í þetta þá reyni þeir að safna saman skinnunum og geyma í frysti svo að þau úldni ekki.

„Þetta geta hins vegar orðið dálitlar upphæðir á stóru búi,“ segir hann, en þar sem fæðast milli 13 og 14 hundruð lömb að vori megi geta sér til að um 50 drepist við burð eða á fyrstu dögunum eftir burð.



**BORN AGAIN KYNNT Í ÞJÓÐLEIKHÚSKJALLARANUM** Landbúnaðarráðherra var meðal þeirra sem fengu að sjá og finna áferð á jökkum, kápum og fylgihlutum sem unnin eru úr skinni smálamba sem drepast við burð eða stuttu eftir burð. Skinnin þykja einstaklega mjúk og falleg og fatnaðurinn hlýr en léttur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra, sem var viðstaddur kynninguna á Born Again-fatalínunni í gær, fagnaði því sérstaklega í ræðu sinni að hitta þar fyrir gamlan nemanda að norðan í forsvari fyrir vinnsluna á skinninu, Gunnstein Björnsson, framkvæmdastjóra Loðskinnu. „Það eykur enn á ágæti þessa starfs að skinnin eru sútuð og unnin hjá Loðskinni á Sauðárkróki,“ sagði hann, en kvaðst annars sem gamall sauðfjárbóndi vanur að hugsa til þess hvernig gjörnýta mætti landsins afurðir. „Ég er viss um að íslenskir bændur taka þessu vel.“

olikr@frettabladid.is



**GLÆSILEG FLÍK** Skinnið er léttara en gengur og gerist með önnur skinn. Í baksýn má sjá Eggert feldskera.


TILBOÐ

N1

**Fjölskylduspil á frábæru tilboði!**




Vr. A825 85060692

Fullt verð 5.990 kr.

**3.990 kr.**

auk 1.000 punkta


Áætlun um fækkun umferðarslysa á höfuðborgarsvæðinu hefur gengið vel:

# Slysum hefur fækkað um 34 prósent

**UMFERÐARMÁL** Umferðarslysum á höfuðborgarsvæðinu hefur fækkað um 34 prósent milli áranna 2007 og 2009. Á fyrstu sjö mánuðum fyrrnefnda ársins urðu 343 slys í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu en á sama tímabili í ár urðu 228 slys.

Frá þessu er greint í frétt lögreglunnar.

Í ársbyrjun 2007 lagði lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fram áætlun um fækkun umferðarslysa sem fól í sér markvissar aðgerðir í samstarfi við þar til bærar stofnanir og fyrirtæki. Lögð var áhersla á að fækka hættulegum stöðum og auka sýnilegt eftirlit auk þess sem stefnt var að auknum gæðum í rannsóknum umferðarslysa.

Lagði samgönguráðuneytið embættinu meðal annars til átta mótorhjól til eftirlits í umferðinni og Reykjavíkurborg og Vegagerðin hafa gert breytingar á gatnakerfinu til að auka öryggi og fækka slysum.



**ÁREKSTUR Í KÓPAVOGI** Góð reynsla er af áætlun lögreglunnar um fækkun slysa. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áfram verður unnið á sömu braut, að sögn lögreglunnar.

- bþs


vísir.is

*„...ég sá það á vísi“*

NÝTT KORTA TÍMABIL

# **ALLUR** barnafatnaður og **ÖLL LEGO** leikföng

LEGO



# TAX FREE DAGAR

## *Barnafatnaður og Lego leikföng*

Dagana 12.-15. nóvember afnemum við VSK af ÖLLUM BARNAFATNAÐI OG LEGO LEIKFÖNGUM.

Þú færð allan barnafatnað, undirföt, sokka, sokkabuxur, nátttföt og Lego leikföng án virðisaukaskatts þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 15. nóvember 2009.

50 ára HAGKAUP *fyrir Íslendinga í 50 ár*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hver situr á þingi í stað Guðfríðar Lilju Grétarsdóttur sem er í fæðingarorlofi?*
2. *Af tá hvaða leikmanns hrökk boltinn í íslenska markið í landsleiknum gegn Írönum?*
3. *Hve margir hafa verið ráðnir til ráðuneyta án undangenginna auglýsinga?*

SVÖR Á SÍÐU 62

Hópur fólks sem átti í Sjóði 9 mun leita réttar síns fyrir dómstólum:

# Stefna í farvatni vegna Sjóðs 9 hjá Glitni

**FJÁRMÁL** Hópur fólk sem átti í peningamarkaðssjóðnum Sjóður 9 sem starfræktur var á vegum Glitnis hyggst stefna sjóðnum. „Útgreiðsluhlutfallið úr Sjóði 9 var 85,12 prósent miðað við síðasta skráða gengi sjóðsins þann 6. október í fyrra,“ segir Einar Hugi Bjarnason, lögmaður hjá Ergó lögmönnum, sem undirbýr málsóknina.

Einar Hugi segir að krafist verði viðurkenningar á skaðabótaskyldu Íslandssjóða hf., sem áður hétu Glitnissjóðir hf., vegna mismunarins og þess tjóns sem sjóðsfélagar urðu fyrir. „Þessu til viðbótar er það staðreynd að Glitnir keypti í lok september, með stuðningi þáverandi ríkisstjórnar, skuldabréf Stoða hf. eða FL Group út úr sjóðnum fyrir tæpa 12 milljarða króna. Sama dag var framkvæmd varúðarniðurfærsla í sjóðnum upp á tæp 7 prósent sem þýðir að raunverulegt tap sjóðsfélaga var rúmlega 20 prósent, eða fimmtungur,“ segir Einar Hugi.

Kröfulýsingafrestur í þrotabú Glitnis rennur út þann 29. nóvember næstkomandi. „Það er mjög mikilvægt fyrir sjóðsfélaga í Sjóði 9, sem og í öðrum sjóðum sem starfræktir voru á vegum bankans, að lýsa kröfum sínum til slitastjórnar Glitnis innan kröfulýsingarfrestsins. Að öðrum kosti er hætta á réttarspjöllum verði niðurstaða dómstóla á þá leið að skaðabótaskylda gagnvart sjóðsfélögum verði viðurkennd,“ segir Einar Hugi Bjarnason. - jhh



**GLITNIR** Hópur fólks hyggst stefna Glitni vegna taps á eignum í Sjóði 9. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

700 skrifuðu undir mótmæli:

# Mótmæltu niðurskurði á HSB

**HEILBRIGÐISMÁL Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra tók í gær á móti undirskriftalista þar sem mótmælt er niðurskurði á Heilbrigðisstofnun Blönduóss. Um 700 manns rituðu nafn sitt á listann.**

**Samkvæmt tilkynningu frá hópnum sem stóð að undirskriftunum lofaði heilbrigðisráðherra að athuga málið.**

**Hún sagðist þó hvorki telja að mest væri skorið niður hjá HSB, né að ósamræmi væri í kröfum ráðuneytisins um niðurskurð til heilbrigðisstofnana.**

**Samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2010 er farið fram á að Heilbrigðisstofnun Blönduóss skeri niður um 56 milljónir.**

**- kh**

Fyrsti fundur samninganefndar Íslands við ESB:

# Stillti saman strengi

**STJÓRNSÝSLA** Samninganefnd Íslands í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið kom saman til síns fyrsta fundar í Þjóðmenningarhúsinu í gær.



**SKIPAÐ TIL SÆTIS** Stefán Haukur Jóhannesson aðalsamningamaður segir nefndarmönnum hvar þeir eigi að sitja. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

*Á fundinum stilltu nefndarmenn saman strengi og línur um næstu skref voru lagðar. Meðal verkefna fram undan er að undirbúa mótun samningsmarkmiða Íslands sem gert verður í samvinnu við hagsmunaaðila.*

*Gert er ráð fyrir að á næstu vikum eða mánuðum ljúki framkvæmdastjórn ESB gerð álits síns um aðildarumsókn Íslands og að á grundvelli þess taki aðildarríkin ákvörðun um að hefja formlegar aðildarviðræður.*

*Átján sitja í samninganefndinni sem Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra í Brussel, fer fyrir.* - bþs




**ÍBÚÐALÁNASJÓÐUR** Moody´s fellir lánshæfismat ríkissjóðs og Íbúðalánasjóðs um tvo flokka. Fyrirtækið metur ástandið þó stöðugt og að kreppan verði skemmri og grynnri en búast mátti við. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Moody´s telur botninum náð

**Matsfyrirtækið Moody´s lækkaði lánshæfismat ríkisins í gær. Fyrirtækið segir horfur stöðugar og að botninum sé náð. Hefur ekki áhrif í bráð segir efnahagsráðgjafi. Ísland rétt fyrir ofan ruslflokk.**

**EFNAHAGSMÁL** Matsfyrirtækið Moody´s lækkaði í gær lánshæfismat íslenska ríkisins um tvo flokka; úr Baa1 í Baa3. Um leið breytti fyrirtækið spá sinni þannig að horfur séu nú stöðugar, en áður mat það þær neikvæðar. Landið er nú í lægsta flokki í fjárfestingarflokki, rétt fyrir ofan ruslbréfin svokölluðu.



**HJÖRDÍS DRÖFN VILHJÁLMSDÓTTIR**

Í tilkynningu Moody´s segir að sterk staða landsins og efnahagslegur sveigjanleiki hafi mildað höggið sem landið fékk við efnahagshrunið. „Nýlegar efnahagsaðgerðir hafa tekist betur en búist var við,“ segir Kenneth Orchard hjá Moody´s. „Svo virðist sem kreppan verði grynnri og styttri en búist var við.“

Hjördís Dröfn Vilhjálmsdóttir, efnahagsráðgjafi fjármálaráðherra, segir jákvæðar og neikvæðar fréttir felast í matinu. Búast hafi mátt við lækkuninni, þar sem fyrirtækið hafi talið horfur hér neikvæðar í síðasta mati sínu.

„Það jákvæða er að horfur eru nú stöðugar og það skiptir mjög miklu máli til dæmis þegar við förum að sækja lánsfé á markað. Þá er staðan allt önnur ef við erum á stöðugum horfum en ef við erum á neikvæðum eins og við vorum áður.“

Matið hafi engin áhrif í bráð; stöðugar horfur geri það að verkum að auðveldara verði að sækja lánsfé þegar með þarf.

Í Hagsjá Landsbankans er tekið undir að búast hafi mátt við matinu. Lækkunarinnar hafi í raun verið beðið, en afar jákvætt sé að horfur teljist nú stöðugar.

Moody´s metur stöðuna nú svipaða og Standard & Poor´s og Fitch, en tvö síðastnefndu fyrirtækin flokka landið enn með neikvæðar horfur, öfugt við Moody´s. „Miðað við hvað horfur á efnahagsbata eru óstöðugar, álagið á ríkisfjármál og óvissu um afnám gjaldeyrishafta, höfum við ákveðið að horfum sé best lýst sem stöðugum.“

Hjördís segir jákvætt að fyrirtækið telji framvindu í efnahagsmálum betri en búist var við. Fyrirtækið líti svo á að landið fari ekki neðar nema einhverjar skyssur verði gerðar. Það ætli sér að fylgjast vel með framvindu mála hér á landi.

Íbúðalánasjóður fær sömu einkunn hjá fyrirtækinu og ríkissjóður. **kolbeinn@frettabladid.is**



Opið
9 - 22

Frábærar jólagjafir
á dúndurtilboði

# 25% AFSL.
# AF ÖLLU*

Allar útsöluvörur með 70% + 25% afslætti

# Sprengidagur

## Morgunhanatilboð frá 9 - 12:

## 40% afsláttur



Allir herrasokkar



Fjólublátt stelpusjal
Verð áður kr. 3.990
**Verð nú kr. 2.394**



Öll leikföng



Pineapple dömuúlpa
Verð áður kr. 11.990
**Verð nú kr. 7.194**



Fjólublár silkikjóll
Stærðir 11 – 16 ára
Verð áður kr. 9.990
**Verð nú kr. 5.990**



Thomas Nash
herrabuxur og
herrafatnaður
frá Shine



Allar breskar Debenhams
spa- og snyrtivörur



Sælgætissprengja
Verð áður kr. 990
**Verð nú kr. 594**

*nema **15%** afsláttur af
snyrtivörum og hjá NTC

DEBENHAMS
HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI



**KJÖTKVEÐJUHÁTÍÐ HEFST** Í Rínarhéruðum Þýskalands hefst kjötkveðjuhátíð ár hvert hinn 11. nóvember, nánar tiltekið klukkan ellefu mínútur yfir ellefu, eða á sömu mínútu og fyrri heimsstyrjöldinni lauk árið 1918. Þessi var mættur í búningnum. NORDICPHOTOS/AFP

Tveir menn ákærðir fyrir margvísleg brot:

# Réðust á tvo lögreglumenn

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært mann á þrítugsaldri fyrir að skalla lögreglumann, sem var við skyldustörf í Bankastræti, í ennið. Maðurinn játaði sök fyrir dómara í gær. Annar maður var einnig ákærður fyrir ofbeldi gegn lögreglumanni við skyldustörf. Hann mætti ekki við þingfestingu málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Fyrrnefnda manninum var gefið að sök, auk árásarinnar á lögreglumanninn, að hafa haft á sér 4,4 grömm af amfetamíni, sem lögregla fann á honum við leit. Nokkru síðar tók lögregla manninn með amfetamín og marijúana. Þá var maðurinn ákærður fyrir að hafa í nokkur skipti stolið eldsneyti fyrir rúmlega fimmtíu þúsund krónur. Hann játaði stuldinn.

Hinn, sem ekki mætti, var ákærður fyrir að hafa veist að lögreglumanni með ofbeldi á sama stað og tíma og félagi hans. Hann sló á hendur lögreglumannsins, á vinstri vanga hans og reyndi að slá og sparka í hann. Þá kleip maðurinn ítrekað í læri og hendur lögreglumannsins, eftir að hann hafði verið handtekinn.

Hann er jafnframt ákærður fyrir að hafa verið með amfetamín á staðnum, svo og fleiri fíkniefnabrot. Þá er hann ákærður fyrir tvö þjófnaðarbrot. - jss



**LÖGREGLAN** Mennirnir réðust á sama stað og tíma á tvo lögreglumenn.

Fékk sextán ár fyrir morð:

# Myrti ólétta egypska konu

**ÞÝSKALAND, AP** Rússneskur innflytjandi var fundinn sekur um að hafa stungið barnshafandi konu til bana í sumar og var dæmdur í lífsstíðarfangelsi fyrir ódæðið í Dresden í Þýskalandi í gær.

Maðurinn heitir Alexander Wiens og er 28 ára. Konan, sem hét Marwa al-Sherbini og af egypsku bergi brotin, kærði Wien í sumar eftir að hann gerði grín að þjóðerni hennar. Þegar mál þeirra var tekið fyrir í Dresden í júlí réðst hann á hana með hnífi og stakk hana átján sinnum. Al-Sherbini var komin þrjá mánuði á leið er hún lést. Mikil öryggisgæsla við dómshúsið í gær. - jab

Reynsla sjómanna kortlögð:

# Sjómenn stofna til aflaráðgjafar

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** **Landssamband smábátaeigenda (LS) ætlar að beita sér fyrir stofnun aflaráðgjafarnefndar sjómanna.**

**Nefndinni er ætlað að gera rökstudda ráðgjöf um heildarafla byggða á reynsluheimi sjómanna sem veitt yrði samhliða ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar.**

**Ætlunin er að samhliða upplýsingagjöf sjómanna verði byggður upp gagnagrunnur í samvinnu við háskólasamfélagið sem með árunum geri nefndina færari um að meta burðarþol fiskistofnanna.**

**Aðalfundur LS kaus þriggja manna nefnd til að vinna að málefninu. Nú þegar hafa Sjómannasamband Íslands og Félag skipstjórnarmanna tekið jákvætt í stofnun nefndarinnar.** - shá

Heilsuparadísin Ísland:

# Rætt um forvarnir og lífsstíl

**FÓLK** Þekktustu vísindamenn þjóðarinnar á sviði heilsu, læknisfræði, næringar, íþrótta og fleiri greina eru í hópi frummælenda á einni viðamestu ráðstefnu um forvarnir og lífsstíl sem haldin verður á Grand hóteli í Reykjavík um helgina. Þetta er umfangsmesta ráðstefna af þessu tagi sem haldin hefur verið hér á landi.

Á meðal mála sem rædd verða er möguleiki Íslands á því að verða alþjóðleg heilsuparadís í framtíðinni.

Heiðursgestur er Nóbelsverðlaunahafinn dr. Louis Ignarro, prófessor í lyfjafræði við Læknaháskóla UCLA í Bandaríkjunum.

Undirbúningur ráðstefnunnar hefur staðið yfir í hálft ár en þar verður fjallað ítarlega um helstu sjúkdóma mannsins og hvernig þeir tengjast lífsstíl hans. - jab

# Þingkona vill náttúruminjar færðar í Þjóðmenningarhús

**Menntamálaráðherra telur nauðsynlegt að leyst verði úr húsnæðisvanda Náttúruminjasafnsins. Siv Friðleifsdóttir spyr hvort Þjóðmenningarhúsið komi til greina. Starfshópur ríkis og borgar vinnur að málinu.**

**SAFNAMÁL** Siv Friðleifsdóttir, alþingismaður Framsóknarflokksins, vill að Náttúruminjasafnið fái inni í Þjóðmenningarhúsinu, þar sem safnið hóf starfsemi sína á 19. öld. Siv gerði málefni safnsins að umtalsefni á Alþingi í gær og í umræðum kom fram eindreginn vilji þingmanna til að ráða bót á húsnæðisvanda safnsins.

Siv beindi þeirri spurningu til Katrínar Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, í fyrirspurnartíma á Alþingi í gær hvort unnið væri að því að leysa húsnæðisvanda Náttúruminjasafns Íslands, sem er eitt þriggja höfuðsafna landsins. „Nú er svo komið að safnið er í kössum og það er ólíklegt að við munum byggja nýtt húsnæði undir safnið eins og ástandið er í samfélaginu í dag. Þess vegna er spennandi að vita hvort ekki er hægt að setja safnið upp í húsnæði sem þegar er til staðar. Þá beini ég augum mínum til Þjóðmenningarhússins,“ sagði Siv.



**SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR**

Menntamálaráðherra tók undir að nauðsynlegt væri að leysa úr húsnæðisvanda safnsins og búið væri að endurvekja starfshóp á vegum ríkis og borgar í því augnamiði. Hún sagði fyrirspurn Sivjar sannarlega eiga erindi enda hefði aldrei verið almennilega búið að Náttúruminjasafninu. Hún tók þó ekki undir hugmynd um að Þjóðmenningarhúsið yrði nýtt undir safnið enda væri húsið í fullri notkun. „Ég get hins vegar sagt að við erum tilbúin að skoða ýmsa möguleika til þess að nemendur og aðrir fái sem fyrst aðgang að náttúruminjum landsins og góðum og fræðandi sýningum um þessi efni.“

Fréttablaðið fjallaði um málið í byrjun september. Helgi Torfason safnstjóri sagði þá að á stuttum tíma hefðu málefni Náttúruminjasafnsins þróast frá því að reisa ætti glæsilegt safnahús, til þess að nú yrði líklega ekki starfrækt safn á næstu árum. Þetta kæmi ljóslega fram í niðurskurði á fjárlögum þar sem framlög til safnsins væru skorin niður um fjórðung.

Með setningu laga um Náttúruminjasafn Íslands 2007 lauk hlutverki þess sem sýningarsafns á vegum Náttúrufræðistofnunar. Því var svo lokað vorið 2008. Höfuðsöfn eru skilgreind í Safnalögum. Þau eru Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands.

svavar@frettabladid.is



**ÞJÓÐMENNINGARHÚSIÐ** Blómaskeið sýninga á náttúruminjum var frá 1908 til 1960 þegar safnið var hér til húsa, í Safnahúsinu eins og það var nefnt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heimilistækjadögum lýkur um helgina

Allt að 50% afsláttur af ÖLLUM heimilistækjum

byggtogbúið
KRINGLUNNI Sími 568 9400 | www.byggtogbuid.is

Nýtt kortatímabil

# SANNKÖLLUÐ LEIKHÚSVEISLA

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

## BRENNUVARGARNIR
Eggert Þorleifsson, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Björn Thors og Magnús Jónsson í einu af frægustu leikritum 20. aldarinnar.
**** Fréttablaðið, EB

## UTAN GÁTTA
Besta leiksýning ársins. Sex Grímuverðlaun.
„Dásamlegt verk, fyndið og furðulegt" TMM, SA
**** DV, JVJ.
Allra síðustu sýningar!

## OLIVER!
Einn vinsælasti söngleikur allra tíma.
Æsispennandi fjölskyldusýning með dásamlegri tónlist
**Frumsýning á annan í jólum.**







## SINDRI SILFURFISKUR
Yndislegt nýtt barnaleikrit eftir Áslaugu Jónsdóttur í leikstjórn Þórhalls Sigurðssonar.
Gullmoli fyrir augu, eyru og ímyndunaraflið.
„Ekki missa af Sindra Silfurfiski í Kúlunni!"
Pressan.is, KBH











## VÖLVA
Göldróttur leikhússeiður eftir Pálínu Jónsdóttur og Walid Breidi byggður á Völuspá. Tónlist eftir Skúla Sverrisson.
„Nautn fyrir fegurðarskynið"
Pressan.is, BS

## LEITIN AÐ JÓLUNUM
Fimmta árið í röð ferðumst við inn í ævintýraveröld jólanna og leikurinn berst út um allt leikhúsið. Aðventuævintýri sem kemur öllum í hið eina sanna jólaskap.
**Leitin að jólunum fékk Grímuverðlaun sem besta barnasýning ársins.**

## KARDEMOMMUBÆRINN
Allra, allra, allra síðustu tækifæri til að sjá þessa sprellfjörugu sýningu.

## FRIDA... viva la vida
Litrík og heillandi sýning um líf og list Fridu Kahlo.
**Aukasýningar lau. 14. nóv. kl. 16 og fim. 19. nóv. kl. 20.**

Sjáðu með þínum eigin augum

**KARDEMOMMUBÆRINN** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 15/9 kl. 14:00 | U | Mið 18/11 kl. 18:00 | Ö | Sun 29/11 kl. 17:00 | U |
| Sun 15/9 kl. 17:00 | U | Sun 22/11 kl. 14:00 | U | | |
| Þri 17/11 kl. 18:00 | Ö | Sun 22/11 kl. 17:00 | U | | |

Sýningum lýkur 29. nóvember!

**FRIDA... viva la vida** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 14/11 kl. 16:00 | Ö | Lau 14/11 kl. 20:00 | U | Fim 19/11 kl. 20.00 | |

Allra síðasta sýning 19. nóvember!

**BRENNUVARGARNIR** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 12/11 kl. 20:00 | U | Fös 20/11 kl. 20:00 | Ö | Fös 27/11 kl. 20:00 | Ö |
| Fös 13/11 kl. 20:00 | U | Lau 21/11 kl. 20:00 | Ö | Lau 28/11 kl. 20:00 | Ö |

Nýjar sýningar í nóvember komnar í sölu

**OLIVER!** (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 26/12 kl. 20:00 | U | Þri 29/12 kl. 20:00 | Ö | Lau 2/1 kl. 20:00 | Ö |
| Sun 27/12 kl. 16:00 | Ö | Mið 30/12 kl. 20:00 | Ö | Sun 3/1 kl. 16:00 | Ö |
| Sun 27/12 kl. 20:00 | Ö | Lau 2/1 kl. 16:00 | Ö | Sun 3/1 kl. 20:00 | Ö |

Miðasala hafin!

**UTAN GÁTTA** (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 14/11 kl. 17:00 | Ö | Lau 14/11 kl. 20:00 | Ö | Fim 19/11 kl. 20:00 | Ö |

Missið ekki af þessari – allra síðustu sýningar!

**VÖLVA** (Kassinn)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fim 12/11 kl. 20:00 | U | Þri 17/11 kl. 20:00 | Ö | Fim 20/11 kl. 20:00 | Ö |

Síðasta sýning 20. nóvember!

**SINDRI SILFURFISKUR** (Kúlan)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 14/11 kl. 13:30 | | Sun 15/11 kl. 15:00 | U | Sun 22/11 kl. 13:30 | |
| Lau 14/11 kl. 15:00 | Ö | Lau 21/11 kl. 13:30 | | Sun 22/11 kl. 15:00 | |
| Sun 15/11 kl. 13:30 | Ö | Lau 21/11 kl. 15:00 | | Fös 27/11 kl. 13:30 | |

Miðaverð aðeins 1500 kr.

**LEITIN AÐ JÓLUNUM** (Leikhúsloftið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Lau 28/11 kl. 11:00 | | Sun 29/11 kl. 11:00 | | Lau 5/12 kl. 11:00 | Ö |
| Lau 28/11 kl. 13:00 | | Sun 29/11 kl. 13:00 | Ö | Lau 5/12 kl. 13:00 | U |
| Lau 27/12 kl. 14:30 | | Sun 29/11 kl. 14:30 | Ö | Lau 5/12 kl. 14:30 | Ö |

Miðasala hafin – tryggið ykkur sæti!

Hringdu í síma **551 1200** eða smelltu þér á **leikhusid.is**



**SKEMMTA SÉR Í ÖLPUNUM** Nokkrir krakkar í skíðabænum Laux í frönsku Ölpunum notuðu tækifærið og skemmtu sér á skíðum þegar svæðið var opnað eftir mikla snjókomu. NORDICPHOTOS/AFP

Dómsmálaráðherra vill nýta þær heimildir sem til staðar eru:

# Vinnuhópur gegn glæpastarfsemi

**LÖGGÆSLA** Ragna Árnadóttir, dómsmála- og mannréttindaráðherra, hefur sett á fót vinnuhóp. Hann skal kanna hvaða möguleikar séu fyrir hendi innan gildandi laga og alþjóðlegs samstarfs til að efla eftirlit með útlendingum og tryggja að verið sé að nýta þær heimildir sem til staðar eru til þess að uppræta skipulagða glæpastarfsemi hér á landi. Þá er bæði átt við þá útlendinga sem njóta réttar um frjálsa för samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og þá sem ekki njóta þess réttar. Meðal annars verður skoðað hvort unnt sé að taka upp tímabundið vegabréfseftirlit eða ókerfisbundið eftirlit bæði á landamærum og innan þeirra og er hópnum falið að koma með tillögur um úrbætur.

Í vinnuhópnum eiga sæti Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri á Suðurnesjum, sem jafnframt er formaður hans, Guðbrandur Guðbrandsson, lögreglufulltrúi hjá ríkislögreglustjóra, Þorsteinn Gunnarsson, forstöðumaður hjá Útlendingastofnun, Jóhann Karl Þórisson, aðalvarðstjóri hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, og Jón Pétur Jónsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglustjóranum á Suðurnesjum. - jss



**DÓMSMÁLARÁÐHERRA** Ragna Árnadóttir hefur skipað fimm manna vinnuhóp.

Frjálshyggjufélagið um skatta:

# Tilræði við fólk

**STJÓRNMÁL Frjálshyggjufélagið harmar hugmyndir ríkisstjórnarinnar um hækkun tekjuskatts.**

**Í tilkynningu frá félaginu segir að aukin skattheimta hafi bein áhrif á hegðun og frumkvæði þess sem fyrir verður og hún sögð drepa vinnusemi í dróma og sljóvga frumkvæði. Stóraukin skattheimta sé tilræði við fólkið í landinu.**

**Frjálshyggjufélagið bendir stjórnvöldum á að forsætisráðherra Svíþjóðar hafi lagt til miklar lækkanir á tekjuskatti til að vinna bug á kreppunni þar í landi. Sú leið sé álitleg hafi þau raunverulegan áhuga á að leiða þjóðina út úr efnahagsþrengingunum.** - bþs






**FYRIR DÓM** Mennirnir fimm voru leiddir fyrir dómara í gær, sem féllst á kröfu lögreglustjórans á Suðurnesjum um framlengingu gæsluvarðhalds þeirra.

# Þekktir fyrir ofbeldisverk hér á landi

**Nokkrir af Litháunum sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar lögreglu á skipulagðri glæpastarfsemi eru þekktir að ofbeldisverkum hérlendis. Gæsluvarðhald þeirra var framlengt um þrjár vikur í gær.**

**LÖGREGLUMÁL** Menn í hópi fimm Litháa sem enn sitja í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar lögreglu á skipulagðri glæpastarfsemi hér, þar á meðal mansali, eru þekktir að ofbeldisverkum hér á landi. Fimmmenningarnir voru í gær úrskurðaðir í Héraðsdómi Reykjaness í áframhaldandi gæsluvarðhald til 2. desember eða í þrjár vikur til viðbótar, að kröfu lögreglustjórans á Suðurnesjum.

Sumir mannanna eru tengdir við árás á óeinkennisklæddan lögreglumann sem var við fíkniefnaeftirlit á Laugavegi í janúar 2008. Þá veittist hópur manna að honum. Hann var ítrekað sleginn, meðal annars í höfuðið, og sparkað í höfuð hans að minnsta kosti tvisvar eftir að hann var felldur í götuna. Við þetta hlaut lögreglumaðurinn heilahristing og sár víðs vegar á líkamanum.

Þá tengjast sumir þeirra sem inni sitja hrottalegri líkamsárás í húsi við Grettisgötu í byrjun júní. Sá sem ráðist var á hlaut lífshættulega áverka af árásinni, sem stóð yfir heila nótt. Hann þurfti að vera um skeið í öndunarvél.

Þriðja líkamsárásin þar sem sumir fimmmenninganna koma við sögu var í Smáíbúðahverfinu í Reykjavík, einnig í júní. Þá var ráðist á mann og hann illa leikinn. Hann hlaut brot í andliti og marga langa og gapandi skurði á höfði. Auk þess var hann með ýmiss konar áverka á höfði, brjóstkassa og útlimum.

Gæsluvarðhald yfir fimmmenningunum var í gær framlengt um þrjár vikur, eins og áður sagði. Þeir hafa kært úrskurðinn til Hæstaréttar.

Íslendingi sem setið hefur í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar lögreglu, var hins vegar sleppt, þar sem ekki var gerð krafa um framlengingu yfir honum. Hann hafði haft ýmis tengsl við fimmmenningana. Meðal annars höfðu þrír þeirra unnið hjá fyrirtæki sem hann rekur.

Upphaf þessarar umfangsmiklu rannsóknar má rekja til þess er nítján ára litháísk stúlka kom hingað til lands með flugi frá Varsjá í Póllandi fyrir nokkrum vikum. Hún trylltist á leiðinni í vélinni og var handtekin við komuna til landsins. Grunur vaknaði um að hún hefði verið flutt til landsins sem fórnarlamb mansals og fóru fram handtökur í framhaldi af því. Rannsókn lögreglu hefur undið umtalsvert upp á sig og teygir nú anga sína víða.



# Jólatilboðin í Betra BAK




# Allt að 30% afsláttur

Yfir 20.000 íslendingar sofa á Tempur heilsudýnu
Yfir 50.000 íslendingar sofa á Tempur heilsukodda

**Chiro Collection heilsurúm**
30% afsláttur



**Tempur Spring heilsurúm**
25% afsláttur



**Stillanleg heilsurúm**
20% afsláttur



AÐEINS FRÁ TEMPUR® ÓSVIKIÐ TEMPUR® EFNI

CERTIFIED SPACE TECHNOLOGY

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Betra BAK

# GÓÐAR

## Frá og með morgundeginum verður Fréttablaðið aðgengilegt hringinn í kringum landið.

Frídreifing verður áfram á höfuðborgarsvæðinu, suðvestur-horninu, Akranesi, Reykjanesi, Akureyri, í Borgarnesi og Árborg.

Nú verður Fréttablaðið líka aðgengilegt í öllum öðrum landshlutum og fæst í lausasölu á kostnaðarverði.

Þeir sem hafa áhuga á að fá blaðið til sölu á kostnaðarverði vinsamlegast hafið samband við Pósthúsið í síma 585 8300.

## Hér færðu Fréttablaðið á kostnaðarverði:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Ásbyrgi** | Verslunin Ásbyrgi ehf | **Hvolsvöllur** | N1 | **Sauðárkrókur** | N1 – Shell skáli |
| **Baula** | Verslun | **Höfn** | Olís – N1 | **Siglufjörður** | Olís |
| **Blönduós** | N1 – Potturinn og pannan | **Ísafjörður** | N1 | **Skagaströnd** | Olís |
| **Dalvík** | Olís – N1 | **Kópasker** | Búðin Kópasker | **Staðarskáli** | N1 |
| **Egilsstaðir** | N1 | **Laugavatn** | Tjaldmiðstöðin | **Stykkishólmur** | Bónus – Olís – Bakarí |
| **Eskifjörður** | Shell skáli Kría veitingastaður | **Neskaupstaður** | Olís | **Stöðvarfjörður** | Brekkan veitingastaður |
| **Fellabær** | Olís | **Ólafsfjörður** | Olís | **Vestm.eyjar** | N1 |
| **Hella** | Olís | **Ólafsvík** | N1 – Olís | **Víðigerði** | Verslunin Víðigerði |
| **Hellissandur** | Hraðbúð N1 | **Raufarhöfn** | Verslunin Urð | **Vík** | N1 |
| **Húsavík** | Olís – N1 | **Reyðarfjörður** | Olís – N1 | **Vopnafjörður** | N1 |
| **Húsavík** | Shell skáli | **Rif** | Umboð Shell / Tandur | **Þórshöfn** | N1 |

# FRÉTTIR!







Hægt er að fá Fréttablaðið sent frítt í tölvupósti á morgnana eða nálgast það á Visir.is.

Allt sem þú þarft...



**SNJÓR Í KÍNA** Morgun einn nú í vikunni blasti við ljósmyndara í Peking sjón sem Íslendingum ætti að vera kunnugleg: maður að skafa snjó af bílnum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir karlmenn handteknir með fíkniefni, fjármuni, vopn og þýfi í fórum sínum:

# Dópsalar földu hátt í milljón

**LÖGREGLUMÁL** Fíkniefni, nær milljón í peningum og vopn fundust við húsleit í íbúð í Reykjavík síðdegis í fyrradag. Um var að ræða um fjörutíu grömm af hreinu amfetamíni, tíu grömm af hassi, þó nokkuð af sterum, marijúana og e-töflur. Á sama stað var einnig lagt hald á töluvert af peningum sem grunur leikur á að séu tilkomnir vegna fíkniefnasölu. Um 650 þúsund krónur reyndust faldar víðs vegar um íbúðina. Þar var einnig að finna loftskammbyssu, sveðju og hnífa og var það tekið í vörslu lögreglu. Lagt var hald á fleiri muni, sem taldir eru vera þýfi, svo sem skjávarpi og mikið af tölvubúnaði. Tveir karlmenn um þrítugt voru handteknir í tengslum við rannsókn málsins. Þeir hafa áður komið við sögu hjá lögreglu. Á öðrum þeirra fundust um hundrað þúsund krónur til viðbótar við það sem falið var í íbúðinni. Mennirnir voru yfirheyrðir í gær. Við aðgerðina, sem var samvinnuverkefni lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri, naut lögregla aðstoðar sérsveitar ríkislögreglustjóra.

Lögreglan biður fólk um að hafa augun opin og koma upplýsingum um fíkniefnamál á framfæri. Sem fyrr er minnt á fíkniefnasímann 800-5005. - jss



**AMFETAMÍN** Mennirnir voru með um fjörutíu grömm af hreinu amfetamíni í fórum sínum.

Tæplega tvítug stúlka:

## Lét greipar sópa í verslunum

**DÓMSMÁL** **Tæplega tvítug stúlka hefur verið dæmd í sextíu daga skilorðsbundið fangelsi, 150 þúsund króna sekt og til sviptingar ökuréttar í tólf mánuði fyrir ýmis brot.**

**Stúlkan stal matvöru, þar á meðal tveimur hamborgarahryggjum. Þá stal hún fatnaði, svo sem gallabuxum og snyrtivörum.**

**Loks ók hún bifreið undir áhrifum fíkniefna og án ökuréttinda.**

**Við ákvörðun refsingar stúlkunnar var litið til þess að hún er ung að árum og hefur játað brot sín greiðlega.** - jss

Nefndarskipan gagnrýnd:

## Vilja fulltrúa sinn í nefnd

**SVEITASTJÓRNARMÁL** Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sent fjármálaráðherra bréf þar sem lýst er undrun yfir því að sveitarfélögin skuli ekki hafa átt fulltrúa í nefnd um umhverfisgjöld tengd ferðaþjónustu.

Nefndinni er ætlað að kanna grundvöll þess að leggja á gjöld sem renni til uppbyggingar þjóðgarða og annarra fjölsóttra og friðlýstra áningarstaða ferðamanna og til eflingar ferðaþjónustu.

Í bréfi sambandsins til fjármálaráðherra segir að ljóst megi vera að útfærsla á mögulegum leiðum til gjaldtöku skipti sveitarfélögin miklu máli.

Eins að fjármunum verði ekki eingöngu varið til þess að fjármagna verkefni sem eru á forræði ríkisins. - shá

Fjárhagsáætlun og leikskólar:

## Foreldrar funda um stöðu mála

**LEIKSKÓLAMÁL** **Samráðsfundur með foreldrum leikskólabarna og leikskólasviðs Reykjavíkur er boðaður í dag klukkan 17.15.**

**Á fundinum verður fjallað um grunnforsendur og markmið í starfs- og fjárhagsáætlun 2010.**

**Ragnar Sær Ragnarsson, formaður leikskólaráðs, og Hildur Skarphéðinsdóttir, skrifstofustjóri á leikskólaskrifstofu, munu halda stutt erindi, en síðan verða umræður.**

**Sérstaklega er leitað eftir þátttöku fulltrúa í foreldraráðum og foreldrafélögum leikskólanna að því er fram kemur á heimasíðu Reykjavíkurborgar.**

**Fundurinn verður haldinn í sal Miðbæjarskólans að Fríkirkjuvegi 1.** - sbt

# Sjómannaafslátturinn ekki til tals við fjárlagagerðina

**Spurt er hvort eðlilegt sé að ríkið greiði niður launakostnað útgerðarinnar í formi sjómannaafsláttar. Framkvæmdastjóri BHM segir fráleitt að hátekjumenn njóti skattafríðinda á niðurskurðartímum.**

**SKATTAMÁL** Guðbjartur Hannesson, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður fjárlaganefndar, segir að afnám sjómannaafsláttar hafi ekki komið til umræðu í fjárlagavinnu fyrir árið 2010.



**GUÐBJARTUR HANNESSON**

Þeirri hugmynd hefur verið fleygt oftar en einu sinni að undanförnu að eðlilegt væri að létta útgjöldum, sem námu 1,1 milljarði í fyrra, af ríkissjóði með afnámi eða tilfærslu sjómannaafsláttar. Björn Valur Gíslason, þingmaður Vinstri grænna og varaformaður fjárlaganefndar, gerði svo í byrjun september. Stefán Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna, gerir slíkt hið sama.

Stefán segir það með öllu ástæðulaust, og í raun fráleitt, að ríkið sé að niðurgreiða launakostnað útgerðarinnar. Sérstaklega hljóti menn að líta til þessa þegar niðurskurðarhnífurinn er á lofti um allt samfélagið og laun séu lækkuð á almenna markaðnum jafnt sem hjá ríkinu. „Þetta er einfaldlega spurning um skattalagabreytingu. Þetta er svipuð upphæð og verið er að skera niður hjá Fæðingarorlofsjóði og menn eru að eltast við miklu lægri upphæðir en þetta í fjárlagavinnunni."

Stefán telur það einnig koma til greina að tekjutengja sjómannaafsláttinn eins og hverjar aðrar bætur. „Þá myndi greiðsla afsláttarins lækka í hlutfalli við tekjur.



**Á VEIÐUM** Sjómannaafsláttur kom til árið 1954. Skattaívilnunin átti að hvetja menn til að fara til sjós. Afslátturinn hefur alltaf verið umdeildur. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

### SJÓMANNAAFSLÁTTUR Í SKATTALÖGUM

Maður, sem stundar sjómennsku á íslensku skipi eða skipi sem gert er út af íslensku skipafélagi, skal njóta sérstaks afsláttar, sjómannaafsláttar, sem koma skal til frádráttar reiknuðum tekjuskatti af þeim launum sem hann hafði fyrir sjómannsstörf.

Rétt til sjómannaafsláttar hafa þeir sem stunda sjómennsku og lögskráðir eru í skipsrúm á fiskiskipi. Sama rétt skulu þeir menn eiga sem ráðnir eru sem fiskimenn eða stunda fiskveiðar á eigin fari þótt ekki sé skylt að lögskrá þá.

Enn fremur eiga rétt til sjómannaafsláttar lögskráðir sjómenn sem starfa á varðskipi, rannsóknaskipi, sanddæluskipi, ferju eða farskipi sem er í förum milli landa eða er í strandsiglingum innan lands.



**VILHJÁLMUR EGILSSON**



**STEFÁN AÐALSTEINSSON**

Það verður jú að hafa hugfast að tekjur sjómanna eru misjafnlega góðar."

Guðbjartur Hannesson bendir á að sjómannaafslátturinn sé kjarasamningsbundin réttindi og ljóst að útgerðarmenn verði að taka á sig greiðslu sjómannaafsláttar verði hann færður frá ríkinu. „Þetta var upphaflega frágangur kjarasamnings þar sem ríkið lagði til vissa upphæð til að liðka fyrir samningum. Ef menn ætla að taka þetta út verður útgerðin að taka þetta á sig."

Það er kunnara en frá þurfi að segja að útgerðarmenn og sjómenn hafa aftekið með öllu að hróflað verði við sjómannaafslættinum í þeirri mynd sem hann er. Útgerðarmenn eru ekki til viðtals um að taka á sig kostnaðinn og sjómenn hafa sagt fráleitt að stjórnvöld hafi bein afskipti af kjörum einnar stéttar með þessum hætti.

Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir ekki koma til greina að breyta sjómannaafslættinum. Hugmyndin hafi lauslega verið rædd í hans eyru en „aldrei verið sett niður á blað með formlegum hætti". svavar@frettabladid.is





» Rödd skynseminnar

Þú flýgur ekki eftir á!

» Evrópa frá:
14.900 kr.
Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

» Bandaríkin frá:
24.900 kr.
Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

Við hjá Iceland Express erum ekkert að velta okkur upp úr fortíðinni heldur kappkostum á hverjum degi að bjóða **samkeppnishæft verð.**

Allt frá byrjun hefur **Iceland Express** veitt **stöðuga samkeppni** og haldið öðrum á markaðnum við efnið. Við sýnum **aðhald í rekstri** en gætum þess alltaf að halda þjónustustiginu háu.

**Bókaðu flug til Evrópu eða Bandaríkjanna á www.icelandexpress.is**

Iceland Express með ánægju

www.icelandexpress.is

Fíton/SÍA F103120


Fyrsta byssan þín ?
Gott úrval - Gott verð - Góð kjör
Norinco JW15 A. 22 lr. riffill
Boltalás og 10 skota magasín. Ásettur og grófstilltur Norconia 6x40 sjónauki. Tilboðsverð aðeins 46.900 stgr.
Savage Mark II BTVS. 22 lr. riffill
Boltalás og 5 skota magasín.
Ryðfrítt þungt hlaup. Límtrésskefti með "thumbhole" Einnig fáanlegur í vinstri handar útgáfu. Accutrigger. Verð aðeins 99.900. Veldu um 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar raðgreiðslur í allt að 6 mánuði. Aðeins 17.149 á mánuði.
Savage Mark II FV. 22 lr. riffill
Boltalás og 5 skota magasín.
Svart plastskefti og þungt hlaup. Accutrigger.
Verð aðeins 64.900. Veldu um 5% staðgreiðslu afslátt eða vaxtalausar raðgreiðslur í allt að 6 mánuði. Aðeins 11.141 á mánuði.
Savage Mark II BV. 22 lr. riffill
Boltalás og 5 skota magasín.
Blámað þungt hlaup. Brúnt límtrésskefti. Accutrigger.
Verð aðeins 89.900. Veldu um 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar raðgreiðslur í allt að 6 mánuði. Aðeins 15.433 á mánuði.
Savage Mark II XP Camo. 22 lr. riffill
Boltalás og 5 skota magasín.
Mossy Oak Brush Camo. Accutrigger. Ásettur og grófstilltur 4x32 sjónauki.
Verð aðeins 99.900. Veldu um 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar raðgreiðslur í allt að 6 mánuði. Aðeins 17.149. á mánuði.
Savage 93 R17 XP Camo. 17 HMR riffill
Boltalás og 5 skota magasín.
Real Tree Snow Camo. Accutrigger. Ásettur og grófstilltur 3-9x40 sjónauki. Verð aðeins 99.900. Veldu um 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar raðgreiðslur í allt að 6 mánuði. Aðeins 17.149 á mánuði.
Stoeger P350 Synthetic
Pumpulás. Einhver vinsælasta byrjendabyssan undanfarin ár. Tekur öll skot. 26" hlaup, snúningsbolti. Byggð á hönnun Benelli Nova. 3 þrengingar.
Fullt verð 72.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 12.515 á mánuði vaxtalaust.
Escort MarineGuard
Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. Ólarfestingar og skeftishallaplötur fylgja. Fastþrengd. Framsigti á hlaupi.
Fullt verð 62.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 10.798 á mánuði vaxtalaust.
Stoeger P350 Camo
Pumpulás. Einhver vinsælasta byrjendabyssan undanfarin ár. Tekur öll skot. 26" hlaup, snúningsbolti. Byggð á hönnun Benelli Nova. 3 þrengingar.
Fullt verð 79.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 13.716 á mánuði vaxtalaust.
Optima Silver Select
Yfir / Undir tvíhleypa. Tekur 2 ¾" og 3" skot. 28" hlaup. Valin hnota í skeftum, bakslagsdempari, útdragari og skiftanlegar þrenginar. Einn gikkur og val á milli hlaupa.
Fullt verð 129.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 22.299 á mánuði vaxtalaust.
Stoeger SP312
Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. 26" hlaup. Fastþrengd.
Fullt verð 65.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða.Aðeins 11.313 á mánuði vaxtalaust.
Escort Fieldhunter
Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. Ólarfestingar og skeftishallaplötur fylgja. Skiftanlegar þrengingar.
Fullt verð 59.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 10.283 á mánuði vaxtalaust.
Escort MarineHunter
Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. Ólarfestingar og skeftishallaplötur fylgja. Skiftanlegar þrengingar.
Fullt verð 69.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða.Aðeins 11.999 á mánuði vaxtalaust.
Optima B12
Yfir / Undir tvíhleypa. Tekur 2 ¾" og 3" skot. 28" hlaup. Hnotuskefti. Útdragari og skiftanlegar þrengingar.
Fullt verð 96.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 16.634 á mánuði vaxtalaust.
3% lántökugjald er innifalið í mánaðagreiðslu
Munið vinsælu gjafabréfin okkar
Sportúðin - Krókhálsi 5 - 517 8050 - Veiðihornið - Síðumúla 8 - 568 8410 - veidihornid.is - sportbudin.is

# John Allen Muhammed var þögull á dauðastundinni

**Nærri þrjátíu manns fylgdust með þegar leyniskyttan John Allen Muhammad var tekinn af lífi í Bandaríkjunum í fyrrakvöld. Ættingjar fórnarlamba hans fögnuðu. Hópur andstæðinga dauðadóma mótmælti.**

**BANDARÍKIN, AP** John Allen Muhammad sagði ekki orð áður en hann var tekinn af lífi í fangelsinu Greensville í Virginíu í fyrrinótt. Hann er talinn hafa myrt tíu manns í Washington-borg og nágrenni haustið 2002, en hlaut dauðadóm fyrir eitt morðanna.

Tuttugu og sjö manns höfðu safnast saman í aftökusalnum til að fylgjast með, þar á meðal hópur ættingja þeirra sem Muhammad myrti. Sumir þeirra ræddu við fjölmiðla og lýstu ánægju sinni með líflátið.

„Mér líður betur. Ég á auðveldara með að anda,“ sagði Nelson Rivera, en eiginkona hans, Lori Ann Lewis-Rivera, var ein þeirra sem Muhammad myrti haustið 2002. „Ég er ánægður vegna þess að hann á ekki eftir að særa fleiri.“

Öðrum hefði þó fundist betra að Muhammad hefði sagt eitthvað á dauðastundinni.

„Ég hefði kosið að hann hefði einhvern tímann í ferlinu tekið ábyrgð og sýnt iðrun,“ segir Bob Meyers. „Við fengum ekkert slíkt í kvöld.“

Meyers er bróðir Deans Harolds Meyers, mannsins sem Muhammad fékk dauðadóm fyrir að myrða.

Fyrir utan var hins vegar mættur hópur andstæðinga dauðadóma, sem mótmælti aftökunni. Einn þeirra bar skilti, sem á stóð: „Við minnumst fórnarlambanna, en ekki með því að drepa fleiri.“

Muhammad myrti tíu manns úr launsátri á þriggja vikna tímabili þegar hann ferðaðist um svæðið ásamt ungum pilti, Lee Boyd Malvo, á bifreið sem var útbúin þannig að hann gat skriðið aftur í skottið og skotið þaðan út á fólk, án þess að vekja athygli.

Malvo var dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir hlutdeild sína í morðunum.

Enn er ekki alveg ljóst hvað vakti fyrir Muhammad. Malvo segir hann hafa ætlað að krefjast 10 milljóna dala frá stjórnvöldum. Þetta fé hafi hann ætlað að nota til þess að reisa hryðjuverkaþjálfunarstöð fyrir heimilislaus börn í Kanada.

Fyrrverandi eiginkona Muhammads er hins vegar sannfærð um að hann hafi ætlað sér að myrða hana. Með því að myrða fleiri en hana eina hafi hann ætlað að draga úr líkum á því að grunur félli á sig. gudsteinn@frettabladid.is



**ÆTTINGJAR MUHAMMEDS Á BÆN** Muhammed myrti tíu manns í október 2002 ásamt ungum pilti, Lee Boyd Malvo, sem var dæmdur í ævilangt fangelsi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

> Ég hefði kosið að hann hefði einhvern tímann í ferlinu tekið ábyrgð og sýnt iðrun.
>
> **BOB MAYERS**
> BRÓÐIR EINS FÓRNARLAMBA MUHAMMAD



**JOHN ALLEN MUHAMMAD** Leyniskyttan sést hér með lögfræðingum sínum þegar dómurinn var kveðinn upp.



**MEÐ KARTÖFLUKRANS** Stjórnarandstæðingur á Indlandi skreytti sig með harla óvenjulegum kransi, gerðum úr kartöflum, á mótmælasamkomu gegn hækkandi matvælaverði í Nýju Delí um helgina. NORDICPHOTOS/AFP



**ÁNÆGÐUR MEÐ NIÐURSTÖÐUNA** Annar fyrrum sjóðstjóranna var glaður í bragði þegar hann kom út úr dómshúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjóðstjórar sýknaðir vestra:

## Töpuðu á fasteignamarkaði

**VIÐSKIPTI Tveir fyrrverandi sjóðstjórar vogunarsjóða hjá bandaríska fjárfestingarbankanum Bear Stearns voru sýknaðir af ákærum um sviksamlegt athæfi í Bandaríkjunum í fyrradag. Þeim var gefið að sök að hafa falið slæma fjárhagsstöðu sjóðanna.**

**Sjóðirnir fjárfestu á bandarískum fasteignalánamarkaði og fóru á hliðina samhliða verðfalli á markaðnum. Staða þeirra kom ekki í ljós fyrr en bankinn JP Morgan krafðist aukinna veða fyrir lánum.**

**Bear Stearns varð gjaldþrota á vordögum 2008. Við rannsókn á falli bankans kom í ljós að sjóðirnir voru báðir mjög skuldsettir.** - jab

Fjármálanámskeið í dag

Íslandsbanki og Opni háskólinn í Háskólanum í Reykjavík bjóða fjármálanámskeið sem eru opin öllum. Næsta námskeið verður haldið í dag kl. 17-20 í húsakynnum Háskólans í Reykjavík og er aðgangur ókeypis.

Nánari upplýsingar og skráning fer fram á islandsbanki.is eða í síma 599 6319.

OPNI HÁSKÓLINN Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Íslandsbanki

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 09-2002

Veikt pund gott fyrir Bretland:

## Býst við lítilli verðbólgu

**VIÐSKIPTI** Gengi breska pundsins lækkaði um eitt prósent gagnvart helstu viðskiptamyntum landsins í gær eftir að Mervyn King, seðlabankastjóri í Englandsbanka, sagði lágt gengi geta dregið landið upp úr efnahagslægðinni. Ummæli seðlabankastjórans féllu á blaðamannafundi í tilefni af útgáfu ársfjórðungsskýrslu um bresk efnahagsmál í gær.



**MERVYN KING**

King sagði verðbólguþróun mesta óvissuþáttinn í efnahagsspá bankans. Þó væri gert ráð fyrir að hún myndi að mestu liggja undir tveggja prósenta verðbólgumarkmiði bankans næstu þrjú ár. - jab

Framsókn í höfuðborginni:

## Kosið á listann

**REYKJAVÍK Framsóknarmenn ætla að kjósa á milli frambjóðenda á lista flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar í vor á sérstökum kjörfundi laugardaginn 28. nóvember.**

**Þegar hefur verið auglýst eftir frambjóðendum og rennur frestur til að tilkynna framboð út á miðnætti á laugardag.**

**Allir félagsmenn í framsóknarfélögunum í Reykjavík hafa atkvæðisrétt á kjörfundinum.**

**Óskar Bergsson er eini borgarfulltrúi framsóknarmanna í Reykjavík.** - bþs

Heimssýn eftir starfsemi sína:

## Félög stofnuð víða um land

**FÉLAGSMÁL** Aðalfundur Heimssýnar – hreyfingar sjálfstæðissinna í Evrópumálum – verður haldinn á sunnudag.

Meðal ræðumanna verða Styrmir Gunnarsson, fyrrverandi ritstjóri Morgunblaðsins, Brynja Björg Halldórsdóttir sem mun flytja ávarp um unga fólkið og ESB-aðild og Ásmundur Einar Daðason alþingismaður sem fjallar um rök gegn ESB.

Í frétt frá Heimssýn segir að félögum hafi fjölgað nokkuð að undanförnu, nú síðast með stofnun félaga í Þingeyjarsýslum, Húnavatnssýslum og á Suðurnesjum. - bþs

Viðbót við baráttuna gegn innbrotsþjófum:

# Ný þjófafæla er nú fáanleg

**LÖGGÆSLA** „Þjófafælurnar eru farnar að tínast út,“ segir Haukur Hannesson, framkvæmdastjóri verslunarinnar Glóeyjar sem selur nú nýtt tæki í baráttunni við innbrotsþjófa. Þetta er svokölluð FakeTV þjófafæla, sem gefur frá sér sams konar flöktandi birtu og sjónvarpstæki.

Verslunin hóf sölu á þjófafælunum fyrir um það bil hálfum mánuði. Tilgangur þeirra er að fá innbrotsþjófa til að halda að einhver sé heima að horfa á sjónvarpið og fæla þá þannig frá frekari aðgerðum.

Að sögn Hauks er þjófafælan hugsuð sem viðbót við aðrar ráðstafanir til að draga úr hættu á innbrotum.

„Þegar fólk er að heiman er mikilvægt að láta líta út sem einhver sé heima, meðal annars með því að nota tímarofa til að kveikja og slökkva á ljósum,“ segir hann. „Þjófafælan bætir svo um betur og gefur til kynna að einhver sé heima að horfa á sjónvarpið. Áhersla er lögð á að tækið sjálft sjáist ekki utan frá, heldur aðeins sjónvarpsglampinn sem frá því kemur.“

Þjófafælan er með birtuskynjara, sem kveikir sjálfkrafa á tækinu þegar dimmir. Einnig má stilla hana með tímarofa. - jss



**ÞJÓFAFÆLAN** Haukur Hannesson með þjófafælu sem lætur ekki mikið yfir sér.

Höfuðborgarsvæðið:

## Sex handteknir vegna fíkniefna

**LÖGREGLUMÁL** Um kvöldmatarleytið í fyrradag var piltur um tvítugt handtekinn í Háaleitishverfi. Hann var akandi og undir áhrifum fíkniefna. Rétt um ellefuleytið var sautján ára piltur handtekinn í Hafnarfirði en í bíl hans fundust fíkniefni. Skömmu síðar voru tveir karlmenn á fertugsaldri stöðvaðir í Reykjavík. Þeir voru báðir með fíkniefni í fórum sínum.

Tveir menn til viðbótar, annar um fertugt en hinn um sextugt, voru svo handteknir í borginni í fyrrinótt. Þeir eru grunaðir um innbrot og fíkniefnamisferli. - jss

Schengen rætt í þingnefnd:

## Kostir aðildar fleiri en gallar

**ALÞINGI** Málefni Schengen voru rædd á fundi allsherjarnefndar Alþingis á þriðjudag í kjölfar blaðaumfjöllunar um kosti og galla aðildar. Spannst hún af efasemdum sem Lögreglufélag Vestfjarða lýsti í ályktun.



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR**

Að sögn Steinunnar V. Óskarsdóttur, formanns nefndarinnar, er niðurstaðan sú að kostirnir séu fleiri en gallarnir.

Sérfræðingar voru fengnir til álitsgjafar og bentu þeir á gagnsemi gagnabanka sem Schengenaðild fylgir. Þeir veiti lögreglu aðgang að upplýsingum um brotamenn í öðrum ríkjum sem gefi færi á að hafa eftirlit með viðkomandi. - bþs

Árásarmaður ákærður:

## Datt á lögregluþjón í blómabeði

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann á þrítugsaldri fyrir brot gegn valdstjórninni.

Manninum er gefið að sök að hafa ráðist með ofbeldi gegn lögreglumanni sem var að gegna skyldustörfum á Lækjartorgi í Reykjavík. Maðurinn tók lögreglumanninn hálstaki. Við það féll lögreglumaðurinn í blómabeð og árásarmaðurinn féll ofan á hann.

Atvikið átti sér stað aðfaranótt sunnudagsins 21. desember á síðasta ári. - jss

Vöruverðskönnun ASÍ:

## Ódýrara í Hlíðarkaupum en í Kaupfélaginu

**VERSLUN** Hagkvæmara er að versla í Hlíðarkaupum á Sauðárkróki en í verslun Kaupfélags Skagfirðinga, Skagfirðingabúð, samkvæmt nýlegri verðkönnun ASÍ.

Vörukarfan kostaði 11.459 krónur í Hlíðarkaupum en 12.084 krónur í Skagfirðingabúð. Sama karfa kostaði 9.161 krónu í Bónus á Akureyri og 9.911 krónur í Nettó á Akureyri.

Í ljósi niðurstöðunnar telur ASÍ fulla ástæðu fyrir neytendur í Skagafirði að vega vel og meta hvort það standi undir kostnaði að keyra langar vegalengdir til að kaupa í matinn. - bþs

**SAMGÖNGUR**

### Flest flugslys í Afríku

Þriðjungur allra flugslysa í heiminum verður í Afríku, að því er fram kom á þriggja daga fundi um flugöryggismál í höfuðborg Tógó og greint er frá í tímariti Þróunarsamvinnustofnunar.



„ORÐRÉTT“

*Engar fréttir, góðar fréttir*

**„Ekkert hefur breyst hjá okkur. Ég hef ekki orðið var við það.“**

JÓHANNES JÓNSSON, KENNDUR VIÐ BÓNUS.
Fréttablaðið, 11. nóvember.

*Brj(m)álæði*

**„Þetta kallar þingmaðurinn brjálaða leið sem mér finnst dálítið merkilegt þegar við erum að tala um þrepaskipt skattkerfi eins og hin brjáluðu Norðurlönd hafa til dæmis gert.“**

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR, MENNTAMÁLARÁÐHERRA.
Morgunblaðið, 11. nóvember

# tilveran
*nær og fjær*

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? ERLA ÍVARSDÓTTIR Á GEIRLANDI

## Sitjum ekki auðum höndum

„Það er allt fínt að frétta úr þessari sveit,“ segir Erla Ívarsdóttir á Geirlandi. „Síðustu helgi var Safnahelgi á Suðurlandi um allt Suðurland og líka hér hjá okkur. Kirkjubæjarstofa stóð fyrir þessu hér á svæðinu og var með sýningu. Það var hægt að hittast á bókasafninu og hlusta á upplestur. Síðan var kórsöngur og fyrirlestrar um fornminjar sem verið er að skoða hér og um gamla sagnahefð hér í Skaftafellssýslu sem er gersamlega frábær. Um daginn var kaffi með þjóðlegu meðlæti og villibráðarveisla um kvöldið,“ segir Erla um viðburðina um síðustu helgi.

Helgina þar á undan var uppskeruhátíð í Skaftárhreppi. „Þá opnuðu fyrirtæki og bændur í sveitinni dyr sínar og það var hægt að kíkja og skoða hvað væri um að vera. Boðið var upp á ýmsar veitingar og laugardagurinn endaði með góðu kvöldi á Hótel Kirkjubæjarklaustri. Á sunnudeginum var messað í Skaftártungu og haldið bögglauppboð. Þannig að við sitjum ekki auðum höndum hérna í sveitinni,“ segir Erla sem kveður haustið þar eystra hafa verið afar gott með yndislegu veðri: „Það er gott fyrir alla, bæði fólk og fénað. Það gengur sem sagt allt vel og ég held að það séu bara allir ánægðir með það.“



## FRÓÐLEIKUR
### STYSTA ÁRIÐ

Árið 1700 var styttra en önnur ár Íslandssögunnar. Nóvembermánuður það ár var jafnframt styttri en aðrir mánuðir, því heilum ellefu dögum var sleppt svo aðeins nítján voru eftir. Þetta fór þannig fram að eftir 16. nóvember það ár kom 28. nóvember. Ástæðan er sú að tekið var upp nýtt tímatal. Í staðinn fyrir gamla tímatalið, sem kennt var við Júlíus Caesar, var tekið upp nýtt tímatal kennt við Gregor páfa. Gregorska tímatalið er frábrugðið því gamla að því leyti að aðeins fjórða hvert aldamótaár er hlaupár.

TUNGUTAK

### Eitthvað

**Orðið „eitthvað“ er oft notað með vafasömum hætti í íslensku nútímans. Setningar á borð við „Þetta er eitthvað sem mig langar að gera“ og „Það er eitthvað sem ég hef ekki lagt áherslu á“ eru nú algengar, en betra væri „Mig langar að gera þetta“ og „Ég hef ekki lagt áherslu á það“.**

**Setningar af þessu tagi má gjarnan rekja til þess að fólk er með enska orðið „something“ í huga en gætir ekki að því að það þýðir ekki endilega það sama og íslenska orðið „eitthvað“. Á ensku er orðið notað um eitthvað ákveðið, sem mælandi veit hvað er, en á íslensku er merkingin nær því að vera „bara eitthvað“ út í bláinn, sem mælandinn veit ekki hvað er. Íslenska orðið „nokkuð“, sem er nær merkingu „something“, færi oft betur en jafnvel betra er að tilgreina nánar hvað átt er við. Stundum þarf líka að umorða eða jafnvel sleppa orðinu, þegar það bætir engu við það sem sagt er.**

**Þetta er eitthvað sem við Íslendingar þurfum að laga … afsakið, þetta þurfum við að laga.** - mt

Takk fyrir vatnið
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Ung Grafarvogsskáld í Hamraskóla

**Í Hamraskóla í Grafarvogi er lögð sérstök áhersla á ritlist til að sameina þræði íslenskunáms og tjáningar og örva ímyndunaraflið. Kristjana Friðbjörnsdóttir kennari segir árangurinn vonum framar. Hún skrifar líka barnabækur og segir skólastarfið hafa komið sér að miklu gagni þegar hún skrifar um svaðilfarir einkaspæjarans Fjóla Fífils.**



**KRISTJANA MEÐ NEMENDUM SÍNUM** Segir ritlistarverkefnið hafa gefið góða raun. Krakkar sem höfðu áður lítinn áhuga á skriftum láti nú gamminn geisa á ritvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ritlistarverkefnið hefur staðið yfir í nokkur misseri í Hamraskóla í Grafarvogi. Upphafið má rekja til þess að Kristjönu og fleiri kennurum fannst þau þurfa að leita að óhefðbundnum leiðum til að kveikja áhuga nokkurra nemenda á íslensku og námi almennt.

„Þetta byrjaði með því að við vorum að kenna drengjum sem höfðu engan áhuga á íslenskunámi,“ segir Kristjana, sem kennir níu til tíu ára gömlum krökkum. „Við lögðum höfuðið í bleyti um hvernig væri hægt að virkja hann og litum meðal annars út fyrir landsteinana. Við komust í samband við skóla í Bretlandi, sem leggur áherslu á ritlist í sínu kennslustarfi og hann hefur verið okkar leiðarljós frá upphafi.“

Í ritlistarnáminu eru allir þættir íslenskunnar samþættaðir. „Um leið og krakkarnir eru að skrifa vinna þeir með málfræðina, stafsetningu, greinarmerki og svo framvegis. Og auðvitað ýta undir sköpunargáfuna. Stór partur af kennslunni er að koma með ólíkar kveikjur í stað þess að segja krökkunum að skrifa sögu um eitthvað tiltekið mál. Við reynum að fara ólíkar leiðir, drögum kannski fram legókassa og biðjum krakkana um að kubba einhverja ákveðna sýn og skrifa svo út frá því. Við reynum að nálgast hlutina aðeins á ská til að örva ímyndunaraflið. Það eru ekki allir fæddir rithöfundar.“

Kristjana segir verkefnið hafa gefið góða raun strax frá upphafi og fljótlega verið útvíkkað þannig að allir krakkar gætu tekið þátt í því. „Krökkunum finnst þetta frábært og við náum ótrúlegustu hlutum úr ólíklegustu krökkum; nemendur sem skrifuðu ekkert áður láta nú gamminn geisa á blaðinu.“

bergsteinn@frettabladid.is




### ÆVINTÝRI FJÓLA FÍFILS

Meðfram kennslustörfum skrifar Kristjana barnabækur. Á dögunum kom út þriðja bók hennar um ævintýri einkaspæjarans Fjóla Fífils. Hún heitir Sverð Napóleons, en áður höfðu komið út bækurnar Skuggaúrið og Lausnargjaldið.

Kristjana kveðst sjálf vera forfallinn áhugamaður um einkaspæjara og lesi mikið af reyfurum og horfi á leynilögguþætti í sjónvarpinu. „Sá áhugi skilaði sér í Fjóla Fífils, það er ábyggilega heilmikið af sjálfri mér í honum.“

Kristjana segir ritlistarverkefnið í Hamraskóla hafa komið sér að góðum notum við skriftir.

„Ég hef lært ótrúlega mikið af þessu, til dæmis um hvernig á að byggja upp sögu, sem ég vissi þó þó nokkuð um fyrir. Ég prófa bækurnar á nemendum mínum; ber undir þá hugmyndir og hlusta á hvað þeir hafa til málanna að leggja. Það sem Fjóli er að gera tengist oft því sem er að gerast í kennslustofunni í það skiptið.“



Fjölskylduspil ársins er komið!
Sprengjuspilið er æsispennandi orðaleikur fyrir alla.
Spilin fást í Office 1.
Ég ætla að spara í ár!
Office1

# Jólahlaðborð

hefst í dag í Skútuvogi
opið alla daga kl. 18 - 20



**Aðeins**
**990 kr**

**Heitir og kaldir réttir**
Ekta svínapörusteik - Bayonnesskinka
Reyktar medister pylsur - Kjúklingalæri
Sveitapaté - Kaldir sjávarréttir (rækjur, túnfiskur, reyktur lax) - Síldarsalat með karrí - Síldarsalat með rauðrófum, Marineruð síld - Rúgbrauð, flatkökur og snittubrauð



**Meðlæti**
Brúnaðar kartöflur - Kartöflusalat - Kartöflustrá - Heit brún sósa - Eplasalat - Ferskt salat - Grænar baunir - Kokteilssósa

**Barnamatseðill**
**490 kr.**
Kjúklinganaggar, franskar og Svali

blómaval



Tvær
Jólastjörnur
**1.499 kr**
2 stk

Jólastjörnutilboð gildir í Blómavali um land allt

HÚSASMIÐJAN

## Jólaskreytinga-kvöld
í Skútuvogi



**kl. 20-22**
**Miðvikudag 18. nóv og fimmtudag 19. nóv**

Skreytingameistarar og starfsfólk Blómavals taka á móti gestum og sýna það nýjasta og flottasta í jólaskreytingum og skrauti. Uppákomur og kynningar.

**Skráið ykkur í síma 525 3000**
**eða á jol@blomaval.is**

Takmarkaður sætafjöldi - Ókeypis aðgangur

**FRÉTTAVIÐTAL:** Viðskiptalífið bíður eftir bönkunum

# Óvissan spillir fyrir rekstrinum

**Atvinnulífið óttast að fyrirtækjum sé mismunað í ríkisbönkunum; þeir sem gættu minnst að sér og skuldsettu sig mest fái nú mestu og bestu fyrirgreiðsluna. Kvartað er undan því að gagnsæjar leikreglur um endurskipulagningu og afskriftir skulda fyrirtækja skorti. Það veldur almennri tortryggni í viðskiptalífinu.**



**BANKARNIR** Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Talnakönnunar, segir að fólk viti ekki hvaða vinnubrögð bankarnir beiti og óvissan hafi spillt fyrir í rekstrinum.

Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Talnakönnunar, gerði þessa stöðu að umtalsefni á opnum fundi á vegum KPMG í síðustu viku. Hann segir miklu skipta að bankarnir kynni sem fyrst almennar reglur um afskriftir á skuldum fyrirtækja og að þær reglur séu nokkurn veginn sambærilegar milli banka og setti fram hugmyndir um útfærslu slíkra reglna á fundinum.

„Líklega eru allir í fyrirtækjarekstri sammála um að þetta hafi gengið of hægt,“ segir Benedikt. Hann segir að á fundinum hafi komið fram hjá Birnu Einarsdóttur, bankastjóra Íslandsbanka, að 80 prósent fyrirtækja eigi að fá afgreiðslu sinna mála fyrir áramótin 2010-2011. „Það er mjög langur tími.“

### Óttast mismunun

„Það er ekki það að menn viti að verið sé að beita ófaglegum vinnubrögðum þótt það gangi ýmsar kviksögur um að verið sé að afskrifa tugi milljarða hjá þessum meðan það er verið að hirða fyrirtæki af öðrum,“ segir Benedikt. „Hins vegar vita menn ekki hvaða vinnubrögðum bankarnir beita. Óvissan hefur spillt fyrir í rekstrinum. Ef fyrirtækin vita að þau fá sanngjarna úrlausn mála þá geta þau haldið áfram.“

„Menn óttast mismunun milli fyrirtækja. Það má ekki gerast að bankarnir taki verst settu fyrirtækin – mestu töffarana – sem fóru gáleysislega og voru komin í vonlausa stöðu, og lagi skuldastöðu þeirra en láti þau fyrirtæki bara skrimta sem fóru varlega og stóðu þokkalega að vígi en urðu fyrir sama áfalli og við öll við hrunið. Þótt töffararnir sjálfir hverfi frá rekstrinum er fyrirtækið engu síður orðið miklu sterkara á markaði og samkeppnisstaðan skekkt. Þá verða skilaboðin sú að ráðdeild borgi sig ekki. Að þessu verður að hyggja mjög vandlega.“

### Bankarnir eigi ekki fyrirtækin

Benedikt segir að það eigi að vera sérstakt markmið að bankarnir eignist ekki fyrirtæki nema ef nauðsyn krefur og þeim beri að selja eignarhluti sína aftur eins hratt og verða má. Bæði sé það í andstöðu við lög að bankar séu að reka fyrirtæki og eins sýni reynslan að bankar tapi meira fé á því að reka fyrirtæki í stað þess að setja þau í gjaldþrotameðferð eða selja þau strax til annarra. Hins vegar er ljóst að eins og staðan er þurfi bankarnir að koma að eignarhaldi fjölmargra fyrirtækja.

Hægt sé að breyta hluta af skuldum fyrirtækja, sem skila rekstrarhagnaði, í hlutafé þannig að hlutur eigenda rýrni en skuldastaða fyrirtækjanna batni. Mikilvægt sé að aðrir en bankarnir eigi samt meirihluta í þessum fyrirtækjum og að bankarnir stefni að því að selja sinn hlut eins fljótt og kostur er. Gefa eigi eigendum fyrirtækja færi á að leggja þeim til nýtt hlutafé, að því gefnu að fyrirtækin séu rekstrarhæf og eigendurnir hafi aðgang að nýju fjármagni.

### Niðurfærsla skulda

Á fundinum hjá KPMG setti Benedikt fram hugmyndir um hvernig hægt væri að útfæra reglur Íslandsbanka um skuldir einstaklinga gagnvart atvinnulífinu. Hann gerði ráð fyrir sömu almennu niðurfærslu skulda fyrirtækja; 25 prósent á erlendum lánum og 10 prósent á innlendum. „Síðan yrði eigendum boðið upp á að leggja fram ákveðið hlutafjárframlag. Bankinn mundi leggja fram tvöfalt meira hlutafé með því að afskrifa lán. Markmiðið væri alltaf það að núverandi eigendur ættu meirihluta, að því tilskildu að þeir komi með nægilegt fjármagn. Í sumum tilfellum nægir það ekki til en ef menn eiga ekki krónu þá fá þeir ekki tugmilljarða fyrirtæki.“

Málefni stóru eignarhaldsfélaganna hafa verið mikið til umræðu. Gylfi Magnússon viðskiptaráðherra hefur lýst þeirri skoðun að ekki eigi að endurreisa þau nema í neyð. Spurður um skoðun sína á þessu segir Benedikt að eignarhaldsfélögin eigi að meðhöndla samkvæmt almennum reglum. Fæst þeirra muni líklega standast það próf, ef litið er á staðreyndir um stöðu þeirra. „Mér finnst að menn eigi að horfa á þetta almennt. En auðvitað hefur reynslan kennt manni að setja spurningarmerki við rekstur þessara stóru eignarhaldsfélaga, sem eru í alls konar blandaðri starfsemi og eru mikið skuldsett.“

Í því tilviki að staða fyrirtækis sé slík að 25 prósent niðurfelling kemur ekki að gagni segir Benedikt að líta megi til þess að skipta því upp í smærri einingar. Þá verði þau fýsilegur kostur fyrir fjárfesta sem ekki hafa mikið fjármagn. „Þar er ég til dæmis að tala um félög, sem hafa verið inni í samsteypum. Tökum til dæmis 365. Það getur verið að einhverjir vilji kaupa eina og eina útvarpsstöð, eina sjónvarpsstöð eða Fréttablaðið; aðilar sem ráða við að kaupa eina útvarpsstöð, en ekki heilt fjölmiðlaveldi, jafnvel þótt það sé á lágu verði,“ segir Benedikt.

### Byggja þarf upp hlutabréfamarkað

Í erindinu lagði Benedikt áherslu á að eftir að bankarnir eru búnir að afgreiða málin eigi nýju fyrirtækin að fara í skráningarferli og leita eftir fjárfestingum frá erlendum og innlendum aðilum, þar með töldum lífeyrissjóðum.

Það þarf að byggja upp hlutabréfamarkað hér að nýju,“ segir hann og leggur áherslu á að hann sé ekki að leggja til að lífeyrissjóðir fjárfesti í öðrum hlutafélögum en þeim sem standast kröfur sem gerðar eru til félaga sem skráð eru á markað. Rætt hefur verið um að réttarstaða smærri hluthafa, eins og lífeyrissjóðanna, hafi verið bágborin hér á landi fyrir hrun. Jón Steinsson, hagfræðingur við Columbia-háskóla, hefur t.d. gagnrýnt íslenska hlutafélagalöggjöf harðlega og sagt hana standa langt að baki lagaumhverfi viðskiptalífsins í þeim löndum sem Íslendingar bera sig helst saman við. Benedikt segir að þessi umræða sé dæmi um að kreppan hafi haft slæm áhrif á traust milli manna. Þótt hann sé að mörgu leyti hallur undir málflutning Jóns Steinssonar og Sveins Valfells um Glitnisdóminn í máli Vilhjálms Bjarnasonar segist hann ekki hafa kannað málið í þaula með sama hætti og þeir og vilji ekki samsinna því að „lagaumhverfið sé handónýtt“. Sjálfsagt séu á því gallar sem þurfi að laga. „Það er óskaplega vont ef menn eru svo tortryggnir að það megi ekkert gera. Eina leiðin til að gera mistök er að gera ekki neitt. Þannig náum við okkur ekki út úr kreppunni.“



FRÉTTAVIÐTAL
PÉTUR GUNNARSSON
peturg@frettabladid.is



**BENEDIKT** Hann hefur eftir bankamanni með áratugareynslu að bankar tapi alltaf meira á því að taka fyrirtæki yfir en að selja þau eða láta þau fara í þrot. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




Konukvöld
í báðum verslunum The Pier
í kvöld
kl 18:00 - 21:00
20% afsláttur
af öllum vörum
gildir ekki ofan á önnur tilboð
3 fyrir 2
af snyrtivörum
BAÐHÚSIÐ
Kynning á Baðhúsi Lindu P
Þær konur sem versla fyrir 20.000,- eða meira fá gjafabréf upp á
5.000,- kr í Baðhúsinu
Léttar veitingar
the PIER
kemur stöðugt á óvart ...
Konukvöld
Í kvöld kl 18:00 - 21:00
Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

## Útgjöldin

> Verðþróun kílóverðs af hveiti frá árinu 2005, miðað við verð í ágústmánuði hvers árs.




*Heimild: Hagstofa Íslands.*

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** ELÍSABET JÖKULSDÓTTIR RITHÖFUNDUR

## *Sófi Einars Ben sá besti og versti*



„Sófi Einars Benediktssonar sem ég fékk á eina krónu er tvímælalaust bestu kaupin mín um ævina," segir Elísabet Jökulsdóttir rithöfundur. Hún sá sófann fyrst þegar hún fór í viðtal í menntamálaráðuneytinu fyrir um tólf árum og var boðið að setjast í hann. Hún féll fyrir sófanum, sem er þriggja sæta, og var boðið að kaupa hann. „Maðurinn sem ég talaði við vildi ekki gefa mér hann en sagðist myndu selja mér hann fyrir eina krónu.

Elísabet telur sófann hljóta að vera um hundrað og fimmtíu ára gamlan. Hann hafi verið fallegur í ráðuneytinu á sínum tíma en nú sé hann slitinn og lúinn. „Þetta er nú orðið rónasófi," bendir Elísabet á.

Þrátt fyrir góða kosti telur Elísabet sófann jafnframt verstu kaup sín. „Ég fékk einu sinni bólstrara í heimsókn til að kíkja á hann. Bólstrun hefði kostað tvö hundruð þúsund. Það var of dýrt fyrir mig og því velti ég því fyrir mér að gefa hann útrásarvíkingum, þeir hefðu efni á að gera hann upp. En ég var feimin við það og sit uppi með sófann," segir Elísabet sem um árabil hefur staðið frammi fyrir því að eiga illa farinn og snjáðan sófa sem hún vill ekki eiga á sama tíma og hún fær bestu hugmyndirnar þegar hún sest í hann. „Við sófinn erum í tilfinningasambandi," segir hún.

## HÚSRÁÐIÐ

### VÆTI Í PAPPÍRNUM

■ *Magnús Hlynur Hreiðarsson, garðyrkju- og fréttamaður á Selfossi, lumar á aðferðum sem virka í eldhúsinu.*



„Ég sker alltaf niður sveppi með eggjaskera, það svínvirkar. Þá er snilld að setja hráa laukinn undir kalt vatn áður en maður brytjar hann niður svo maður tárist ekki. Það virkar alltaf. Ég lærði líka um daginn að setja kalt vatn beint ofan í pottinn þegar maður er búin að sjóða spagettí, þá festast þau aldrei við pottinn. Af hverju vissi ég þetta ekki fyrr? Hef alltaf verið að lenda í vandræðum með fast spagettí."

■ **Neytendasamtökin gagnrýna skort á upplýsingum:**

## Shell birtir bara algengasta eldsneytisverð



Shell hefur nú bæst í hóp olíufélaga sem birta aðeins algengasta verð á eldsneyti á heimasíðu sinni. Þetta telja Neytendasamtökin bagalegt og gagnrýna á heimasíðu sinni, www.ns.is. Greint er frá því að N1 hafi tekið upp þennan sið fyrir nokkrum árum og Olís einnig. Nú hafi Shell bæst í þennan hóp og birti ekki lengur verð á einstökum stöðvum og birti einnig algengasta verðið.

Neytendasamtökin segja þróunina slæma, því með þessu séu stóru olíufélögin að draga úr verðupplýsingum og þar með möguleikum neytenda til að fylgjast með verði.

Það skal tekið fram að Atlantsolía, Orkan og ÓB birta verð á öllum stöðvum sínum á heimasíðum sínum.

■ **Hvað kostar?**

## Dýrasta íbúð í heimi

Fimm svefnherbergja íbúð í Hong Kong seldist nýverið á hæsta fermetraverði sem um getur í heiminum að því er norska dagblaðið Aftenposten greinir frá. Fermetraverðið var ríflega 12 milljónir íslenskra króna og íbúðin, sem er 572 fermetrar, kostaði því ríflega sjö milljarða króna. Íbúðin er í fjölbýlishúsi sem er eins og gefur að skilja í glæslegri kantinum. Sex hæðir eru bílastæði, ein hæð er undir klúbb og 39 eru með íbúðum. Íbúðin umrædda er til að mynda með eigin útisundlaug og líkamsræktarsal. Þess má geta að íbúðin á hæðinni fyrir ofan verður brátt seld og vonast eigandinn eftir 17 milljónum á fermetrann.

■ **Námskeið sem tengjast jólaskreytingum:**

## Kortagerð og kransar



Metnaðarfullir kortagerðarmenn geta viðað að sér þekkingu á ýmsum námskeiðum í nóvember. Næstkomandi þriðjudag verður eitt slíkt haldið í Garðheimum. Það hefst klukkan sjö og stendur í klukkutíma. Námskeiðið kostar 1.000 krónur og felst í sýnikennslu og fræðslu. Boðið er upp á kaffi og afslátt á vörum meðan á námskeiði stendur. Verslunin Föndra stendur fyrir kortagerðarnámskeiði 17. og 24. nóvember. Það kostar 3.500 kr. en efni er innifalið. Í Garðheimum verður og námskeið í aðventu- og hurðakransagerð laugardaginn 21. nóvember og sunnudaginn 22. nóvember frá eitt til tvö.


Hringdu í síma

512 50 60




ef blaðið berst ekki


# Heimagerð jólakort með ljósmynd mun ódýrari

**Síður er að senda jólakort til vina og ættingja með ljósmynd af fjölskyldunni eða börnunum. Að senda sextíu slík kort getur hlaupið á bilinu ríflega 8.000 krónur til 15.000 krónur eftir því hvaða leið er farin.**



**UPPÁHALDS JÓLASKRAUTIÐ** Margir stilla jólakortum upp til að gestir og gangandi geti virt þau fyrir sér. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Þegar sex vikur eru til jóla eru eflaust margir farnir að leiða hugann að ýmsu sem tengist undirbúningi hátíðarinnar. Margir senda jólakort til ættingja og vina. Þeir sem eiga börn hafa gjarnan mynd af þeim á kortunum og leyfa þannig velunnurum að fylgjast með ungviðinu.

Samkvæmt óformlegri könnun Fréttablaðsins kosta sextíu kort með mynd á bilinu 4.000 til 11.000 krónur komin í frímerkt umslag og eru þau ódýrustu heimagerð með framkallaðri ljósmynd en þau dýrustu, dýrasti möguleikinn á tilbúnum kortum hjá þeim verslunum sem upp á það bjóða. Við þetta bætist svo kostnaður við frímerki sem er 70 krónur stykkið.

Ýmsar leiðir eru færar þegar búið er til jólakort með mynd. Ein sú allraeinfaldasta er að velja mynd af fjölskyldunni eða börnunum, sem er kannski algengara. Þegar jólamyndin í ár hefur verið valin þá er hægt að fara inn á vefi verslana og fyrirtækja sem bjóða upp á prentuð jólakort með fjölbreytilegu útliti. Næsta skref er að velja kortið sem fellur að smekk fjölskyldunnar. Þá er hægt að fara að fikta í textanum en flest fyrirtækin bjóða upp á að textinn sé einnig prentaður, ekki bara hin klassíska jólakveðja. Þá fá ættingjar og vinir sannarlega sömu jólakveðjuna en verkið er auðunnið og þægilegt.

Fréttablaðið hafði samband við Hans Petersen, Odda, Samskipti og Ljósmyndavörur ehf. við gerð þessarar greinar og komst að því að verð á kortum með mynd fer eftir fjölda korta sem er pantaður. Lágmarkspöntun eru tíu til tuttugu kort. Sérstaklega var kannað hvað sextíu kort kosta og var verð á þeim fjölda á bilinu 7.500 krónur til 10.740 krónur hjá þessum fyrirtækjum, dýrast hjá Odda, en ódýrast hjá Ljósmyndavörum og Samskiptum, en þar á reyndar eftir að bæta við umslögum þannig að verðið er ekki sambærilegt.

Einnig er úrval á útliti og kortastærðum mismunandi og ljóst að fólk þarf að skoða vefina til að finna hvaða kort að sínum smekk. Þess má geta að ekki er búið að setja upp jólakortavefinn hjá Ljósmyndavörum ehf. Yfirleitt tekur nokkra daga að fá kortin afgreidd.

Önnur og ódýrari leið sem hægt er að fara er að láta framkalla myndir og líma þær á heimagert kort úr kartoni. Hjá verslun Eymundsson í Hallarmúla fengust þær upplýsingar hjá Önnu Jensen að þar væri hagkvæmt að kaupa pakka með 50 blöðum í A4 stærð sem skorin í tvennt gefa efni í 100 samanbrotin kort. Slíkur pakki kostar 1.640 krónur, þannig er stykkið af kortinu strípuðu á rúmlega 16 krónur. Umslög af ódýrustu gerð kosta svo 385 krónur 25 stykki. Þannig er tiltölulega einföld leið að líma mynd inn í kortið, skreyta forsíðuna og skrifa textann einnig inni í. Hún bendir þó á að mynd í stærð 10x15 passar ákkúrat inn í svona kort sem sumum þykir ekki nógu fallegt.

Anna segir kortagerðafólk þegar farið að huga að jólunum og víða að sér efni. Hún bendir fólki sem gerir kortin sín sjálft á að passa upp á að þau passi í hefðbundin umslög, stór umslög geti verið ansi dýr og þannig hleypt verðinu upp.

Óformlegur verðsamanburður Fréttablaðsins leiðir í ljós að þessi kort eru töluvert ódýrari en kort verslananna en þau kosta vitaskuld miklu meiri vinnu.

Verð á frímerkjum fyrir jólakort innanlands eru 70 krónur og er síðasti öruggi skiladagur þeirra 19. desember.

sigridur@frettabladid.is

*Nánari upplýsingar um tölvugerð jólakort með mynd:*
*www.samskipti.is*
*www.hanspetersen.is*
*www.ljosmyndavorur.is*
*www.oddi.is*

## VERÐDÆMI Á 60 JÓLAKORTUM MEÐ MYND*

- 60 heimatilbúin kort með mynd og í ódýru umslagi, 4.150**
- 60 kort og myndir, kaupandi þarf sjálfur að líma myndina inn, 7.500 krónur í Hans Petersen (Verð í fyrra, ekki komið nýtt verð).
- 60 kort hjá Hans Petersen, neytandi velur útlit í tölvunni og pantar í gegnum hana, 7.800 krónur, með umslögum.
- 60 kort hjá Samskiptum, ýmiss konar útlit og stærðir. Verð á bilinu 7.500 til 8.500 krónur, án umslaga.
- 60 kort hjá versluninni Ljósmyndavörum, verð á bilinu 7.500 kr. til 8.400 kr. með umslögum.
- 60 kort hjá Odda, verð á bilinu 9.540 kr. til 10.740 kr. með umslögum.
- 60 frímerki innanlands, 4.200 kr.

* Upplýsingar eru ekki tæmandi og ekki var um formlega verðkönnun að ræða heldur hringt í fyrirtækin og heimasíður þeirra skoðaðar.

** Verð á kartoni og umslögum er fengið hjá Eymundsson, miðað við 100 kort. Hér vantar hins vegar efniskostnað vegna penna, líms og skrauts á kortin.



**JÓLAKORT** Efniviður til heimagerðra korta fæst til dæmis í ritfangaverslunum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA


3.970 kr.
5.680 kr.
Enn er morgunn
3.980 kr.
5.690 kr.
Hyldýpi
1.740 kr.
2.490 kr.
Kaupalkinn í New York
Jólabækurnar fást allar í Eymundsson
3.840 kr.
5.490 kr.
Matur og drykkur
2.300 kr.
3.290
Súperamma og sjóræningjarnir
3.840 kr.
5.490 kr.
Hvíti tígurinn
3.700 kr.
5.290 kr.
Nýtt tungl
3.840 kr.
5.490 kr.
Ripley's Believe It or Not!
4.890 kr.
6.990 kr.
Jón leifs - Líf í tónum
Tilboð gildir til og með 15.11.09
Eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Pólitísk umskipti fara illa í sjálfstæðismenn.

## Aðhlátursefnið er orðið brjálæði

**BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON SKRIFAR**

Þegar minnst er á skattahækkanir skal það ekki bregðast að viðbrögð sjálfstæðismanna eru eins og rífa eigi úr þeim bæði hjarta og nýru. Ekki er ástæða til að ætla annað en að viðbrögð þeirra séu sönn; þeim líði svona í raun og veru. Sem segir okkur að fyrir sjálfstæðismönnum eru peningar á við hjarta og nýru.

Ein af meginstoðum hugmyndafræði sjálfstæðismanna er að skattar eigi að vera lágir. Þeir trúa því að fari skattheimtan yfir ákveðin mörk nenni fólk ekki að vinna. Að baki býr sú sannfæring að aðeins launin hvetji fólk til vinnu. Af sama meiði er sú skoðun að stjórnendur og starfsmenn opinberra fyrirtækja og stofnana ræki ekki störf sín af alúð og kappi því þeir njóti ekki afrakstursins sjálfir. Það er auðvitað bull. Eða ætla sjálfstæðismenn að reyna að segja okkur að kennarar og hjúkrunarfólk leggi sig ekki fram í vinnunni?

Ríkisstjórnin glímir við að brúa sögulega stórt fjárlagagat. Það ætlar hún að gera jöfnum höndum með auknum sköttum og niðurskurði í rekstri. Vitaskuld. Að gera annað hvort er ekki hægt.

Meðal þess sem ríkisstjórnin hefur til skoðunar er að skattleggja tekjur fólks í þremur þrepum. Láta sem sagt skatthlutfallið hækka í takt við tekjurnar. Þar ræður för sú skoðun að þeir sem afli best borgi mest. Ekki bara í krónum talið heldur líka hlutfallslega.

Fjölþrepa skattkerfi er viðhaft á hinum Norðurlöndunum. Íslensku vinstri mennirnir eru því ekki að finna upp hjólið. Þeir eru að máta viðurkennda leið til tekjuöflunar ríkissjóða inn í íslenskar aðstæður.

Sjálfstæðismenn stýrðu hér skattheimtunni óslitið í átján ár. Og höguðu málum eftir eigin höfði, í takt við hugmyndafræðina. Haustið 2004 ákváðu þeir verulegar skattalækkanir sem komu til framkvæmda í áföngum næstu ár. Verið var að reisa stífluna á Kárahnjúkum. Viðskiptahallinn var mikill. Hagkerfið útþanið.

Steingrími J. Sigfússyni leist illa á skattalækkanir ofan í slíkt ástand. Hann óttaðist að illa gæti farið. Skemmst er frá því að segja að sjálfstæðismennirnir hlógu að honum.

Getur verið að Steingrímur hafi haft eitthvað til síns máls? Getur verið að fjárlagagatið sé jafn risavaxið og raun ber vitni vegna hagstjórnar Sjálfstæðisflokksins?

Sjálfstæðismenn eins og aðrir standa frammi fyrir þeirri staðreynd að Steingrímur er nú fjármálaráðherra og byggir aðgerðir sínar í skatta- og efnahagsmálum á eigin hugmyndafræði. Í ljósi þeirra pólitísku umskipta bregðast sjálfstæðismenn ekki lengur hlæjandi við hugmyndum um skattahækkanir heldur með læknisfræðilegri greiningu. Brjálæði er orðið sem þeir nota.

Það er svo annað mál að allar breytingar á skattheimtu, svo ekki sé nú talað um breytingar á skattkerfinu, þarf að undirbúa vel. Draga þarf fram alla tiltæka reiknistokka og líkön og ganga úr skugga um að breytingunum fylgi ekki dulin áhrif, þær leggist ekki of þungt á fólk og ógni getu þess til að greiða af lánum, leggja til hliðar og lifa góðu lífi. Til bóta væri ef sá undirbúningur færi fram æsingalaust, jafnt innan þings sem utan.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Enga fýlu takk

Margrét Sverrisdóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, er ekki ánægður með samþingmenn sína sem taka í nefið í þingsal. Ekki verður annað sagt en að hún hafi nokkuð til síns máls sé ástandið eins og hún lýsir, en af því má helst skilja að tóbaksslóðin fylgi slóðunum og hafi jafnvel áhrif á atkvæðagreiðslur. Margrét segir að auk þess sé sterk lykt af tóbakinu. Það má til sanns vegar færa en velta má því fyrir sér hvaða dyr opnast sé sterk lykt bönnuð í þingsal. Ilmvatn, rakspíri, andfýla og önnur líkamslykt; heyrir þetta brátt sögunni til í þingsal?



### Ísland sleppur við tvöföldun

Í drögum að nýjum umferðarlögum er gert ráð fyrir að gjald sem greitt er fyrir einkanúmer verði tvöfaldað. Verði frumvarpið að veruleika þurfa þeir sem ætla að feta í fótspor Árna Johnsen, sem kom einkanúmerunum í gegnum Alþingi af harðfylgi, að greiða 50 þúsund krónur, í stað 25 þúsund áður. Árni er löngu búinn að greiða fyrir númerið sitt Ísland og sleppur því við tvöföldunina.



### Að sitja á strák sínum

Gunnar Bragi Sveinsson, þingflokksformaður Framsóknarflokksins, lagði sjö fyrirspurnir fram á Alþingi í gær. Þær eru allar til dómsmálaráðherra og snúa að dómstólum – ekki síst kostnaði við þá. Þetta er allt gott og blessað, enda þingmanna að fá svör við spurningum til að hægt sé að taka stefnumarkandi ákvarðanir. Það er hins vegar spurning hvort Gunnar Bragi hefði átt að sitja á strák sínum, í dag fer í það minnsta fram utandagskrárumræða um fjárhagsstöðu dómsstóla. Þar er kannski einhver svör við spurningum Gunnars að finna.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## Nú andar suðrið



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Misskipting

Nú er sól og sumar í Suður-Afríku, sem býst til að halda heimsmeistarakeppni í knattspyrnu um hávetur í júlí 2010. Mótshaldið er talið munu kosta landið um tvo milljarða Bandaríkjadala vegna mannvirkjagerðar, svipaða fjárhæð og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ætlar að lána Íslandi. Skattgreiðendur í Suður-Afríku eru innan við fjórar milljónir talsins, svo að hver og einn þarf að leggja meira en 500 dali að jafnaði til keppninnar. Ekki er vitað, hversu miklum tekjum ferðamenn og sala sjónvarpsréttinda munu skila upp í kostnaðinn, og ekki heldur, hversu vel nýir knattspyrnuvellir með áhorfendarými handa hundruðum þúsunda munu nýtast landinu að lokinni keppni. Suður-Afríkubúar virðast ekki setja það fyrir sig. Afríski boltinn er í sókn.

### Misskipting

Innan við fjórar milljónir skattgreiðenda þurfa einnig að kosta fátækraframfærslu handa fimmtán milljónum landsmanna. Það er mikill fjöldi fólks á ríkisframfæri í landi með 47 milljónir íbúa. Framfærslubyrðin er þung. Auður og örbirgð blasa við hlið við hlið. Ójöfnuður í tekjuskiptingu er óvíða meiri en í Suður-Afríku og Simbabve á næsta bæ við. Upptök ójafnaðarins í þessum löndum má að nokkru leyti rekja til aðskilnaðarstefnunnar, sem færði hvíta minni hlutanum í Suður-Afríku átta sinnum meiri tekjur að meðaltali en svarta meiri hlutanum. Arfleifð hvíta minni hlutans er samt ekki eina skýringin á misskiptingunni. Grannlöndin Namibía og Botsvana búa við enn meiri ójöfnuð auðs og tekna, og þar var þó enginn hvítur minni hluti við völd á fyrri tíð eins og í Suður-Afríku og Simbabve, sem áður hét Ródesía. Botsvana, Namibía og Suður-Afríka eru meðal ríkustu landa álfunnar. Þangað streymir allslaust fólk frá fátækari löndum í leit að betra lífi. Aðstreymið stuðlar að því að halda ójöfnuðinum við þrátt fyrir talsverða viðleitni almannavaldsins til að hjálpa fátæku fólki.

### Frá Suður-Afríku til Íslands

Hversu rík eru ríkustu löndin í Afríku? Samkvæmt nýjum tölum Alþjóðabankans um kaupmátt þjóðartekna 2008 er Miðbaugs-Gínea nú ríkasta landið á meginlandi Afríku með 21.800 Bandaríkjadali á mann. Talan segir þó ekki mikið, því að Theódór Obiang forseti og hyski hans hirða nær allar olíutekjur landsins til eigin nota og skilja landsmenn eftir slyppa og snauða. Misskipting þjóðartekna er meiri í Miðbaugs-Gíneu en í nokkru öðru landi á byggðu bóli. Misskiptingin er ekki aðeins ranglát, heldur einnig lögleysa, þar eð náttúruauðlindir eru sameign að alþjóðalögum eins og ég hef áður lýst á þessum stað. Næstríkasta land Afríku er Botsvana með 13.100 dali á mann. Þar hefur hagvöxtur verið meiri frá 1965 en nokkurs annars staðar í heiminum í skjóli góðrar hagstjórnar, meiri og betri menntunar og stöðugs stjórnarfars þrátt fyrir mikinn ójöfnuð. Þriðja ríkasta land álfunnar er Gabon og löðrar í olíu. En ágóðanum af henni er mjög misskipt, svo að almenningur fer margs á mis, þótt ástandið þar sé mun skárra en í Miðbaugs-Gíneu. Ómar Bongó hafði verið forseti Gabons í 42 ár samfleytt, þegar hann hrökk upp af í sumar leið. Fjórða sæti listans skipar Suður-Afríka með 9.800 dali á mann, sem eru tæp 40 prósent af þjóðartekjum á mann á Íslandi (25.200 dalir) og röskur fjórðungur af tekjum á mann í Danmörku (37.300 dalir). Takið eftir, hversu langt Ísland dróst aftur úr Danmörku 2008, þegar gengi krónunnar hrundi: Danir höfðu helmingi meiri tekjur á mann en Íslendingar 2008. Munurinn mun trúlega ágerast 2009 og 2010, þegar kreppan fer að segja til sín af fullum þunga. Fimmta ríkasta landið á meginlandi Afríku er Namibía með 6.300 dali á mann, sem er fjórðungur af tekjum á mann á Íslandi og sex sinnum meira en á Madagaskar.

### Fölsk lífskjör

Tekjur á mann segja ekki alla söguna um lífskjör þjóða. Tekjur á hverja vinnustund eru betri kvarði, því að þá er fyrirhöfnin á bak við tekjuöflunina tekin með í reikninginn. Einnig þarf að skoða, hvort fölskum lífskjörum er haldið uppi með því að ganga á þjóðareignir, til dæmis fiskstofna og önnur náttúrugæði, og safna skuldum. Helzt þarf einnig að hyggja að tekjuskiptingu. Ef tvö lönd eru alveg eins að öllu leyti öðru en því, að í öðru landinu er tekjum og auði misskipt og ekki í hinu, býður þá ekki landið með réttláta skiptingu upp á betri lífskjör en hitt? Það mun flestum finnast. Opinber gögn ná ekki enn að lýsa þessari hlið málsins, allra sízt á Íslandi, þar sem yfirvöldin eru nýhætt að þræta fyrir mikla aukningu ójafnaðar árin fram að kreppu. Hagstofan heldur áfram að leiða málið hjá sér.

## Framsækna skattkerfið

**UMRÆÐAN**

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir skrifar um skatta



**ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR**

Stundum reyna menn að sveipa hluti, sem í eðli sínu eru vondir, jákvæðum blæ með því skíra þá notalegum nöfnum. Þetta er tegund markaðssetningar sem hefur það markmið að selja vondar hugmyndir. Steingrímur J. Sigfússon beitti þessari aðferð sl. þriðjudag þegar haft var eftir honum: „Við ætlum að fara í framsækið skattkerfi, það er alveg á hreinu.“

Það sem Steingrímur kallar framsækið skattkerfi er tilvísun í breytingar á skattkerfinu sem leiðir til 50 milljarða króna skattahækkana. Ríkisstjórnin ætlar að þrepaskipta skattkerfinu og hækka prósentur þannig að hæsta þrepið verði tæplega 50%. Sú prósenta á að gilda fyrir einstaklinga með yfir 500.000 krónur í mánaðartekjur. Slíkar skattahækkanir eru vinnuletjandi og auka líkur á skattsvikum. Þær munu minnka umsvif hagkerfis sem nú þegar er í hjartastoppi. Lækning ríkisstjórnarinnar er sambærileg því að draga blóð úr hjartasjúklingnum. Allt er þetta gert á sama tíma og skuldir heimila eru í hámarki og tekjur í lágmarki. Hvernig dettur mönnum í hug að það séu tækifæri til mikilla skattahækkana við slíkar aðstæður?

Það er brýnt að minnka fjárlagahalla ríkisins og óþolandi hvað ríkisstjórnin hefur verið sein til verksins. Heilt fjárlagaár hefur tapast vegna seinagangs en samt eru útfærslur enn á hugmyndastigi. Það er klárt að í stöðunni í dag eru fáar góðar leiðir en því mikilvægara að velja skástu leiðina. Leiðin sem fjármálaráðherra velur er skattpíningarleið sem lengir kreppuna og dýpkar.

Líklega er skattpíningin ekki búin enn. Ríkisstjórnin íhugar að heimila sveitastjórnum að hækka útsvarið til að nýta ,,ónýtta tekjustofna”. Ónýttir tekjustofnar er annað notalegt nafn sem vinstri menn nota um aukna skattheimtu af íbúum sveitarfélaga. Í dag er hámarksprósenta útsvars, sem er 13,03%, nýtt af mörgum sveitarfélögum en hækkun hennar ef af verður bætist við þær hækkanir sem nú standa til hjá ríkisstjórninni. Mikilvægt er að allir skilji hvaða stefna er tekin og þá skiptir máli að kalla hlutina sínum réttu nöfnum.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓN

# Nýtt

## kortatímabil í Bónus

Fékkst þú ekki örugglega Bónus tilboðsblaðið heim til þín ?




BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

# Að horfa jafnt til sýknu og sektar

**UMRÆÐAN**

Sigríður Hjaltested skrifar um kynferðisbrotamál

Að undanförnu hefur þó nokkuð borið á umræðu um kynferðisbrot, ekki síst eftir að út kom bókin „Á mannamáli“ eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur. Bók hennar er afar áhugavert innlegg í umræðu um kynferðisbrot en þar færir hún hugleiðingar sínar í orð af mikilli rökfestu. Fyrir nokkru birtist grein í Fréttablaðinu um nauðganir, sem bar yfirskriftina „Hljótum að vilja vernda alla“. Í greininni, þar sem m.a. er vitnað til Þórdísar Elvu, um atriði sem þó skipta verulegu máli þegar fjallað er um mál af þessu tagi*. Tel ég því nauðsynlegt að fjalla um þátt ákæruvaldsins og meðferð nauðgunarmála í því fyrirbæri sem nefnt hefur verið „kerfið“.

### Nauðgunarhugtakið

Nauðgun er sú tegund kynferðisbrota sem vekur hvað mestan óhug hjá mönnum. Það að níðast á líkama manneskju með þeim hætti stríðir gegn mannlegu eðli og ekkert réttlætir slíkan verknað. Nauðgun er því eitt af þeim brotum sem varða lengstri tímabundinni refsingu í almennum hegningarlögum, eða allt að 16 árum.

Í 1. og 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga er nauðgun skilgreind sem samræði eða önnur kynferðismök við mann með því að beita ofbeldi, hótunum eða annars konar ólögmætri nauðung. Til ofbeldis telst svipting sjálfræðis með innilokun, lyfjum eða öðrum sambærilegum hætti. Það telst einnig nauðgun og varðar sömu refsingu að notfæra sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til þess að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.



SIGRÍÐUR HJALTESTED

Nauðgunarhugtakið var rýmkað með lagabreytingu árið 2007. Greinargerð með breytingarlögunum er ítarleg. Þar er lögð rík áhersla á að í stað þess að einblína á hvort manneskju hafi verið þröngvað til samræðis eða annarra kynferðismaka sé litið til þess hvort um samþykkisskort hafi verið að ræða. Sjá má af rökstuðningi í dómum sem fallið hafa eftir lagabreytinguna að þessi nýja nálgun hefur haft áhrif á sönnunarmat dómara, þ.e. mat þeirra á samþykki og viljaafstöðu brotaþola. Auk þess er hugtakið ofbeldi túlkað rúmt. Sem dæmi má nefna Hæstaréttardóma í málunum nr. 229/2008 og 383/2008.

### Rannsókn lögreglu

Lögregla rannsakar kynferðisbrotamál sem hefst með framkominni kæru brotaþola, beiðni um rannsókn t.d. frá barnaverndaryfirvöldum eða að frumkvæði lögreglu. Á höfuðborgarsvæðinu starfar miðlæg rannsóknardeild sem sinnir þessum málaflokki. Með því fæst mjög góð yfirsýn yfir málin og sérhæfing sem hefur skilað góðum árangri.

Fullyrða má hins vegar að engin tvö málanna séu eins. Þau eru jafn ólík og einstaklingarnir sem þar koma við sögu. Þeir sem fara með ákæruvald lúta mjög skýrum réttarfarsreglum. Þeim ber að gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu eða sektar sakbornings og eiga að stuðla að því að hið sanna og rétta komi í ljós. Þannig er það skylda ákæruvaldsins að gæta hlutleysis á þennan hátt og láta ekki persónulegar skoðanir eða utanaðkomandi þrýsting hafa áhrif á ákvarðanir.

Rannsókn lögreglu felst í því að afla nauðsynlegra sönnunargagna svo unnt sé að taka ákvörðun um framhald málsins. Hún getur hins vegar á öllum stigum leitt það í ljós að ekki sé grundvöllur fyrir áframhaldandi rannsókn. Þar geta margar ástæður legið að baki, m.a. að kæra sé ekki á rökum reist, sök geti verið fyrnd eða gerandinn kunni að vera óþekktur einstaklingur sem ekki finnist. Sé kærandinn ósáttur við þessi málalok getur hann kært ákvörðun um að lögregla hætti rannsókn til Ríkissaksóknara. Nýtur hann við það liðsinnis réttargæslumanns en það er lögmaður sem skylt er að tilnefna brotaþolum í kynferðisbrotamálum. Staðfesti Ríkissaksóknari ákvörðun lögreglu er málinu lokið. Kærandi getur þó krafist þess seinna meir að rannsóknin verði tekin upp aftur komi ný sönnunargögn í ljós.

### Umræður um ákærur og dóma

Kynferðisbrotamál sem eru fullrannsökuð eru send Ríkissaksóknara, sem tekur ákvörðun um hvort gefin verði út ákæra. Út frá því er gengið í lögum um meðferð sakamála að ákæra sé aðeins gefin út teljist málið líklegt til sakfellis. Sönnunarbyrði um sekt sakbornings um atriði sem telja má honum í óhag hvílir á ákæruvaldinu en í þeirri reglu felst að allan skynsamlegan vafa skuli túlka sakborningi í hag.

Sá saksóknari sem fer með málið verður því að meta styrkleika þeirra sönnunargagna sem aflað hefur verið hjá lögreglu og hvort hann telji þau geta leitt til sakfellingar. Við þetta mat er horft til krafna dómstóla í þessum efnum og þá sérstaklega dómafordæma Hæstaréttar þegar við þau er að styðjast.

Ákæruvaldið hefur iðulega sætt gagnrýni þegar ákvörðun er tekin um að hætta rannsókn eða ákæra ekki í kynferðisbrotamálum. Brotaþolar eiga erfitt með að skilja slíka ákvörðun enda miklar tilfinningar þar að baki. Gegn þeim getur verið erfitt að beita rökum. Þá finnst brotaþolum oft sem ákvörðunin þýði að framburður þeirra sé ótrúverðugur. Því ber sérstaklega að leggja áherslu á að ákvörðunin byggist á mati ákæruvaldsins á sönnunarstöðunni í málinu eins og lögin gera ráð fyrir.

Það er staðreynd, sem ekki verður litið framhjá, að almenningur hefur eðli málanna samkvæmt ekki þá vitneskju um málavexti í kynferðisbrotamálum sem ákæruvaldið og dómarar hafa. Hann er því ófær um að leggja heildstætt mat á málið enda skortir hann vitneskju um allt það sem fram kemur í skýrslutökum af aðilum og vitnum og annað það sem liggur fyrir í málinu svo sem læknisfræðileg gögn, niðurstöður tæknirannsókna o.fl. Þinghöld í nauðgunarmálum eru auk þess lokuð af tilliti til aðila og þrátt fyrir að dómar séu birtir er innihald gagna eða yfirheyrslna aðeins rakið í meginatriðum. Sá sem les dóm getur því ekki alltaf við lestur hans áttað sig fyllilega á heildarmyndinni. Þá kemur fyrir að rökstuðningur dóma sé af skornum skammti. Þetta er þó ekki sagt til þess að gera lítið úr skoðunum manna á þessum erfiðu málum, því öll höfum við upplifað vanmátt okkar frammi fyrir þeim.

Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að allir hafi skoðanir á kynferðisbrotamálum enda er umfjöllun fjölmiðla um þau fyrirferðarmikil. Umfjöllun, sé hún skynsamleg og fagleg, er alltaf af hinu góða. Sé hún það ekki getur hún beinlínis verið skaðleg.

Ég reikna fastlega með því að öll viljum við búa í réttarríki þar sem sú regla er í heiðri höfð að maður teljist saklaus uns sekt hans er sönnuð. Þetta er meðal þeirra grundvallarréttinda okkar sem staðfest eru í stjórnarskránni. Ákvæðið byggir auk þess á Mannréttindasáttmála Evrópu sem hefur verið lögfestur hér á landi. Það er ekki síst af þessari ástæðu sem þær kröfur eru gerðar til ákæruvaldsins sem áður hafa verið raktar. Við getum líka öll verið sammála um að við viljum vernda þjóðfélagið okkar gegn glæpum en viljum við ekki að sama skapi vernda saklausa frá því að vera dæmdir sekir? Ég bið menn að ímynda sér sem snöggvast að þeir sjálfir eða einhver þeim nákominn sé sakaður um nauðgun. Hvernig ætli málið myndi horfa við ef sá hinn sami héldi fram sakleysi sínu? Myndi hann ekki krefjast þess að umrædd grundvallarregla væri virt?

### Refsiskilyrði

Refsiskilyrði samkvæmt almennum hegningarlögum er að verknaður sé unninn af ásetningi eða gáleysi. Þegar um nauðgun er að ræða er áskilnaður um ásetning. Hann getur verið mismunandi einbeittur og því skal einnig meta hvað sakborningur mátti vita við tilteknar aðstæður. Þegar við lesum ákvæði laganna um nauðgun verður að hafa þetta í huga, svo og hvort sönnun hafi tekist um þau atriði sem tiltekin eru í greininni. Það er þetta sem dómarar í sakamálum koma til með að skoða. Þeir leggja mat á hvort hægt sé að véfengja með skynsamlegum rökum að sakborningur hafi framið verknaðinn sem hann er sakaður um. Markmið dómarans er þannig að meta sönnunargögn málsins, fylgja reglum laga um meðferð sakamála um sönnun og komast að niðurstöðu á hlutlægan hátt.

Sönnunarmat dómarans er samt sem áður frjálst, sem þýðir það að hann leggur einstaklingsbundið mat á þau sönnunargögn sem ákæruvaldið hefur fram að færa. Sé það mat dómara að sönnun ákæruvaldsins um sekt hafi ekki tekist ber honum að sýkna ákærða. Það er af þessari ástæðu sem menn geta verið ósáttir við eina dómsniðurstöðu en sáttir við aðra í málum sem þeir telja vera sambærileg. Verður því enn að hnykkja á því að engin tvö mál eru nákvæmlega eins þó að unnt sé að fá ákveðna leiðsögn í dómafordæmum.

Sú leið er því tæk að áfrýja dómum héraðsdóms til Hæstaréttar en þar með er ekki sagt að fólk sætti sig frekar við niðurstöðu æðri dóms. Það að Hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóm er hins vegar vísbending um að mat hans á sönnunargögnum hafi verið rétt.

### Trúverðugleiki vegur þungt

Í nauðgunarmálum og reyndar kynferðisbrotamálum almennt er sönnunarstaðan oftar en ekki ákaflega erfið þar sem sönnunargögn eru jafnan af skornum skammti. Trúverðugleiki þeirra sem gefa skýrslur í málinu, hvort sem er á meðan rannsókn stendur eða fyrir dómi, hlýtur því alltaf að vega þungt.

Eins og sést af dómum er oftar en ekki tekist á um þetta atriði. Dómar sýna að trúverðugur, staðfastur framburður brotaþola, til viðbótar við óbein sönnunargögn, getur haft úrslitaþýðingu. Sé framburður sakbornings hins vegar jafn trúverðugur og staðfastur verður sönnunarstaðan erfiðari. Sem dæmi má nefna karlmann sem hefur samræði við konu og bæði eru jafnölvuð. Hún heldur því fram að hann hafi notfært sér ástand hennar en hann segir samræðið hafa verið með fúsum og frjálsum vilja hennar. Dómgreind hvors þeirra var skertari við þessar aðstæður? Ef það liggur ekki í augum uppi ræðst niðurstaða málsins af því hvaða sönnunargögn önnur en framburður þeirra liggja fyrir í málinu. Má sem dæmi nefna dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 580/2009.

### Mótspyrna ekki skilyrði

Ákæruvald og dómarar hljóta að þurfa að meta það hvort sönnunargögn bendi ákveðið til þess að brotið hafi verið gegn kynfrelsi brotaþolans á þann hátt að hann hafi sér enga björg getað veitt og því orðið að láta að vilja sakborningsins. Það kann því að vera að brotaþoli hafi verið beittur slíkri nauðung að hann hafi hreinlega „frosið“ við þær aðstæður og því enga mótspyrnu veitt. Það er ekki skilyrði samkvæmt nauðgunarákvæðinu að brotaþoli sýni mótspyrnu eða að hann beri áverka á líkama sínum. Nýlega hafa fallið dómar þar sem sannað þótti að brotaþoli hafi verið beittur slíkri nauðung að „aðgerðarleysi“ hans þótti eðlilegt þegar hann stóð frammi fyrir tilteknum aðstæðum, sem dæmi má nefna fyrrnefnda Hæstaréttardóma.

### Er þörf á að breyta nauðgunarákvæðinu?

Því hefur verið haldið fram að enn sé nauðsynlegt að breyta 194. gr. almennra hegningarlaga og þá þannig að það sé talið nauðgun þegar samþykki beggja aðila skorti til samræðis eða annarra kynferðismaka. Rökin hafa m.a. verið talin þau að þannig séu allir verndaðir en ekki aðeins minnihluti fórnarlamba nauðgana. Ég vík þá aftur að orðum mínum í upphafi greinarinnar og ítreka þá skoðun mína að samræði eða önnur kynferðismök við manneskju gegn vilja hennar er óásættanlegur verknaður. Hins vegar tel ég nauðsynlegt fyrir þá sem starfa að þessum málaflokki að þeir njóti leiðsagnar skýrrar verknaðarlýsingar lagaákvæðis.

Að mínu mati veitir orðalag nauðgunarákvæðis almennra hegningarlaga brotaþolum nægilega vernd. Yrði ákvæðinu breytt á þann veg að ofbeldi, hótanir eða önnur ólögmæt nauðung yrði fjarlægð úr verknaðarlýsingu ákvæðisins hefði það fyrst og fremst táknræna þýðingu en ólíklegt er að breytingin myndi skila sér á annan hátt, t.d. með fleiri ákærum og sakfellingum. Hins vegar myndum við standa uppi með mun óskýrara ákvæði en nú. Slíkt ber að forðast enda er það til þess fallið að valda enn meiri tortryggni manna á því að hvaða atriðum sönnun beindist.

Í reynd beinist sönnun að því nú hvort samræði eða önnur kynferðismök hafi farið fram gegn vilja brotaþola. Kemur skýrt fram í greinargerð hversu mikil áhersla er á viljaafstöðu brotaþola eins og áður sagði. Eftir sem áður stöndum við frammi fyrir sömu réttarfarsreglum og áður voru nefndar og ásetningi sem refsiskilyrði.

Þess má geta í þessu samhengi að sé brotaþoli undir 15 ára aldri verður nauðgunarákvæðinu beitt samhliða ákvæði 1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga, sem leggur bann við því að hafa samræði eða önnur kynferðismök við barn undir 15 ára aldri. Það varðar þó sömu refsingu og nauðgun að brjóta gegn barni á þennan hátt en séu skilyrði fyrir hendi er rétt að ákæra fyrir brot gegn báðum ákvæðunum. Oftast er um nauðung að ræða eins og aðstæður þar sem barnið „frýs“ og spornar ekki gegn verknaðinum. Það sama ætti að eiga við þegar barn er það ungt að það skilur ekki hvað athöfnin felur í sér. Hvað fyrrnefnda atriðið varðar má nefna dóm Hæstaréttar nr. 229/2008 sem áður var nefndur og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. 299/2009.

### Ákæruvald og dómstólar verða að sýna hlutleysi

Ég vona að ég hafi haft árangur sem erfiði við að upplýsa um viðfangsefni þeirra sem rannsaka, ákæra og dæma í kynferðisbrotamálum og þau vandamál sem þeir standa frammi fyrir við meðferð slíkra mála. Þetta eru ekki verkefni sem verða leyst á vélrænan hátt án mannlegra tilfinninga.

Þessum aðilum ber hins vegar í störfum sínum að sýna hlutleysi og gera ekki greinarmun á því hvort brotaþoli eða sakborningur á í hlut. Fyrir það, þó ekki væri annað, ættu þeir að njóta skilnings almennings. Þegar upp er staðið hlýtur niðurstaðan ávallt að vera sú, að við viljum hafa lagareglur sem vernda alla.

*Höfundur er aðstoðarsaksóknari í kynferðisbrotamálum hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.*


**Pólýfónfélagið** **Pólýfónkórinn**

Aðalfundur Pólýfónfélagsins verður haldinn laugardaginn 14.nóvember 2009 kl. 14:00 á Grand- Hótel, Sigtúni 38 í salnum Háteigi B, sem er á 4.hæð í nýju byggingunni.

Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf, skýrsla stjórnar um starfið undanfarin ár, reikningar félagsins, og kosningar. Loks verða almennar umræður um starfið framundan, áframhald útgáfustarfsins og fleira. Geisladiskar, mynddiskar og fleira verður til sölu á sérkjörum.

**Vonast er til að allir félagar mæti vel og stundvíslega.**

KAUPUM GEGN STAÐGREIÐSLU





**Mercedes Benz** GL, ML 320 Cdi
**Landrover** Discovery Dísel
**LandCruiser** 200 (bensín & dísel)
**Range Rover** Vogue V8 Dísel
**Range Rover** Sport Dísel
**Audi** Q7 Dísel
**BMW** X5 Dísel

Árgerð 2007 og yngra

Sendu myndir og upplýsingar í tölvupósti á:
**deutsche.auto@gmail.com eða hringdu í síma 821 9980.**

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

# Gólfefnaúrval í Múrbúðinni

MÚRBÚÐARVERÐ

# – fyrir alla alltaf!



Granít grátt 45,7x45,7cm

**4.390** kr. m²



Granít brúnt 45,7x45,7cm

**4.390** kr. m²



Gólfflís brún 33,3 x 33,3cm

**1.590** kr. m²



Vegg, ljósgrá/hvít, 20x20cm

**1.890** kr. m²



Veggflís, hvít glans 15x15cm

**1.450** kr. m²

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM



Vegg, hvít/grá, 10x10cm

**2.390** kr. m²



Gólf, marmarabeige, 60x60cm

**3.290** kr. m²



Gólf, Tibet, svört, 50x50cm

**3.690** kr. m²



Bílskúrs/svala, grá 33,3x33,3cm

**2.490** kr. m²



Veggflís, hvít glans 25x40cm

**2.290** kr. m²



Vegg / gólfflísar, ljósgrá, beige og brún yrjótt 15x15cm

**2.290** kr. m²



Veggflís, hvít 30x60cm

**3.790** kr. m²




Fúguhreinsir 0,5L

**1.195**




Flísahreinsir 1L

**1.395**




Fúguvörn 1L

**2.395**



Martinelli, 3 stafa Eik Natur 2200x189x14 mm

**3.790** kr. m²




Comfort line plastparket, Beiki 121,5x194 mm

**1.595** kr. m²




Comfort line plastparket, Eik 121,5x194 mm

**1.595** kr. m²

*Við auglýsum ekki verð frá..*

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**
*– Afslátt eða gott verð?*

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Reykjavík** Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16*
***Suðurnes** Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18*
***Akureyri** Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14*
***Húsavík** Garðarsbraut 50.*

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*

# Óhemjukórinn syngur

UMRÆÐAN

Guðmundur Páll Ólafsson skrifar um stóriðju


GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSSON

Vissulega er erfitt að kyngja því að íslenskt efnahagslíf hafi hrunið og jafn strembið að sætta sig við að pólitískir óðagotsmenn sem leitt hafa þjóð sína í gönur skuli enn ganga lausir og enn hvetja til sömu töfralausna og fyrr. Verkin þeirra – græðgisvæðingin, stóriðjan, óarðbærar risavirkjanir, sala almenningseigna og sundrun íslensks samfélags – eru allt ömurleg dæmi um þekkingar- og dómgreindarleysi og valdníðslu lítillar klíku.

Erfiðlega gengur líka að fóta sig eftir hrunið. Fáir eiga þó erfiðara með að hugsa um nýsköpun og nýtt lýðræðislegt Ísland heldur en tvíeykið sem stýrir SASÍ, hagfræðingarnir Vilhjálmur Egilsson og Gylfi Arnbjörnsson. Þeim virðist fyrirmunað að endurmeta fornar hagvaxtar- og nýfrjálshyggju hugmyndir sem lengi hafa vegið að efnahag heimsins, og ekki nóg með það, heldur eru þær undirrótin að dvínandi gæðum Jarðar. Lausnarorð SASÍ eru stóriðja, stórframkvæmdir, stórar lausnir í þágu yfirþjóðlegra álfyrirtækja og íslensks byggingariðnaðar sem óð áfram hömlulaust í gróða-ærinu.

Blessunarlega er fleira í boði og víða dásamleg frjósemi huga og handa. Í útvarpinu mínu glymja auglýsingar frá Reykjanesbæ frá fyrirtækjum sem styðja baráttu gegn umhverfisráðherra, Svandísi Svavarsdóttur. Stóriðjusinnar hér á landi eiga því ekki að venjast að umhverfisráðherra standi vörð um náttúruna; varðveiti fjöregg þjóðarinnar. Fyrirtækin auglýsa eins og þau hafi úr nægum sjóðum að ausa; velja fremur að níða niður ráðherra Íslands fyrir að fara að landslögum heldur en að verja fénu til fátækra, eða styðja heimabyggðina, Reykjanesbæ, sem rambar á barmi gjaldþrots vegna óráðsíu í fjármálum eftir að hafa selt eigur almennings frá sér, jafnvel skólana – í óðagoti nýfrjálshyggjunnar.

Aðferðin er kunnugleg. Á Austfjörðum var á sínum tíma smalað í áþekkan kór – maður á mann – með þeim afleiðingum að gamlir vinir og nágrannar voru útskúfaðir fyrir þær sakir að vilja ekki stóriðju og efast um Kárahnjúkavirkjun. Á Húsavík fengu menn lærimeistarana austan úr Alcoa-Fjarðaráli líkt og fjanda í sauðalegg til að kenna þeim þessi framandlegu fantabrögð, og nú kunna þeir þau líka.

Allur þessi glundroði nagar rætur samfélagsins og eflaust er það tilgangurinn. Óhemjukórinn á Suðurnesjum er Reykjanesbæ til mikils vansa, reyndar okkur öllum. Hann ber vott um átakanlega málefnafátækt og fráleitt að þessi fjandsamlegi fyrirtækjahópur auglýsi á kostnað hins almenna borgara. En ástæður fyrir þessum hamagangi eru a.m.k. þrjár.

1) Yfir arðsemi virkjana ríkir leynd. 2) Orka fyrir álver í Helguvík er fugl í skógi. 3) Reykjanesbær er að þrotum kominn fjárhagslega.

Við þessu þarf að bregðast. Þjóðarbúið má ekki við því að sólunda fjármunum sínum í fokdýr stóriðjustörf þar sem orka er ekki einu sinni til staðar og arðsemisútreikningar þola ekki dagsljósið. Við þurfum óyggjandi tölur, svartar á hvítu, sem gefa nákvæmlega til kynna hversu arðbærar eða óarðbærar virkjanir okkar eru í þágu stóriðjunnar. Það er eina leiðin til að kveða niður svona karlrembukóra. Við vitum fyrir víst að í besta falli er fjárhagslegur arður af stóriðju svo lítill að hann skiptir þjóðina sáralitlu; en líklegra er að bullandi tap sé á þessum hamagangi. Leyndin á orkuverði gefur það til kynna og fráleitt að láta Samorku eða Landsvirkjun glamra með arðsemisútreikninga eins og pókerspilara sem þykjast hafa góð spil en sýna þau aldrei. Skammarlegt er fyrir Alþingi Íslendinga að orkuverð skuli ekki vera opinbert og að óháðir aðilar reikni ekki út arðsemi virkjana og stóriðju. Þegar við vitum niðurstöðutölurnar þarf að spyrja til viðbótar: Er sjálfsagt að fórna jarðmyndunum og jarðhitadjásnum komandi kynslóða fyrir ósjálfbærar virkjanir? Er vitglóra í frekari eyðileggingu á vistkerfum fallvatna og hrygningarsvæði þorsks?

Eðlilegt er að spyrja þessara spurninga og jafn óeðlilegt að halda orkuverði leyndu fyrir þjóðinni og fullkomlega óábyrgt að ekki skuli liggja fyrir óháð mat á arðsemi virkjana. Þeim sem ekki treysta þjóðinni fyrir þessari vitneskju er sjálfum ekki treystandi til að stjórna almenningsfyrirtækjum, hvað þá að sitja á Alþingi Íslendinga.

Við þurfum heiðarlega þingmenn og krafa dagsins er að orkuverð til stóriðju verði gert opinbert og að falslaus úttekt verði gerð á arðsemi virkjana fyrir stóriðju. Óhemjukórinn sem kyrjar á Suðurnesjum þarf að vita þetta. Við þurfum öll að vita hvort við höfum fórnað fjöreggjum fyrir skran og skuldir. En fyrirtæki sem vanvirða börn og langtíma hagsmuni þeirra með því að auglýsa dólgslega gegn ráðherra sem stendur vörð um lífsgæði, almannahag og fegurð landsins eiga fátt skilið nema vansæmd.

*Höfundur er náttúrufræðingur.*

# Ráðgefandi þjóð?

UMRÆÐAN

Njörður P. Njarðvík skrifar um stjórnlagaþing


NJÖRÐUR P. NJARÐVÍK

Hér í Fréttablaðinu var nýlega sagt frá stjórnarfrumvarpi um stjórnlagaþing, og er þar einkum tvennt sem vekur undrun og spurningar. Verksvið og áhrif.

Samkvæmt frumvarpinu getur stjórnlagaþing ákveðið að fjalla um þau atriði sem það sjálft kýs. Hugsið ykkur hvað stjórnmálamenn eru góðir við þjóðina! En svo fylgja auðvitað fyrirmæli um, hvað skuli raunverulega rætt. Hvergi er minnst á að semja skuli nýja stjórnarskrá, heldur kroppa í hana hér og þar. Þótt auðvitað sé mikils virði að endurskoða undirstöður íslenskrar stjórnskipunar. Ekki skal það vanmetið. En ekki fær stjórnlagaþing að ákveða sjálft starfshætti sína. Vandlega er tilgreint hvenær þingið skuli sitja, í þremur lotum nákvæmlega tilgreindum, og hvenær það skuli skila af sér niðurstöðum. Þetta þing á að kosta skattgreiðendur allt að 392 milljónum króna. Þar er allmiklu til kostað, þegar haft er í huga hversu takmarkað vald þessu þingi er skammtað.

Í frumvarpinu er nefnilega gert ráð fyrir að stjórnlagaþing sé einungis ráðgefandi. Það á að senda niðurstöður sínar til Alþingis, þar sem stjórnmálamenn geta haft þær að engu. Í því felst í raun eins konar þegjandi yfirlýsing þeirra: Þjóðin má kjósa stjórnlagaþing, en við ráðum. Þjóðin má vera ráðgjafi um lýðræðið, en við ráðum hvernig því skuli háttað. Það vald skal þjóðin ekki taka frá okkur. Við erum að vísu kosnir til að starfa í umboði þjóðarinnar, en þegar búið er að kjósa okkur, þá skal þjóðin starfa samkvæmt okkar umboði.

Stjórnmálamenn ætlast til þess að fá að ráða sjálfir sínum eigin reglum, hvert skuli vera valdsvið þeirra og valdatakmörk. Þeir ætla með öðrum orðum að vera yfirmenn sjálfs sín. Svona er einfalt að snúa lýðræðinu á hvolf.

Þessu verður þjóðin að mótmæla kröftuglega. Stjórnlagaþing á að starfa í umboði þjóðarinnar, ekki stjórnmálamanna. Því á ekki að segja fyrir verkum. Niðurstöður stjórnlagaþings, nýja stjórnarskrá, á að bera undir þjóðina sjálfa í beinni þjóðaratkvæðagreiðslu. Þjóðin á að ráða sér sjálf, ekki láta stjórnmálamenn skammta sér takmörkuð afskipti af grundvelli íslenskra stjórnarhátta.

*Höfundur er rithöfundur og prófessor emeritus.*

# Höfuðstólslækkun nauðsynleg

UMRÆÐAN

Eygló Harðardóttir og Gunnar Bragi Sveinsson skrifa um skuldir heimilanna


EYGLÓ HARÐARDÓTTIR


GUNNAR BRAGI SVEINSSON

Alþingi samþykkti nýlega lög um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja. Þessi lög marka að vissu leyti tímamót, því í fyrsta sinn hefur ríkisstjórnin viðurkennt að vandi heimilanna í landinu verði ekki leystur nema með almennum aðgerðum. Þetta höfum við framsóknarmenn ásamt fjölmörgum einstaklingum og félagasamtökum bent á mánuðum saman og endurfluttum við á dögunum þingsályktunartillögu okkar frá fyrra þingi um almennar afskriftir höfuðstóls lána.

Ljóst er að þessar aðgerðir hljóta að vera aðeins fyrsta skrefið í aðgerðum til bjargar skuldsettum heimilum. Ekki er nóg að taka á greiðslubyrði lánanna. Með því er aðeins verið að festa í lög það gríðarlega óréttlæti sem alger forsendubrestur hefur haft í för með sér. Taka þarf á skuldabyrðinni sjálfri með niðurfærslu höfuðstóls. Það er í hæsta máta óeðlilegt að almenningur, sem tók lán í samræmi við gildandi lög og reglur, eftir ráðgjöf meintra sérfræðinga, skuli einn bera allt það tjón sem hlotist hefur af misvitri löggjöf, fjársveltum eftirlitsstofnunum, andvaraleysi ráðamanna og ekki síst háskaleik óreiðumanna, sem margir hverjir hvöttu þennan sama almenning til skuldsetningarinnar.

Þá er ekki að fullu ljóst hver áhrif þessarar lagasetningar verða. Óvissan er í raun svo mikil að fallist var á breytingatillögu þar sem gert er ráð fyrir að starfshópur verði skipaður sem hafa skuli eftirlit með framgangi laganna og grípa inní, m.a. með tillögur að lagabreytingum gerist þess þörf.

Þrátt fyrir að við höfum, ásamt fjölmörgum öðrum, bent á nauðsyn þess að bregðast hratt og örugglega við greiðsluvanda heimilanna, líta þessi lög fyrst nú dagsins ljós, rúmu ári eftir hrun. Ekki er hægt að kenna um breytingum í stjórnarráðinu, því Samfylkingin hefur setið í félagsmálaráðuneytinu allan þann tíma. Því sætir furðu að ekki aðeins hafi tekið heilt ár að vinna að undirbúningi almennra aðgerða, heldur ekki síður að þegar þær koma fram skuli þær ganga jafn skammt og raun ber vitni auk þess að bera þess öll merki að vera lítt ígrundaðar og unnar á handahlaupum. Stofnun um fjármálalæsi, Hagsmunasamtök heimilanna og fleiri hafa þegar gert alvarlegar athugasemdir við hin nýju lög.

Vonandi er sú staðreynd að félagsmálaráðherra hefur snúist hugur varðandi almennar aðgerðir til að lækka greiðslubyrði heimilanna merki um að ríkisstjórnin sé loks farin að hlusta. Mikilvægt og sanngjarnt er að áfram verði unnið að almennum aðgerðum. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur viðurkennt að greiðslujöfnun dugar ekki til og áætlað að afskrifa þurfi um 600 milljarða króna af lánum heimilanna. Sérfræðingar Íbúðalánasjóðs hafa útskýrt hvernig Íbúðalánasjóður gæti leikið lykilhlutverk í nauðsynlegum leiðréttingum á íbúðalánum, en þær hugmyndir hafa verið kynntar félags- og tryggingarráðherra án árangurs. Stjórnvöld verða að fara að hlusta á þessa sjálfsögðu kröfu, og hætta að hunsa tilmæli opinberra aðila eins og talsmanns neytenda og kröfu almennings um réttlæti og sanngirni.

Nauðsynlegt er að stíga strax næstu skref og félagsmálaráðherra á nú þegar að kalla til samráðs baráttuhóp þeirra opinberu aðila og samtaka sem áherslu hafa lagt á almenna leiðréttingu höfuðstóls lána. Samráð við þessa aðila verður ekki hunsað lengur því betur má ef duga skal.

*Höfundar eru þingmenn Framsóknarflokksins.*

Forvarnir og lífsstíll
Ráðstefna fyrir fagfólk og almenning
13.-14. nóvember 2009 á Grand Hótel Reykjavík



Heiðurgestur ráðstefnunnar er **Dr. Louis Ignarro**, prófessor í lyfjafræði við Læknaskóla UCLA

Hann hlaut Nóbelsverðlaun í læknis- & lífeðlisfræði árið 1998 og var kjörinn vísindamaður ársins 2008 hjá American Heart Association.

FÖSTUDAGUR
1. HLUTI SJÚKDÓMAR: 9.00-12.30
2. HLUTI ÁHÆTTUÞÆTTIR: 13.00-17.10

LAUGARDAGUR
3. HLUTI MÁLSTOFUR: 10.00-12.30
Málstofa A Efnaumhverfi Íslendinga
Málstofa B Framleiðsla & þróun á Íslandi
4. HLUTI STEFNUMÓTUN: 13.00-14.30
5. HLUTI PALLBORÐSUMRÆÐUR: 14.45-17.00

Nánari upplýsingar og skráning er á
www.pressan.is/forvarnir
*Aðgangur er ókeypis, takmarkaður sætafjöldi*

LYSI actavis
Forvarnir og lífsstíll ráðstefna fyrir fagfólk og almenning

# Frystar nýjungar frá Alí

Ali hefur verið í fararbroddi  framleiðslu matvara síðan 1944.
Við erum enn að auka fjölbreytnina og nú eru það frosnar matvörur, fulleldaðar eða tilbúnar til eldunar
sem gott er að eiga í frystinum og sækja þegar manni hentar .
**Prófaðu núna: snitsel með osti og skinkubitum - kjötbollur - kjúklingasnitsel - eða 10 alvöru borgara.**










**10 stk**
**alvöru borgarar**




TAKTIK / 3117

Síld og fiskur ehf - Sími 555 4488

# Evrópusambandið fyrir unga fólkið

**UMRÆÐAN**
Sema Erla Serdar og Ingvar Sigurjónsson skrifa um Evrópumál


SEMA ERLA SERDAR


INGVAR SIGURJÓNSSON

Á Íslandi erum við það lánsöm að búa í heimsálfu þar sem lengi hefur ríkt friður. Þá eigum við ekki í erfiðleikum með að ferðast milli landa og það er auðveldara en nokkru sinni fyrr að stunda nám eða starfa nánast hvar sem er í álfunni. Okkar kynslóð á það til að taka þessu sem gefnum hlut en fyrri kynslóðir sem muna tíma harðstjórnar kommúnista austar í álfunni og jafnvel tíma heimsstyrjalda gera það ekki. Þessum breyttu aðstæðum Evrópubúa má meðal annars þakka stofnun Evrópusambandsins en það var stofnað í þeim tilgangi að stuðla að friði, frelsi og jafnrétti í álfunni með því að sameina ákveðna hagsmuni og auka samstarf á meðal þjóða Evrópu.

Ísland hefur í langan tíma tekið þátt í samstarfi Evrópuþjóða. Hins vegar höfum við hingað til ekki óskað eftir því að taka skrefið til fulls þrátt fyrir að oft hafi komið upp umræða um slíkt. Nú höfum við hins vegar sótt um aðild að Evrópusambandinu og þar af leiðandi óskað eftir því að standa öðrum þátttakendum samstarfsins jafnfætis.

Af þeirri ástæðu var hreyfing Ungra evrópusinna stofnuð í september síðastliðnum. Um er að ræða þverpólitíska hreyfingu ungliða sem telja að hagsmunum Íslands geti verið best borgið með aðild að Evrópusambandinu, enda sé nauðsynlegt fyrir þjóðina að taka fullan þátt í samstarfi Evrópuþjóða á efnahagslegum, menningarlegum, félagslegum og stjórnmálalegum grundvelli.

Ungir evrópusinnar telja að Evrópusambandsaðild hafi margt að bjóða ungu fólki. Evrópusambandið rekur til dæmis sérstaka stefnu í málefnum ungs fólks, svokallaða Ungmennaáætlun. Hún stuðlar meðal annars að auknu samstarfi og skilningi milli þjóða með því að auðvelda ungu fólki að öðlast reynslu í öðrum Evrópuríkjum, hvort sem það er með því að stunda nám, starfa eða vinna sjálfboðastörf innan Evrópusambandsins. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi þess að unga fólkið okkar hafi kost á því að afla sér reynslu erlendis.

Þrátt fyrir að Ísland sé nú þegar þátttakandi í ungmennaáætlun sambandsins njóta Íslendingar ekki allra sömu réttinda og íbúar Evrópusambandsins. Sem dæmi má nefna að þar sem við erum ekki aðildarríki ESB þurfum við að borga mun hærri skólagjöld meðal annars í Bretlandi, en þar getur munurinn verið allt að 10.000 pund fyrir árið. Aðild að Evrópusambandinu myndi því gera ungum Íslendingum auðveldara með að mennta sig annars staðar í Evrópu. Aðild myndi þar að auki leiða til fjölbreyttara og öflugara atvinnulífs hér á landi og ungt fólk fengi því fleiri tækifæri til þess að nýta menntun sína og reynslu hér heima.

Þetta er aðeins eitt dæmi af fjölmörgum um kosti aðildar að Evrópusambandinu, en mikilvægt þó. Ungir evrópusinnar munu á næstunni dreifa upplýsingum um Evrópusambandið og koma hugsjónum og hugmyndafræði sambandsins á framfæri við unga fólkið. Þá vilja Ungir evrópusinnar hvetja til og stuðla að opinni og upplýsandi umræðu um samstarf Evrópuríkja, en það er mikilvægt að umræðan sé málefnaleg og heiðarleg til þess að auðvelda ungu fólki, og öðrum, að taka upplýsta ákvörðun þegar kemur að því að kjósa um aðild Íslands að Evrópusambandinu.

*Sema Erla er formaður og Ingvar varaformaður Ungra evrópusinna.*

# Stendur Íslendingum á sama?

**UMRÆÐAN**
Gerður A. Árnadóttir skrifar um málefni fatlaðra


GERÐUR A. ÁRNADÓTTIR

Í dag eru 185 fatlaðir einstaklingar með þroskahömlun, einhverfu og fjölfötlun á biðlista eftir nauðsynlegri þjónustu til að geta lifað fullgildu lífi til jafns við ófatlað fólk. Hér er um að ræða lögbundna þjónustu sem veita skal skv. lögum um málefni fatlaðra.

Ef frumvarp til fjárlaga 2010 nær fram að ganga verður ekki komið til móts við þarfir þessara einstaklinga. Frumvarpið gerir heldur ekki ráð fyrir því að brugðist verði við eðlilegri fjölgun þeirra sem á slíkri þjónustu þurfa að halda á hverju ári, þrátt fyrir þá augljósu staðreynd að fötluð börn fæðast hér á landi og vaxa fram á fullorðinsár eins og önnur ungmenni. Að ári má því áætla að fjöldi einstaklinga á biðlistanum verði a.m.k. 220. Hér er að hluta um að ræða fortíðarvanda. Frá árinu 2006 hefur fjármagn til þessarar þjónustu ekki verið í samræmi við þörf og nýliðun og því fjölgaði þeim einstaklingum sem ekki fengu nauðsynlega, lögbundna þjónustu. Í tíð Jóhönnu Sigurðardóttur sem félagsmálaráðherra varð nokkur breyting til betri vegar þó ekki væri nóg gert eins og núverandi biðlisti vitnar um. Hér er um að ræða lögbundna þjónustu við fólk sem fötlunar sinnar vegna er háð aðstoð til að geta lifað lífinu. Þegar slík þjónusta er ekki veitt eru brotin lög á þessum einstaklingum og mannréttindi þeirra ekki virt. Af hverju þykja stjórnvöldum mannréttindi fatlaðs fólks minna virði en annarra?

Núverandi ríkisstjórn hefur lagt áherslu á að við byggjum á Íslandi norrænt velferðarkerfi. Norræn velferð felur í sér aðgang að menntun óháð efnahag, grunnþjónustu í heilbrigðiskerfinu og félagsþjónustu í samræmi við þarfir einstaklinga. Á Íslandi stendur menntakerfið vel og í kreppunni hefur verið stuðlað að auknum menntunartækifærum. Heilbrigðiskerfið okkar er gott og þó að þar hafi komið fram sparnaðarkröfur njóta allir Íslendingar heilbrigðisþjónustu þegar þeir þurfa á henni að halda. Þjónusta við fatlað fólk er hins vegar ekki í neinu samræmi við fyrirliggjandi þörf. Þjónustu við fatlaða virðist alltaf mega skera niður gagnrýnislaust. Hvernig samrýmist það áherslunni á norrænt velferðarkerfi? Af hverju er í lagi að hunsa þarfir fatlaðs fólks fyrir lögbundna grunnþjónustu? Hvaða siðferði og áherslur vitna slík viðhorf um? Er íslenskur almenningur sáttur við þær áherslur?

Núverandi stjórnvöld voru kosin til að breyta forgangsröðuninni í samfélagi okkar, setja fólk framar fjármagni og tryggja velferð. Frumvarp ríkisstjórnarinnar til fjárlaga ársins 2010 gengur gegn áherslunni um norrænt velferðarkerfi, jöfnuð og réttlæti þegar litið er til þjónustu við fatlað fólk. Fjárhagsvandi íslensku þjóðarinnar er þar engin afsökun. Þegar frumvarpið er lesið er augljóst að með annarri forgangsröðun er til nægilegt fjármagn til að mæta þörfum fatlaðs fólks fyrir nauðsynlega þjónustu. Þá er þjónusta við fatlað fólk atvinnuskapandi verkefni því slík þjónusta kallar á fjölda starfa fyrir fólk á öllum aldri. Með bættri þjónustu við fatlað fólk felast því augljós samfélagsleg tækifæri öllum til góðs. Sú ákvörðun að veita fötluðu fólki góða þjónusta snýst því um pólitískan vilja og rétta forgangsröðun. Hefur ríkisstjórn Samfylkingar og VG slíkan vilja?

Undirrituð skorar á Alþingi og ríkisstjórn að gera þær breytingar á fjárlagafrumvarpi næsta árs sem tryggja fötluðu fólki þjónustu í samræmi við íslensk lög og sýna þannig í verki að fatlað fólk á Íslandi njóti mannréttinda, jafnréttis og eðlilegra lífsgæða til jafns við aðra íbúa þessa lands.

*Höfundur er formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar.*




# Aðventuræða á Árnesþingi 2000

**UMRÆÐAN**
Sigurður Sigurðsson skrifar um kirkjuna


SIGURÐUR SIGURÐARSON

Hér birtist skv. áskorunum og að gefnu tilefni ræða, sem undirritaður hélt í Hraungerðis- og Villingaholtskirkjum árið 2000.

Mér finnst rétt að taka fram eftirfarandi vegna nýliðinna atburða í kirkjunni minni á Selfossi, að sóknarfólkið ætti alltaf að ræða saman opinskátt og í einlægni, þegar upp koma ágreiningsmál. Byrja þarf á því að leggja spilin á borðið og leita sátta og fyrirgefningar eftir því sem kostur er. Þögn og skortur á upplýsingum innan safnaða geta leitt af sér illindi og hugmyndir um undirróður að ástæðulausu.

Hér fer á eftir fyrri hluti ræðu minnar, sem fjallaði um kirkjuna og þjóna hennar í desemberbyrjun árið 2000. Mér finnst hún eiga við enn í dag, þótt vonandi hafi orðið breyting til hins betra.

„Ég fékk kristilegt uppeldi hjá ömmu minni og móður og bjó að því lengi, vaknaði með bæn á vörum og árum saman las eg mig í svefn að kvöldi með fallegum bænum og versum, 33 urðu þau flest í einni runu, en fleiri kunni eg. Þetta var mín barnatrú. Sambandið, eitt sinn svo heitt og hjartanlegt milli mín og trúarinnar hefur kólnað. Ég hef hægt og bítandi orðið viðskila við boðskap kirkjunnar. Ýmsir munu því kalla mig trúleysingja. Í von um betri tíð hef eg þó ekki sagt mig úr kirkjunni minni ennþá, en hef yfirvegað slíkt. Kirkjutónlistin seiðir mig til sín með sama undrakrafti og forðum.

Mér finnst að kirkjan sé annað en það sem hún á að vera, að of fáir prestar noti predikunarstólinn til að tala um það sem máli skiptir, að ýmsir þjónar kirkjunnar séu ekki það fordæmi sem vera ber.

Þó viðurkenni ég á sömu stundu, að í hópi dýrmætustu vina minna eru prestar, sómakærir heiðursmenn og huggarar, yndislegir græðarar hyldjúpra sálarsára. Ég met þá öðrum mönnum meira. Eg veit reyndar líka, að flestir hinna eru líka heiðursmenn. Mér stendur þó ekki á sama um allt, sem, fram fer og fer framhjá kirkjunnar þjónum.

Ég bið menn nú að halda sér fast, því að nú segi ég kirkjunni minni og ófullkomnum þjónum hennar til syndanna. Á sama hátt á kirkjan að tyfta mig og aðra ófullkomna syndaseli, þegar ástæða er til.

Ég átel: Óeiningu, óreiðu, orðagjálfur og dreissugheit, sýndarmennsku og siðleysi, makræði og græðgi, hégóma og helgislepju – innan kirkjunnar – fleira mætti telja, en nóg er komið í bili.

Ég geri miklu meiri kröfur til presta en til almennings. Þeir eiga að vera fyrirmyndir og leiðtogar æskunnar. Prestar þurfa þó ekki að ganga á víxl með helgisvip og sútarsvip alla daga. Þeir eiga að vera eðlilegir, hreinlyndir, tala mál sem skilst, safaríkt og kjarngott, standa við hlið fólksins og deila kjörum með því en hreykja sér ekki. Kirkjan má ekki réttlæta óvandaða breytni og ólifnað sinna þjóna með því að segja að þeir séu bara menn. Finnist þar einn syndabelgur, sem hvorki iðrast né bætir fyrir brot sitt strax, skal víkja honum úr musterinu, út fyrir garð í ábyrgðarminna hlutverk.

Læknar dýra og manna, sem byrla ólyfjan lenda úti á köldum klaka. Ég vil að prestar láti ógert, að byrla óspilltum sálum andlegri ólyfjan með breytni sinni. Þeir eiga að temja skap sitt, örva og hvessa viljann, leggja niður hégómlegar deilur í eigin hópi um mál sem engu skipta, fægja eigið siðferði og horfa ekki aðgerðarlausir á á siðferði landsmanna hrapa í verði eins og nú gerist. Óregla, óhamingja, mannleg eymd og rugl vex í sífellu sökum afskiptaleysis, skorts á hvatningu, viðvörun og leiðsögn úr predikunarstólum landsins og vegna skorts á aga og góðu fordæmi foreldra og annarra. Allt þetta ætti kirkjan að geta haft í hendi en gerir ekki eins og mætti. Á meðan fjölgar hjónaskilnuðum og börnum með sár á sálinni.

Þungur straumur eiturlyfja inn í landið eyðileggur æskufólkið og tryllir marga eldri. Hér á kirkjan að láta að sér kveða svo að um munar. Prestar mega ekki hika við að koma fram með myndugleika gagnvart siðblindu stjórnvalda og siðlausu almennings og einstaklinga og berja í brestina.

Kirkjan þarf jafnframt að uppræta siðferðisbrestinn og illgresið úr eigin garði, svo að hún verði trúverðug. Hún þarf að skóla og sigta rækilegar en nú er gert þann hóp sem sleppt er lausum til að vera andlegir leiðtogar lýðsins. Ég vona að sr. Kristinn fari nú ekki að halda að ég eigi við hann með þessum orðum. Mér finnst hann einmitt hæfilega alþýðlegur og mátulega skrýtinn eins og ég og fleiri hér inni til þess að ná til hjartans og heilans með boðun sína.

Nauðsynlegasta boðorðið er aðeins eitt: Breyttu við aðra eins og þú vilt, að aðrir breyti við þig.

„Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt“ (Einræður Starkaðar, E.Ben.) Þetta erindi ættu menn, leikir og lærðir, vígðir og óvígðir að lesa oft og læra, hafa yfir hátt og í hljóði og draga af því lærdóm til að bæta samskipti sín við aðra menn, stóra og smáa, háa og lága.“

*Höfundur er dýralæknir.*



**OPRAH** situr ávallt fyrir á forsíðu tímaritsins síns, O. Stundum fá stjörnurnar þó að deila plássinu með henni. Í desember hlýtur grínleikkonan Ellen DeGeneres þann heiður og ríkir mikil gleði á forsíðunni í það skiptið.



Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473












Elín Lovísa klædd bol, buxum og skóm úr Zöru. Beltið er úr „second hand"-búð í Svíþjóð, armbandið keypt á Portobello Road í London, hálsmenin úr Top Shop og H&M, en hringurinn frá Hendrikku Waage. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Langar mikið í leðurkjól

**Elín Lovísa Elíasdóttir Verzlunarskólanemi hefur gaman af því að fylgjast með tísku. Hún skoðar gjarnan tímarit og finnst Olsen-systurnar og Nicole Richie vera flottar fyrirmyndir þegar kemur að klæðaburði.**

„Ég er með mjög fjölbreyttan fatasmekk og fer ekki eftir neinum sérstökum reglum. Hverju ég klæðist fer allt eftir því hvað ég fíla hverju sinni," segir Elín Lovísa Elíasdóttir, 18 ára. Elín stundar nám á félagsfræðibraut við Verzlunarskóla Íslands, en auk þess æfir hún söng og píanó í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og starfar hjá Kaupfélaginu í Kringlunni.

„Ég fylgist reglulega með því hvað er að gerast í tískuheiminum. Ég skoða nánast daglega tvö sænsk tískublogg og fer inn á heimasíður H&M, Vogue og Elle. Ég hef líka gaman af því að skoða hverju stjörnurnar klæðast og elska til dæmis hverju Olsen-systurnar og Nicole Richie klæðast," segir Elín.

Aðspurð segist hún aðallega kaupa föt í Zöru og Topshop hér á landi. „Mér finnst skemmtilegra að versla erlendis því það getur verið erfitt að finna föt hérna heima. Yfirleitt eru allir komnir í það sama eftir viku og úrvalið er takmarkað," útskýrir Elín. „Þegar ég kaupi föt úti fer ég mikið í H&M og er mjög hrifin af búð sem heitir Monkey í Svíþjóð. Mér finnst líka gaman að fara í „second hand"-verslanir og reyni þá að finna einhverja einstaka flík sem stendur út úr," bætir hún við.

En hvað er efst á óskalistanum í dag? „Núna langar mig mikið í hlýralausan leðurkjól. Mér finnst allt þetta svarta leður og rokkaða útlit alveg geggjað. Svo er ég að bíða eftir skóm í Kaupfélagið, sem eru svartir, ökklaháir, renndir, með fylltum hæl og spennum. Við erum búin að panta þá svo þeir eru væntanlegir á næstunni," segir Elín.

*alma@frettabladid.is*



**LIAM GALLAGHER**, söngvari hljómsveitarinnar Oasis, þykir hafa sérstakan smekk. Hann stofnaði í ár fatamerkið Pretty Green og 7. nóvember síðastliðinn var frumsýnd haust- og vetrarlína merkisins.



# Býr til föt úr grisjum

**Elva Björg Pálsdóttir hefur lengi haft gaman af því að sauma úr óhefðbundnum efnum og er nýfarin að gera föt úr grisju. Útkoman er merkilega góð og hefur Elva fengið fínustu viðbrögð.**

Flestir setja grisjur í samband við borðtuskur og sáraumbúðir en Elva Björg Pálsdóttir hefur fundið leið til að sauma úr þeim föt.

„Ég hef verið að hanna og sauma síðan ég var lítil og hef alla tíð haft gaman af því að leika mér með óhefðbundin efni og endurnýta það sem er hendi næst. Maðurinn minn, sem er vélstjóri á sjó, notar grisjur til að þrífa vélarnar og datt mér í hug að prófa að sauma úr þeim föt. Ég hafði lengi velt því fyrir mér hvort það væri hægt en faðir minn og bróðir eru einnig sjómenn og hef ég því oft haft efnið í kringum mig. Fötin eru nú aðgengileg á fésbók undir nafninu E-mode og hef ég þegar fengið góð viðbrögð,“ segir Elva.

Hún þvær og litar grisjurnar og gerir úr þeim peysur, kjóla, leggings og klúta. Mér finnst efnið koma skemmtilega út þegar búið er að eiga við það og það er ótrúlega þægilegt. Það er hlýtt, enda úr hundrað prósent bómull, en samt svitnar maður ekkert.“



Mikið er af sjómönnum, sem nota grisju við störf, í kringum Elvu og hafði hún lengi velt því fyrir sér hvort hægt væri að sauma úr þeim föt.

Í sumar flíkurnar notar Elva eingöngu grisjur en henni finnst líka flott að blanda þeim við annað efni og hafa til dæmis ermar eða kraga úr grisju en annað úr jersey eða öðrum hefðbundnari efnum.

Elva, sem er útskrifuð af handíðabraut frá Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, leggur mikið upp úr áferð og hefur hug á að læra textíl- eða fatahönnun. „Ég sauma úr öllum mögulegum efnum en hnýti þau og lita á ýmsan veg.

Elva heldur tískusýningu með nemendum í útskriftaráfanga handíðabrautar Fjölbrautaskólans í Breiðholti 26. nóvember næstkomandi klukkan 20.30 og þar verður hægt að berja fötin augum. *vera@frettabladid.is*



Elva leggur mikið upp úr lit og áferð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Eirberg
Viðurkenndar stuðningshlífar
- Veita góðan stuðning
- Vandaður vefnaður með góðri öndun
- Einstök hönnun
- Viðurkennd gæði
- Fjölbreytt úrval

BAUERFEIND
www.eirberg.is • 569 3100
Stórhöfða 25

Fallega jólaskeiðin frá Ernu
Verð 14.900.-
ERNA
sími 552 0775

www.gabor.is
Gabor
Skór & töskur
Sérverslun með
Gabor
xena
FÁKAFENI 9
(við hliðina á ísbúðinni)
Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18
& laugard. 11-16

Ný dúnúlpusending
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422

teg. Suzanna - virkilega flottur push up fyrir brjóstgóðar í D,DD,E,FF,G skálum á **kr. 6.885,-**
teg. Amelia glæsilegur í D,DD,E,F,FF,G skálum á **kr. 6.885,-**
MISTY
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf
Laugavegi 178, 105 R
sími 551-3366 - **www.misty.is**
opið mán-fös 10-18, lau 10-14

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél Topphlaðin - 10 kg -
Þurrkari - 10 kg -
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

vísir.is
„...ég sá það á vísi“

Auglýsingasími
512 50 50
Mest lesið

BASLER HAUSTDAGAR
20% afsláttur af BASLER vörum
18. okt. - 18. nóv
BASLER • PARÍSARTÍZKAN • Skipholti 29b • S. 551 0770



Samfestingur eftir hönnuðinn Adnan Pardesy.

Glæsilegur búningur eftir Fahad Hussayn.

Litríkur kjóll eftir Deepak Perwani.



Litríkur og þjóðlegur klæðnaður eftir Athar Hafeez.



Ný nálgun að hefðbundinni slæðu múslimaheimsins eftir Athar Hafeez .

# *Tískusýning í skugga átaka*

**Engir erlendir hönnuðir eða fyrirsætur tóku þátt í tískuvikunni í Pakistan sem er nýlokið. Ástæðan var ótryggt ástand landsins en herskáir öfgamenn hafa gert mannskæðar árásir á landið á síðustu mánuðum.**

Þrjátíu og tveir innlendir hönnuðir sýndu á tískuvikunni í Karachi, höfuðborg Pakistans, sem lauk í gær. Atburðurinn var haldinn þremur vikum á eftir áætlun en frestunin varð vegna þess ótrygga ástands sem ríkt hefur í landinu. Auk þess þótti það viðeigandi virðing við yfir 300 manns sem létust höfðu í árásum herskárra talibana í október að fresta tískuvikunni.

Ætlunin var að kynna erlenda hönnuði á sýningunni en ekkert varð úr því af öryggisástæðum. Skipuleggjendur héldu þó ótrauðir áfram og árangurinn varð glæsileg sýning á því besta sem Pakistan hefur upp á að bjóða í tískuheiminum. Vitanlega var ekki mikið um bert hold á tískupöllunum en fötin miðuðust heldur við hefðbundinn klæðnað múslima sem hylja vel líkamann. Sumir létu þó gömul viðmið ekki stoppa sig en eitt er víst að litadýrðin var í fyrirrúmi svo og hönnunargleðin. *solveig@frettabladid.is*



Karlatíska var einnig sýnd á pöllunum í Pakistan.

# Leðurbuxur með laxaroði

**Farmers market setur á markað buxur úr íslenskum náttúruafurðum.**

Aðsniðnar dömubuxur úr lambsleðri og laxaroði, sem er sútað í verksmiðju Sjávarleðurs á Sauðárkróki, eru nýjasta afurð Farmers market. Buxurnar hafa fengið nafnið Sporður en vörur fyrirtækisins bera allar íslensk bæjarnöfn.

Hönnunarfyrirtækið Farmers market var stofnað haustið 2005 af Bergþóru Guðnadóttur hönnuði og Jóel Pálssyni tónlistarmanni. Markmið þeirra er að nýta náttúruleg hráefni og framleiða vörulínu af fatnaði og fylgihlutum sem hefur sterka skírskotun til íslenskrar arfleifðar og menningar.

Buxurnar, sem eru samsettar úr fimmtíu stykkjum, þarf að sérpanta. *- ve*



Buxurnar eru samsettar úr fimmtíu stykkjum. MYND/FARMERS MARKET

**Frábær vara á góðu verði**

**Heilstæðar kremlínur fyrir þig**
- **Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast**
- **Lift- fyrir eldri húð**
- **Margar nýjungar í boði**

DeBa

**Sölustaðir: Apótek og snyrtivörudeildir**



FLOTT Í VETUR...
með Slendertone

NÝTT
dömu/herra belti
Flex kr. 22.900,-
Flex Max kr. 27.900,-
System kr. 33.900,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

HANSKADAGAR

30% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM BRÚNUM HÖNSKUM

í 3 daga frá fimmtudegi til laugardags.



Töskur og hanskabúðin
Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

DAY
BIRGER ET MIKKELSEN



**2 ÁRA AFMÆLI**

**20% afsláttur** af öllum vörum.
Bjóðum upp á veitingar milli 17 og 19 fimmtudaginn 12. nóvember.
Tískusýning. Happadrætti. **Nýtt kortatímabil**.

**Vertu velkomin.**





Kínverskur vasi frá sextándu öld sem metinn er á 60 þúsund evrur.



Gotneskt billjardborð af heimili Saint-Laurent og Bergé.

## Bifreið Saint-Laurent boðin upp

Í FEBRÚAR SELDUST MUNIR TÍSKUHÖNNUÐARINS FYRIR 340 MILLJÓNIR EVRA. NÚ VERÐA BOÐNIR UPP ENN FLEIRI MUNIR.

Uppboðshúsið Christie's heldur í næstu viku uppboð á munum úr eigu Yves Saint-Laurent. Þetta er í annað sinn sem slíkt uppboð fer fram. Í september í fyrra, fjórum mánuðum eftir lát Saint-Laurent, tilkynnti ástmaður hans, Pierre Bergé, að hann ætlaði að selja flesta þá listmuni sem þeir félagarnir hefðu safnað að sér á fimmtíu árum. Uppboðið var haldið í febrúar 2009 og var kallað uppboð aldarinnar af mörgum. Þar voru 700 munir úr eigu þeirra boðnir upp og seldir fyrir 342 milljónir evra. Nú verða boðnir upp fjölmargir listmunir á borð við málverk eftir Fernand Leger auk annarra hluta eins og ferðatöskur frá Hermes og Mercedes Benz-bifreið Saint-Laurent. Uppboðið fer fram dagana 17. til 19. nóvember og er áætlað að munirnir muni hala inn milli þrjár og fjórar milljónir evra. *- sg*

HEYRN

Bjóðum úrval af dönskum ReSound heyrnatækjum

Hjá Heyrn er veitt alhliða þjónusta til að bæta úr heyrnarskerðingu undir faglegri ábyrgð Ellisifjar K. Björnsdóttur, heyrnarfræðings.



Heyrnarþjónusta
Heyrnarvernd
Heyrnarmælingar
Heyrnartæki
Ráðgjöf





Ellisif K. Björnsdóttir
heyrnarfræðingur

ReSound rediscover hearing

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur -www.heyrn.is

Tímapantanir 534 9600



Gucci hefur heitið því að nota ekki pappír frá indónesískum regnskógum eða aðrar plöntuafurðir þaðan í töskur sínar.

# Gucci vill bjarga regnskógunum

**Umhverfið er tískuvörurisanum Gucci hugleikið. Fyrirtækið hefur heitið átakinu Rainforest Action Network stuðning sinn.**

Tískuvörufyrirtækið Gucci vill vinna gegn eyðingu regnskóganna samkvæmt heimasíðu tískutímaritsins Vogue. Gucci, sem á tískuvörumerkin Balenciaga, Yves Saint Laurent og Alexander McQueen, hefur lýst yfir stuðningi við Rainforest Action Network og heitið því að nota ekki pappír úr indónesískum regnskógum eða aðrar plöntuafurðir þaðan í töskur sínar.

Mimma Viglezio, talsmaður Gucci, segir regnskóga ekki vera lúxus heldur lífsnauðsyn ef stöðva á hlýnun jarðar og vonast til að ákvörðun Gucci verði öðrum tískuvörufyrirtækjum til eftirbreytni.

Lafcadio Cortesi, formaður Rainforest Action Network, segir Gucci-samsteypuna sýna bæði gott fordæmi og forsjálni með stuðningi sínum.

ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



## Kína Eldóradó lúxusiðnaðarins

Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti er ekki einn um að stinga mannréttindabrotum kínverskra stjórnvalda undir stól þegar peningar og viðskipti eru annars vegar. Sama má segja um flesta aðra þjóðarleiðtoga og víst er að á krepputímum verður vald peninganna enn meira. Lúxusiðnaðurinn er þar engin undantekning og hefur þessum markaði vaxið fiskur um hrygg í Kína á síðustu árum. Sífellt feiri Kínverjar hafa nú efni á lúxusvarningi og tískuhúsunum fjölgar um tugi ef ekki hundruð á ári hverju. Til dæmis opnar Balenciaga tvær búðir í ár og tvær á næsta ári og Chanel fjölgar sínum sölustöðum úr þremur í fimm á þessu ári. Louis Vuitton sem hefur nú þegar opnað 32 búðir í Kína opnaði á dögunum sína fyrstu í Mongólíu, Gucci er með 29 búðir og Cartier með 32. Tala franskra tískuhúsa hefur þrefaldast á fjórum árum og eru þær nú 1.600 í Kína, þar af 272 í höndum tískuhúsanna sjálfra en ekki í höndum heimamanna sem kaupa lagerinn og selja í nafni hönnuðarins. Þetta sýnir hversu mikilvægur markaðurinn er talinn af stjórnendum fyrirtækjanna. Tískuhúsin opna ekki lengur á ríkari svæðum landsins eins og í Peking eða Sjanghæ þar sem bling-bling stíllinn ræður ríkjum heldur einnig í fjarlægari landshlutum þar sem enn má sjá vagna dregna af nautum fara framhjá útstillingargluggum fínu verslananna. Annað sem hefur breyst er að fínu merkin eru ekki aðeins seld í stórum verslunarhúsum heldur eru tískuhúsin nú sjáanleg á verslunargötum sem eru að breytast í fínustu verslunargötur á heimsmælikvarða.

Nú er ekki lengur talað um Japana sem mikilvægustu viðskiptavinina í Asíu, bæði vegna efnahagskreppunnar í Japan en ekki síður því að Kína er á örfáum árum orðinn annar stærsti lúxusmarkaðurinn í heimi hjá Vuitton og Gucci svo dæmi séu tekin og sá stærsti hjá öðrum. Tískuhúsin prísa sig sæl um að hafa kínverska markaðinn í kreppunni. Kínverjar eru 1,3 milljarðar í dag og PIB í landinu hækkar um átta prósent á árinu 2009. Það segir sig því sjálft að fínu tískuhúsin væru í erfiðari aðstöðu í heimskreppunni ef þessa markaðar nyti ekki við. Meðan sala á ilmvötnum, töskum og úrum dregst saman um 8-16 prósent í Evrópu, Bandaríkjunum og Japan þá eykst salan á sama tíma í Kína um tíu prósent. Þessi þróun hófst hægt og rólega upp úr 1992 en síðan 2004 er hægt að tala um sprengingu í lúxusgeiranum og þó að búast megi við því að markaðurinn verði á endanum mettaður eru Brasilía og Indland í startholunum og verða sjálfsagt næsti áfangastaður landkönnuða lúxusgeirans.

*bergb75@free.fr*



Kjóllinn sem Marilyn Monroe klæddist þegar hún söng afmælissönginn fyrir John F. Kennedy var alsettur 6.000 gervidemöntum. Hann var seldur á uppboði árið 1999 fyrir 1,26 milljónir dollara.

**af netinu**

Frábær fjölskyldustaður
ljúffengur matur og góð þjónusta.

RED CHILI





Red Chili - Laugavegur 176
sími: 562 6000 - www.redchili.is

STÓRVIÐBURÐUR FÖSTUDAGINN 13. NÓV.









"Þú og Ég" föstudagskvöldið 13 nóv 2009.

***Þú og Ég*** dúettinn Helga Möller og Jóhann Helgason mæta á ***80´s Club*** Grensásvegi 5-7 og skemmta gestum okkar á ljósagólfinu í tilefni 30 ára starfsafmælis Þú og Ég. Taka þau öll sín vinsælustu lög sem þau gerðu á ljósagólfinu í Hollywood fyrir 30 árum ásamt ***Villa Ástráðs*** sem spilar öll bestu 80´s lögin langt fram á nótt.

Forsala miða í dag og á morgun frá kl. 17:00 til 22:00 á 80´s Club Grensásvegi 5-7. Miðaverð er í forsölu aðeins 1,000 kr og 1,900 kr við innganginn.
Þú og Ég byrja stundvíslega kl. 01:00. *Muna 30 ára aldurstakmarkið og snyrtilegur klæðnaður ! Sjáumst brosandi hress á 80´s Club um helgina.*

***Boltinn alltaf í beinni. Kaldur á krana á tilboði.***

# NÆRFATNAÐUR OG NÁTTFÖT

Sérblað • fimmtudagur 12. nóvember 2009














































*Lífstykkjabúðin*

**Laugavegi 82**



● **SOKKABUXUR SLÁ Í GEGN** Sokkabuxur litu fyrst dagsins ljós á 7. áratugnum en fram að því höfðu konur gengið í nælonsokkum. Afbrigði af þeim höfðu áður skotið upp kollinum en það var ekki fyrr en með meiri gæðum, lækkuðu verði og tilkomu mínípilsanna að þær urðu almennt vinsælar. Restin er flestum kunn.

# Búð hönnuð í lífstykkjastíl

**Lífstykkjabúðin á sér hátt í aldarlanga sögu sem er ótvírætt merki um að íslenskar konur hafa alla tíð kunnað að meta þá vöru sem þar hefur verið á boðstólum og svo er enn.**



FRÉTTABLAÐIÐ/HRÖNN

Glæsilegar innréttingar setja svip á Lífstykkjabúðina.

Huggulegur heimafatnaður, brjóstahöld, sundbolir, samfellur og sloppar eru meðal þess sem vinsælt er í Lífstykkjabúðinni á Laugavegi 82 og úrvalið er fjölbreytt. Við erum með flottan fatnað fyrir konur á öllum aldri, bæði smáar og stórar, og gefum okkur út fyrir að vera með vandaða vöru en ekki eitthvað sem þarf endurnýjunar við eftir nokkra mánuði," segir Berglind Sverrisdóttir verslunarstjóri. Hún bendir meðal annars á fatnað fyrir þær sem vilja líta enn betur út en áður með því að lyfta upp brjóstum eða forma þau á annan hátt. „Margar konur vilja enga sauma á brjóstahöldum en átta sig ekki á því að saumarnir gera mikið fyrir þær," tekur hún fram.

Lífstykkjabúðin var stofnuð 1916 af Elísabetu Kristjánsdóttur Foss sem hafði stundað nám í lífstykkjasaumi í Kaupmannahöfn, aðallega hjá Illum, og byrjaði í Hafnarstræti 9 í Reykjavík með eina saumavél að vopni. Reksturinn dafnaði og óx og eftir flutninga frá Hafnarstræti yfir í Kirkjustræti og þaðan í Austurstræti kom að því að hún byggði yfir starfsemina í Hafnarstræti 11 og var þar með sex til níu stúlkur í vinnu við saumaskap og afgreiðslu. Einu erfiðleikarnir við að reka fyrirtækið stöfuðu af efnisskorti vegna gjaldeyrisskorts og innflutningshamla.



Þessa sögu alla kann Guðrún Steingrímsdóttir, eigandi verslunarinnar í dag. „Ég keypti Lífstykkjabúðina 1993. Tók við henni af Þóri Skarphéðinssyni og Guðjóni Hólm, þekktum kaupsýslumönnum í miðborginni. Þá hafði hún flutt úr Hafnarstrætinu á Skólavörðustíg og þaðan að Laugavegi 4. Þar fékk hún ekki að vera því það átti að friða húsið en hér á Laugavegi 82 hefur hún verið síðustu þrjú árin."

Húsnæði búðarinnar er rúmgott og bjart og það er hannað í lífstykkjastíl af Guðrúnu Lilju Gunnarsdóttur hönnuði. Til dæmis sjást sokkabönd í skermum og í mátunarklefum. Saumaskapur á vegum verslunarinnar er löngu aflagður en allar vörur eru fluttar inn frá Frakklandi, Þýskalandi, Belgíu og hinum Norðurlandaþjóðunum.

Nafn verslunarinnar er eitt af því sem alltaf hefur fylgt henni og Guðrún Steingrímsdóttir segir aldrei hafa komið til greina að breyta því þótt mikil alda hafi gengið yfir af erlendum búðanöfnum á síðustu árum. „Það eru örfá íslensk nöfn eftir hér við Laugaveginn fyrir utan Lífstykkjabúðina," segir hún og bendir til dæmis á Brynju, Vinnufatabúðina og Vísi.

*- gun*

● **Í MARILYN MONROE-STÍL** Mynd sem tekin var á Langasandi í Kaliforníu af keppendum um titilinn Miss Universe árið 1957 sýnir að þær klæddust efnismiklum sundbolum miðað við það sem síðar komst í tísku. Síddin minnir á minipils nútímans. Þetta snið var vinsælt þá af þorra stúlkna, meðal annars af hinni kynþokkafullu leikkonu Marilyn Monroe.



**Fulltrúi Íslands í keppninni á Langasandi árið 1957 var Bryndís Schram. Hún er fimmta frá vinstri í fremstu röð, hávaxnari en flestar hinna.**

MYND/ÚR BÓKINNI BROSAÐ GEGNUM TÁRIN

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Hlynur Þór Steingrímsson hlynurs@365.is Sími: 512 5439

Valensia

# Valensia eru ein vinsælustu undirfötin á Íslandi




NÝTT KORTA TÍMABIL

Valensia

Í Hagkaup færð þú fjölbreytt úrval Valensia undirfata
í stærðum sem henta íslenskum konum.
Fegurð, vönduð snið og þægindi eru í fyrirrúmi.

íslensk hönnun

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár











**● NÝTT VOPN Í BARÁTTUNNI** Breskir vísindamenn við Háskólann í Bolton eru að þróa brjóstahaldara sem þeir vonast til að geti orðið nýtt vopn í baráttunni gegn brjóstakrabbameini. Í honum eru skynjarar sem nema hitabreytingar í brjóstinu en hækkandi hiti á ákveðnu svæði getur bent til vefjabreytinga eða mögulegrar krabbameinsmyndunar.

Haldarinn mun gefa frá sér hljóð- eða sjónmerki sem gefur notandanum til kynna að eitthvað geti mögulega verið að. Prófessor Elias Siores, sem stýrir rannsókninni, vonast til þess að brjóstahaldarinn geti orðið til þess að krabbameinið uppgötvist á fyrri stigum og að hann geti aukið lífslíkur þeirra kvenna sem þegar hafa greinst en hann sér fyrir sér að þær geti gengið í haldaranum meðan á meðferð stendur. Hann segir engar aukaverkanir fylgja örbylgjunum en að haldarinn, sem hann vonast til að komi á markað innan tveggja ára, muni kosta sitt.



**Brjóstahaldarinn kemur á markað innan tveggja ára og vonast menn til að hann geti orðið til þess að brjóstakrabbamein greinist á fyrri stigum.**



**Mikið er lagt upp úr framsetningu vörunnar í versluninni og er henni ávallt pakkað inn eftir kúnstarinnar reglum.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Litadýrð og gott viðmót

**La Senza býður upp á breitt stærðar- og litaúrval en þar er hægt að finna nærföt í stíl við nánast hvaða föt sem er.**

Starfsmenn La Senza eru í óða önn að taka upp jólavörurnar þessa dagana en þar á meðal eru sloppar, inniskór og baby doll-kjólar í úrvali. „Við erum með mikið í rauðu og svörtu að vanda en líka í neonbleiku, grænu, bláu og fjólubláu,“ segir verslunarstjórinn Þóra Hlíf Jónsdóttir.

La Senza, sem sérhæfir sig í nátt- og nærfatnaði, opnaði á Íslandi fyrir sjö árum en keðjan var stofnuð í Kanada árið 1990. Hún er í dag í eigu Limited Brands, eiganda Victorias Secret, og starfrækir yfir 700 verslanir í yfir þrjátíu löndum um allan heim.

La Senza leggur upp með að það eigi að vera einstök tilfinning að koma inn í verslanirnar og að viðskiptavinurinn upplifi persónulega þjónustu. „Við bjóðum upp á brjóstahaldaramátun og leggjum mikla áherslu á innpökkun vörunnar með ilmkúlum og öðru fíneríi. Þá erum við með ilmvötn og sturtusápur í úrvali sem henta vel í gjafapakkann eða handa þeim konum sem vilja gera sérstaklega vel við sig. Eins státar La Senza af mörgum stærðum, frá 30 A og upp í 38 FF auk þess sem von er á stærð 40 G innan tíðar,“ segir Þóra. Hún fullyrðir að konur af öllum stærðum og gerðum geti því fundið eitthvað við sitt hæfi.

Í versluninni er bæði að finna hefðbundin og blúnduskreytt nærföt en litaúrvalið er með fjölbreyttara móti. „Ef konur vantar til dæmis brjóstahaldara undir fjólubláan kjól þá er hægt að fá hann hjá okkur. Þá erum við með gott úrval af brjóstahöldurum sem er hægt að breyta á ýmsa vegu og til dæmis skipta um hlýra, taka þá af eða gera kross í bakið en þannig má með auðveldum hætti laga þá að klæðnaði hverju sinni.“

La SENZA
Kringlan - Smáralind - Akureyri

Nærföt

1000 kr. stykkið.
Nýtt kortatímabil.
Feminin Fashion
Tískuhús fyrir flottustu fljóðin
www.feminin.is • feminin@feminin.is
Bæjarlind 4, Kópavogi • sími 544 2222
Opið mán.-fös. kl. 11-18 - lau. 10-16

**● DUTTLUNGAR TÍSKUNNAR**

Elstu lífstykki sem vitað er um eru frá 12. öld, gerð úr járni, og er vitað til þess að konur hafi látið fjarlægja úr sér rifbein til að passa betur í þau. Lífstykki urðu ekki eðlilegur hluti af klæðnaði kvenna fyrr en á endurreisnartímabilinu. Hugsuðir upplýsingastefnunnar töldu þau heilsuspillandi og mótmæltu ákaft notkun þeirra um 1770. Franskar konur fóru að ganga í lífstykkjum án þvingana eftir frönsku byltinguna og slepptu þeim á nýklassíska tímanum. Þau öðluðust nýtt líf á biedermeier-tímanum, um 1825. Um 1840 voru þau svo eftirsótt að meira að segja karlar klæddust þeim. Nú, eftir umtalsverðar bætur, njóta þau nokkurra vinsælda.

Heimild: Tíska aldanna



**Nú eru lífstykki öllu þægilegri.**



**Lífstykki litu sum hver svona út á 16. öld en þetta er gert úr járni.**



Þunnir sloppar komu vel út utan yfir nærfötunum frá Triumph.

# Blúndur, vængir og sloppar

Nýjasta undirfatatískan frá Triumph var sýnd á tískupöllum í Wuhan í Kína í haust við góðar undirtektir.

Fyrirsæturnar sýndu sportleg nærföt, blúndunærfatasett, náttkjóla og þunna sloppa.

Samkvæmt heimildum tískufyrirtækja fara átta prósent af því sem kínverskar konur eyða í tískufatnað á ári hverju í nærföt en tuttugu prósent af því sem franskar konur eyða í föt, fara í nærfatnað. Engu að síður vakti tískusýning Triumph í Wuhan mikla lukku meðal kínverskra kvenna. *- ag*



Klassísk hvít nærföt eru sívinsæl. NORDIC-PHOTOS/AFP

Leikmunir komu oftar en ekki við sögu á sýningunni í Wuhan, eins og sjá má.

# Hleypa gleði í líf fólks

**Joe Boxer er engin venjuleg manneskja – reyndar er hann ekki manneskja heldur eitt af frægum nöfnum í náttfatageiranum. Náttfötin frá Joe Boxer eru afar skemmtileg enda fer þar saman kímnigáfa og góð hönnun.**



Sveinbjörg María opnaði ásamt manni sínum Joe Boxer á Íslandi fyrir áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Flestir þekkja Joe Boxer-náttbuxurnar,“ segir Sveinbjörg María, annar eigenda Joe Boxer-verslananna, sem eru í Kringlunni og Smáralind. „Þær eru úr 100 prósent bómull, raunar úr efni sem við köllum flónel og því mjög mjúkar. Þær hafa notið mikilla vinsælda bæði hjá konum og körlum enda fjölnota. Fólk sefur ekki aðeins í þeim heldur finnst því ekki síður gott að smeygja sér í þær að loknum vinnudegi þegar það gerir húsverkin eða um helgar þegar það slappar af yfir lestri blaða og kaffibolla. Köflótt mynstur er einkennandi fyrir þessar buxur en þær eru einnig til með broskörlum og það er sko ekki verra í skammdeginu.“

Sveinbjörg María segir að við náttbuxurnar séu það T-bolir með ýmsum áletrunum og broskarlinum góða sem einnig eiga upp á pallborðið hjá aðdáendum Joe Boxer. „Við erum með gott úrval af T-bolum með ýmsum áletrunum eða skemmtilegum skrípamyndum og táknum.“

Þeir sem vilja samsett náttföt úr léttara efni en mjúku þurfa ekkert að fara út úr Joe Boxer-búðinni því þau fást þar. „Við skiljum engan útundan. Vörulínan hjá okkur er alltaf að breikka og það má segja að við bjóðum upp á vörur fyrir allt frá nýburum til níræðra. Við fengum nýlega ungbarnanáttföt sem hafa verið rifin út en sú vörulína nefnist Happy goodnight. Þau eru þakin broskörlunum títtnefndu og til í þremur litum. Það er hægt að fá í stærðum fyrir nýfædd börn og upp í þriggja til fjögurra ára aldur. Þegar börnin eru komin á skólaaldur, svona níu ára og eldri, eru það svokallaðar „lucky“ jogging-buxur, sem heilla. Þær eru afar þægilegar og þeim finnst gott að vera í þeim bæði í leikskólanum og skólanum. Þær fást í fjórum til fimm litum og nær orðið „lucky“ niður á mitt lærið .

Sveinbjörg María segir að næstum tíu ár séu síðan hún og maðurinn hennar stofnuðu Joe Boxer hér á landi og Íslendingar hafi tekið vörumerkinu vonum framar.

En hver er þessi Joe Boxer? Nú hlær eigandinn áður en hann svarar: „Joe Boxer er bara nafn sem bandaríski hönnuðurinn Nick Graham gaf vörumerkinu og vörulínunni en margir halda að hönnuðurinn heiti Joe Boxer, en svo er alls ekki. Markmið hönnunarinnar er hins vegar að hleypa gleði, kátínu og brosi inn í líf fólks.“

1.



2.



3.



4.



5.



**1. Herraboxer**
**2899 kr.**

**2. Barnanáttbuxur**
**4890 kr.**

**3. Herra köflóttar lógó náttbuxur**
**4980 kr.**
**Rebel ermlaus bolur**
**2980 kr.**

**4. Dömu lucky hlírabolur**
**2680 kr.**
**köflóttar lógó náttbuxur**
**4980 kr.**

**5. Dömu heimaföt**
**Lucky bolur**
**2980 kr.**
**Lucky buxur**
**4990 kr.**

**JOE BOXER**
www.joeboxer.is



Hefner með aðalkærustu sinni núverandi, Crystal Harris, og aukakærustunum og tvíburunum Karissu og Kristinu Shannon. Þær verða stjörnur raunveruleikaþáttaseríunnar The Girls Next Door.

# Í silkináttfötum og ríkmannlegum sloppi

Hugh Hefner, bandaríski klámkóngurinn og eigandi tímaritsins Playboy, er þekktur fyrir sinn sérstæða fatastíl. Silkisloppurinn og pípan urðu einkennismerki hans strax í upphafi ferilsins og hefur fatasmekkurinn haldist óbreyttur yfir árin.

Frægð Hefners fékk endurnýjun lífdaga með raunveruleikaþáttunum The Girls Next Door á MTV þar sem kærustur hans þrjár; Holly Madison, Bridget Marquardt og Kendra Wilkinson, voru í aðalhlutverki. Hann sást hins vegar reglulega í þáttunum og þá oftar en ekki í svörtum silkináttfötum, inniskóm og ríkmannlegum herrasloppi. Þannig líður honum víst best og vill helst ekki í öðru vera á heimili sínu, Playboysetrinu. Utan heimilisins klæðir hann sig þó yfirleitt upp á en þó hefur sést til hans við opinber tilefni í náttfötunum og sloppnum. Glæsimaður það. *-sg*



Flottar svartar háar blúndunærbuxur.

NORDICPHOTOS/GETTY



Á sýningu Holeproof mátti sjá allar gerðir af karlmannsnærbuxum og boxerum í mismunandi litum.

Fyrirsæturnar sýndu skemmtilega litrík nærföt, hlýraboli og sokka.

# *Litagleði, líf og fjör*

**Það var mikil litadýrð á Hot in the city-undirfatasýningunni á Rosemount Sydney fashion festival 2009 í Ástralíu. Karlar og konur sýndu hönnun Holeproof í Martin Place Collection-sýningarsalnum við góðar undirtektir. Sýning Holeproof samanstóð af litríkum, sportlegum undirfatnaði, allt upp í svört blúndunærföt og hnéháa sokka, en Holeproof er einn vinsælasti fataframleiðandinn í Ástralíu og á Nýja-Sjálandi.** *-ag*



Háir sokkar komu vel út við nærbuxur og hlýraboli með blúndu.





20% afsláttur á meðan birgðir endast!

Metasys er áhrifaríkt fæðubótaefni sem hefur hjálpað þúsundum Íslendinga við að létta sig. Að auki er Metasys mjög heilnæmt og þykir auka orku og úthald. Þeir sem hafa náð bestum árangri á Metasys hafa bætt inn hæfilegri hreyfingu og viðhaft skynsamlegt mataræði

**Kíktu inn á www.metasys.is**
Þú færð Metasys í heilsu- og lyfjaverslunum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

metasys®









● **KATE MOSS HANNAR NÁTTFÖT FYRIR TOPSHOP** Ofurfyrirsætan Kate Moss hefur hannað náttfatalínu fyrir Topshop. Línan, sem er nýkomin í verslanir, samanstendur af silkináttfötum, sloppum, skyrtum og nærfötum. Moss segist fyrst og fremst hafa hugsað um hvað hana langaði sjálfri til að eiga þegar hún hannaði línuna og segist alltaf hafa verið mikill aðdáandi fallegra náttfata.



● **NÆRFÖTIN UTAN YFIR** Almenn hefð er fyrir því að vera í nærfatnaði innan klæða. Þó hafa ólíklegustu menn reyndar tekið upp á því að klæðast honum utan yfir. Poppsöngkonan Madonna er sjálfsagt einna þekktust þeirra sem það hafa stundað, en hún hefur verið iðin við að koma fram í nærfatnaði einum klæða eða þá utan yfir ýmsum öðrum fatnaði.





# Gjöf sem gleður bæði

**Í undirfataversluninni Línserí er boðið upp á frönsk og ítölsk nærklæði og náttföt af bestu gerð.**

„Íslenskar konur eiga að geta keypt sér úrvalsundirfatnað innan landsteinanna. Þær eiga það sannarlega skilið. Þær eiga ekki að þurfa að fara til útlanda til þess,“ segir Sif Jónsdóttir, sem ásamt Katrínu systur sinni opnaði undirfataverslunina Línserí í Garðastræti 17 sumarið 2008.

Línserí leggur áherslu á vönduð vörumerki. „Við erum með toppinn á undirfötum í dag: La Perla frá Bologna á Ítalíu. Kjörorðið hjá Ada Masotti, sem stofnaði La Perla, var að fórna aldrei gæðum á efni og hönnun fyrir verð. Allt sem frá La Perla kemur, hvort sem það eru náttkjólar eða -föt, undirkjólar eða undirföt, ber þess skýr merki,“ segir Sif og tekur sem dæmi að ákveðinn hluti undirfatnaðarins sé úr silki og alsettur ítölskum blúndum. „Þetta eru einstaklega falleg, vönduð og rómantísk undirföt.“

Þá er Línserí með nýjasta nýtt í undirfatnaði frá París. „Við erum með undirföt, sokkabuxur, sokkabönd og annað frá Chantal Thomass sem er mjög „chic“. Ungu stelpurnar kaupa mikið af Chantal Thomass en annars hentar þetta konum á öllum aldri. Fyrirtækið heitir eftir stofnanda þess, sem enn í dag hannar allt sjálf. Í versluninni eru líka flottar regnhlífar frá Chantal Thomass sem eru frábærar til gjafar.“

Sif segir að fyrirtækin La Perla og Chantal Thomass hafi verið stofnuð af konum sem byrjuðu með lítinn rekstur heima hjá sér sem síðan hefur þróast út í umsvifamikil fyrirtæki. Bæði njóti mikillar velgengni sem megi þakka þeirri alúð sem konurnar hafa lagt í hönnun sína.



**Línserí er í Garðastræti 17, við hliðina á Klausturvörum, verslun með vörur unnar af munkum og nunnum í Evrópu.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Línserí leggur áherslu á einstaklingsbundna þjónustu. „Hér er opið þriðjudaga til föstudaga frá klukkan 11 til 18 og á laugardögum frá 11 til 16. Í desember verður opið lengur. Ef ekki hentar fólki að versla þegar opið er, getur fólk hringt og fengið að koma eftir lokun. Við tökum vel á móti einstaklingum, klúbbum eða pörum, þar sem herrann getur sopið á koníaki á meðan frúin mátar falleg undirföt. Enda er þetta gjöf sem gleður bæði.“

Þess skal getið að þeir sem gerast aðdáendur Línserí á Facebook fyrir 10. desember fara í lukkupott. Einnig lenda í lukkupottinum þeir sem þegar eru á póstlista hjá Línserí. Dregið verður 15. desember og fær vinningshafi undirfatasett frá Chantal Thomass að eigin vali.







;ALLT HELGIN
Laugardaga
Sölufulltrúi:
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473

LÍNSÉRÍ
Garðastræti 17



Pamela Anderson er ein þeirra kvenna sem kom af stað bylgju brjóstastækkana um miðjan síðasta áratug.

## Meðalstærðin komin í 36C

Karlar og konur hafa löngum haft gaman af því að finna út meðalstærð hinna ýmsu líkamsparta og eru brjóstin ekki undanskilin. Brjóstastærð er mæld í bókstöfum frá A og upp úr auk þess sem ummálið í tölustöfum fylgir með. Bæði málin hafa vaxið umtalsvert á undanförnum árum.

Um miðjan síðasta áratug var meðal brjóstastærð í Bretlandi 34B. Hún er nú komin í 36C og virðist tilhneigingin vera svipuð í öðrum löndum. Á það jafnvel líka við hjá asískum konum sem lengst af hafa flestar verið í stærð A. Skýringarnar á þessu eru einkum tvær, brjóstastækkanir og vaxandi ummál kvenna almennt. *- ve*



**● G-STRENGURINN** Síðustu misseri hefur G-strengurinn notið mikilla vinsælda, en margt er á huldu um uppruna þessa þarfaþings og þar á meðal hvernig sjálft heitið er til komið. Vitað er að orðið g-string eða geestring var notað yfir lendaskýlur indíána seint á 19. öld. Sennilegt þykir að orðið sem notað er yfir nærhaldið sé dregið af því. Þó er ekki vitað með vissu hvernig lendaskýlan sjálf hlaut þetta heiti. Ein tilgátan er sú að bókstafurinn g sé stytting á orðin girdle, sem þýðir sokkabandabelti. Heimild: www.visindavefur.is.



**● TRÚARLEG TENGING NÆRKLÆÐA** Nærföt hafa sums staðar, rétt eins og annar fatnaður, öðlast táknrænt eða trúarlegt gildi. Víða tengist notkun þeirra trúarlegum kröfum um að hylja beri þá staði líkamans sem tengja má við getnað. Enn hafa nærbuxur sums staðar greinilega táknræna merkingu. Þannig nota til dæmis sumir hindúar ákveðna gerð nærbuxna til að hemja ástríður sínar. Eins klæðast mormónar bómullarsamfestingum innstum klæða til að minna sig stöðugt á ýmislegt sem lýtur að hreinlífi og trúfestu. Heimild. www.visindavefur.is.



**● SAGA BRJÓSTAHALDARANS** Konur hafa öldum saman notað einhvers konar klæði sem líkjast brjóstahöldurum. Líklegt þykir að brjóstahaldarar í þeirri mynd sem við þekkjum hafi svo smám saman þróast út frá þessu klæðum. Heiðurinn að fyrsta ósvikna brjóstahaldaranum er oft eignaður annaðhvort Herminie Cadolle eða Mary Phelps Jacob. Flík Cadolle er frá árinu 1889, hún var tvískipt og efri hlutinn átti að halda uppi brjóstum og styðja við þau. Jacob þykir síður eiga þennan heiður skilinn þótt hennar brjóstahaldari sé líkari því sem konur eiga að venjast. Jacob fékk einkaleyfi á hönnun sinni árið 1914. Síðan þá hefur brjóstahaldarinn þróast enn frekar, hann er framleiddur í ýmsum skálastærðum og fæst í alls konar gerðum: hlýralaus, fóðraður, meðgönguhaldari og svo framvegis. Heimild: www.visindavefur.is




# Fjögurra vikna lúxusnámskeið

fyrir konur og karla



Sjöfn Sigþórsdóttir hjúkrunarfræðingur og María Kristjánsdóttir lögmaður

Námskeiðið er frábær leið til að auka styrk, úthald og hreyfigetu. Við erum betur í stakk búnar að takast á við krefjandi verkefni



Gissur Ísleifsson tölvunarfræðingur

Ég breytti um LÍFSSTÍL og þú getur það líka. Búinn að missa yfir 20 kíló á tveimur og hálfum mánuði og er enn að léttast



**Lúxusnámskeið NordicaSpa er hannað til að koma þér af stað á mjög árangursríkan og einfaldan hátt. Tilgangur námskeiðsins er að koma þér á æðra stig hvað varðar líkamlega og andlega heilsu.**

- Fimm tímar í viku – Brennsla og styrkur
- 3 öflugir brennslutímar
- 2 styrktartímar í sal undir handleiðslu þjálfara
- Vikulegar mælingar
- Ítarleg næringarráðgjöf
- Fyrirlestur – Borðaðu til að léttast og auka orkuna
- Slökun og herðanudd eftir hverja æfingu
- Hollustudrykkur eftir hverja æfingu
- Takmarkaður fjöldi
- **6:30, 7:30, 10:00, 16:30** og **18:30** fimm sinnum í viku
- Þjálfari er Gunnar Már Sigfússon

**1. vika – Orkuhleðsla**
Í fyrstu vikunni byggir þú upp orku og kemur líkamanum í jafnvægi.

**2. vika – Öflug melting – Aukin brennsla**
Í viku tvö er verið að efla og bæta meltinguna til að þú fáir sem mest út úr holla matnum sem þú ert að borða.

**3. vika – Hormóna jafnvægi – Hreinsun**
Þriðja vikan mun koma jafnvægi á hormónaflæði líkamanns sem mun hafa áhrif á skap þitt, lífsorku og kraft.

**4. vika – Ónæmiskerfi eflt – Jafnvægi**
Í viku fjögur byggjum við upp ónæmiskerfið og hjálpum því að verja líkamann á náttúrulegan hátt.

**Ný námskeið hefjast 16. nóvember**

Fyrirlestur 14. nóvember

Skráning er hafin í síma 444 5090 eða nordicaspa@nordicaspa.is ■ www.nordicaspa.is

Hilton Reykjavík Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

NORDICASPA



Blóm og sykurkúlur mynda stórfenglegt höfuðfat.



Súkkulaði og sykur má móta á ótrúlegasta máta.



Furðulegt höfuðfat úr sælgæti.



Töff framtíðarsýn kökuskreytingamannsins.

# Sykursætir fylgihlutir

**Kökugerðarmeistarar sýndu snilli sína á tískusýningunni „Tokyo Sweets collection" í Japan um helgina.**

Hattar, armbönd, hálsmen og hreinustu listaverk úr sykri og sætindum voru sýnd af íðilfögrum fyrirsætum á einstakri tískusýningu í Tókýó í Japan um helgina. Sýningin bar nafnið „Tokyo Sweets collection" og þar sýndu bæði japanskir og franskir kökugerðarmeistarar hvað í þeim býr. Eins og myndirnar sýna er ekkert ómögulegt þegar kemur að kökugerðarlistinni og ljóst að tískuhönnuðir þurfa að fara að vara sig.

*solveig@frettabladid.is*



Brjóstsykur er ágætis skraut á kjóla.



Með brúðartertu á höfðinu.


gs skór

**10% Afmælisafsláttur**

**fimmtudag til laugardags**



gs skór



| | |
|---|---|
| BLINK | 9.990 |
| BLINK | 11.990 |
| DR.MARTENS | 24.990 |
| ANCLEMAN | 13.990 |
| BRONX | 28.990 |

galleri sautján gs skór eva

**Kíktu á ntc.is og fylgstu með öllu því nýjasta**

galleri húsið

Laugavegi 91 - www.ntc.is

P ATH. Næg bílastæði í bílastæðahúsinu á móti

## Spádómar

**Spálínur Sjáandans**

**Opið virka daga Sjáandinn S. 908 2727 kl. 18-22 þri.-fim**

**Sibba 908 2507 kl. 22-24**

**Spádómar og ráðgjöf**

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
562 8211

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is

Ódýr blekhylki í HP, Brother, Canon og Epson send samdægurs heim að dyrum eða í vinnuna sjá nánar á www.blekhylki.is

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is




Árangur með Herbalife í 29 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Vilt þú léttast um nokkur kg fyrir jól. 8 kg fóru á 3 vikum hjá mér með LR. s 7732100

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd, nudd. Tilboð í gangi. Uppl. í s. 662 0841.

**J. B. HEILSULIND**
**Dekurdagar?**
Heilnudd, heitur pottur, skrúbb, snyrting, veitingar ofl. Slökun, heilun, svæða, Ayur Veda, heitsteina, jurta, sogskála og hunangsnudd. Næringar, heilsu og hreyfingarráðgjöf. Einkaþjálfun. ATH. EKKERT sex nudd, NO erotic massage. Opið frá 12-18 mán-lau. Pantarnir í S. 445 5000. Velkomin

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## Heimilistæki

Til sölu nýleg og lítið notuð Whirlpool þvottavél. 6 kg. 1.400 snúningar. S. 660 2544.

## Hestamennska

Vantar hesthúspláss fyrir 2 þægar hryssur, helst í Víðidal ekki skilyrði. S. 844 6609.

## Húsnæði í boði



**Til leigu**
Efri hæð í þessu húsi, sem er í Borgarnesi er til skammtímaleigu í vetur. Þrjú svefnherbergi með tvíbreiðum rúmum. Tilvalið fyrir fjölskyldur eða þrjú pör. Upplýsingar í símum 867 1911 - 892 3382 og 562 3382.

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Einstaklingsíbúðir/ herbergi til leigu í hverfi 101. Uppl. í s. 661 1247 og 694 6396 á milli kl. 17-21 alla virka daga.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

100fm íbúð til leigu í Seljahverfi, 109 Rvk. Laus fljótlega, langtímaleiga. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 899 8195.

1-2 manna herb. í Hfj. Aðg. að baði. eldh., þurrkara og þvottavél. Uppábúin rúm. S. 892 5309.

Au pair - Barnagæsla. Óskum eftir góðri kona á heimili 40 min frá Reykjavik. Frítt húsnæði og fæði. Laun 70.000 kr. Uppl. í síma 6950495

Glæsileg 3 herb. íbúð í Salahverfinu í Kóp. til leigu. Leiguv. 120 þús kr á mánuði. Nánari uppl. Haukur 699 2529.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

Sér stúdíóíbúð til leigu. Á friðs. stað. Reglusemi áskilin. S. 847 7596.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 3 herb. íbúð í Hfj, helst völlum. Greiðslug. u.þ.b. 100þ. Reyklaus og reglusamur. Skilvísar gr. S. 863 0901.

Par óskar eftir snyrtilegri 2-3 herbergja íbúð í 101-107. Reglusemi og skilvísi heitið. S. 866 1176.

## Húsnæði til sölu



**Melabraut Hafnaf. - 140 fm atvinnupláss**
Til sölu gott atvinnupláss á götuhæð með góðu útisvæði og innkeyrsludyrum. Lofthæð ca. 3,8 m. Í plássinu er líka skrifstofa, kaffistofa og snyrting. Getur losnað fljótlega. Mjög gott verð í boði og áhvílandi lán. S. 8232610

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu góð 300 fm hæð í Höfðahverfi með góðum innkeyrsludyrum. Sími 861-8011

Iðnaðar- og lagerhúsnæði til leigu í Hafnarfirði. Nokkrar stærðir, hagstætt verð. S: 8224200

## Geymsluhúsnæði

**Geymsluhús.is**
Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH!gott verð!! Uppl. í síma 770-5144.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**Sparaðu þér sporin**
Sparaðu þér sporin Upphituð geymsla fyrir bíla, ferðavagna, mórorhjól og báta í pósnúmeri 105 Reykjavik. Uppl í síma 824 8425.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

## Til sölu




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. Smásala. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum frá kl. 9-16.

Ísskápur á 20þ. Þvottavél á 20þ. Stór amerísk á 30þ. Þurrkari á 20þ. Stór ameríksur á 30þ. Bakaraofn á 10þ. Barnakerra á 4þ. 20" TV á 5þ. BílaCD á 5þ. Eldavél á 10þ. S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**

**Ég Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi af fólki. Og veiti ég góð ráð. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið.**
**Leitið til fagmanns.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13,**

**Verið velkomin**

## Heimilistæki

Uppþvottavél fyrir veitingahús HOBART-FX20E. Uppl. í S. 894 4686.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

Krossviður, timbur, mótaborð, kambstál, gips og fl. uppl. í s: 555 7905 og ulfurinn.is

Til sölu iðnaðarhurð m/12 gluggum frá Bm Vallá BxH : 2390x2180mm. S: 848 3377.

## Til sölu

**Vinsæll Austurlenskur veitingastaður til sölu.**

Um er að ræða veitingastað sem er með mikla veltu í hádeginu, á kvöldin og um helgar.

Vegna sérstakra aðstæðna koma ýmis skipti til greina og eru kaupin mjög auðveld fyrir réttan aðila.

**Upplýsingar í síma 868 0049**

## Þjónustuauglýsingar

Ás
**Pústþjónustan Ás**
Nóatúni 2. Sími: 562-8966
Pústkerfi í flesta bíla, sérsmíði, viðgerðir.
Flott og góð þjónusta.

**www.tomstundahusid.is**



**Nýkomin sending**
af lömpum með stækkunargleri í úrvali.
Tómstundahúsið, Nethyl 2,
sími 587-0600
Tómstundahúsið

Motor sport

**ÞJÓFAVARNIRNAR KOMNAR AFTUR!**



nú einning með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.-
**Mótorsport ehf Síðumúla 34, 108 Rvk. S. 567 1040**

AIGLE



Nýkomið:
Glæsilegar franskar dúnúlpur og kápur
Ástund
Háaleitisbraut 68, 103 Rvk, s. 568 4240

Allt milli himins og jarðar
**VILTU GEFA?**
Geisladiska, vínilplötur, myndbönd og DVD myndir o. fl.
Sækjum ef óskað er / símar: 561 1000 - 661 1720
Nytjamarkaður Samhjálpar
Stangarhylur 3 – 110 Reykjavík – Opið alla daga kl. 13 – 18 nema laugardaga og sunnudaga

Stendur þú í framkvæmdum?
Múrverk - flísalögn - trésmíði - pípulögn - raflögn - málun o.fl.
Alhliða byggingaþjónusta á einum stað
Fagmennska og sérhæfing í fyrirrúmi
Strúctor
S: 824 0150 / 824 0160

CMT ORANGE TOOLS
**CMT sagarblöð og fræsitennur**



Ásborg
vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

**Bekkjarparty - Afmælis veislur**
ÓKEYPIS SALUR - ÓDÝRAR FERMINGARVEISLUR



**Stúdíó 29**
Laugavegur 101
Sími 511 3032 &
861 2319

BÍLAVERKSTÆÐI AUÐUNS



TOYOTA ÞJÓNUSTA
ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR
FOSSALEYNI 16 • GRAFARVOGI
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS
**S. 587 1350**

## Verslun

**Stærri limur betri limur**

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is

**bathmate.is**






Konukvöld, fjáröflun fyrir Samkór Reykjavíkur !! Í kvöld milli kl. 19-22. Happdrætti og fl. Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 www.clamal.is

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Kassagítarar: 1/4 stærð kr 10.900.- pakkinn með poka, strengjasett og stilliflautu. 4/4 stærð 15.900.- Rafmagnsgítarpakkar frá kr. 39.900.- Þjóðlagagítarpakkar frá 19.900.- Hljómborð frá kr. 8.900 Trommusett kr. 79.900 með öllu. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is.

## Atvinna í boði



Vegna símaþjónustu sinnar „Dömurnar á Rauða Torginu" leitar Rauða Torgið samstarfs við djarfar og yndislegar konur, 25 ára og eldri. Góðir tekjumöguleikar fyrir ófeimnar, lífsreyndar konur. Sjá nánar á heimasíðu okkar, www.RaudaTorgid.is (atvinna).

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu á tvískiptar vaktir frá 07-13 og 13-18. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð á bakstur.is uppl. í s. 555 0480, Sigurður.

**Hlöllabátar Smáralind**
**Hlöllbátar Smáralind óska eftir starfsfólki í vaktavinnu og hlutastarf. 20 ára aldurstakmark og íslenskukunnátta skilyrði. Uppl í síma 842 2800 helgi@redchili.is**

**Kökuhornið Bæjarlind**
**Óskum eftir starfsfólki á tvískiptar vaktir 06:30-13:00 og 13:00-18:30 (ca. 73,43% starfshlutfall). Ekki yngri enn 25 ára og íslenskukunnátta skilyrði. kokuhornid@kokuhornid.is S. 866 0060, Ingibjörg**

**Sniðningar.**
**Við leitum að starfskrafti í sniðdeild okkar. Þekking á sniðum og reynsla við efnisskurð nauðsynleg. Stundvísi og dugnaður skilyrði.**
**Áhugasamir hafi samband. halldor@henson.is HENSON Sports HF 5626464 / 8922655**

**Thorvaldsen Bar**
**Óskum eftir vönum þjónum í hlutastarf.**
**Upplýsingar veitir Marco á staðnum, milli kl. 17-19.**

**Vantar þig auka pening fyrir jólagjöfum?**
Við hjá Tryggingum og Rágjöf eru m að leita af duglegum hringjurum í hlutastarf á kvöldin. Sun-fim, frá 18-22. Góður peningur í boði fyrir duglega hringjara. Hentar vel fyrir skólafólk. Nánari upplýsingar veitir kristjan@tryggir.is eða í s. 825 0057.

Starf við vefhönnun og leitarvélabestun (SEO). Sendið póst á erling@atlantis.is

DOMO! Veitingastaðurinn Domo óskar eftir nema í eldhús. Áhugasamir senda fyrirspurn á Viktor Örn, vktoro@simnet.is

Au pair - Barnagæsla. Óskum eftir góðri kona á heimili 40 min frá Reykjavik. Frítt húsnæði og fæði. Laun 70.000 kr. Uppl. í síma 6950495

Vélstjóra vantar á 100 tonna bát, vélastærð 465kw. Uppl. í s. 892 0367 & 483 3548.

Óska eftir pizzabakara vönum eldofn. Góð laun í boði. Uppl. í s. 893 7599.

**Viltu komast á sjóinn?**
Sjóarinn.is er einfaldasta leiðin. Skráðu þig á www.sjoarinn.is og láttu okkur um að finna vinnu fyrir þig.

## Atvinna óskast

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

Vandvirkar og vanar stelpur taka að sér heimilisþrif og stærri stofnanir. Uppl. í s. 845 7802, tala ensku.

## Einkamál

**Símadömur 908 1616**
**Hringdu og daðraðu við okkur. Njóttu þess að tala og hafa gaman að.**

**Við erum alltaf við.**

**Vodafone/Tal**
**908 1616**



Dömurnar á Rauða Torginu eru fjölbreyttur og síbreytilegur hópur yndislegra kvenna sem elska að daðra við karlmenn í djörfum samtölum og spennandi símaleikjum. Hver þeirra verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símatorg) og 535-9920 (kreditkort).

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

Auglýsingasími
**512 50 50**
– Mest lesið

## Útboð




**P/F Vága Floghavn býður áhugasömum verktökum að gera tilboð í lengingu flugvallarins á Vogey.**

Fyrst og fremst er um að ræða u. þ.b. 1,5 milljón rúmmetra jarðvegsflutning, frágang yfirborðs (15%), ýmis konar jarðvegs- og byggingarvinnu (ca. 15%) auk vallarlýsingar og annars rafmagnsfrágangs (ca. 10%).

Frekari uppýsingar á heimasíðu flugvallarins www.floghavn.fo.

P/F Vága Floghavn
FO-380 Sørvágur
Færeyjar
www.floghavn.fo

## Atvinna

**SPENNANDI TÆKIFÆRI**

Lögfræði- og/eða viðskiptafræðimenntaður starfskraftur óskast. Mikilvægt er að viðkomandi hafi mögueika til að ferðast og dveljast erlendis.

Umsóknir ásamt mynd óskast á **solusamningar@gmail.com**

## Atvinna

Tal leitar að kraftmiklu fólki í skemmtilega og vel borgaða vinnu!

Ef þú ert dugleg/ur og heiðarleg/ur þá við viljum þig í vinnu hjá okkur í söluverinu.

- *Mjög góð laun*
- *Skemmtilegur vinnustaður*
- *Sveigjanlegur vinnutími*

Tal

Frekari upplýsingar veitir Hannes í síma *615-2090* eða *hannes@tal.is*

SJÚKRATRYGGINGAR ÍSLANDS
LAUGAVEGI 114-118
150 REYKJAVÍK

**Sjúkratryggingar Íslands**

### Sérfræðingur - samningamál og útboð

Sjúkratryggingar Íslands leita að öflugum og metnaðarfullum einstaklingi til að vinna að samninga og útboðsmálum stofnunarinnar. Helstu verkefni eru samningagerð, vinna að útboðum, kostnaðarmat og kostnaðargreining auk samskipta við samningsaðila og tengdar stofnanir.

Hæfniskröfur:
+ Háskólamenntun sem nýtist í starfi
+ Reynsla af samningagerð
+ Reynsla af útboðum (bæði innanlands og á evrópska efnahagssvæðinu)
+ Reynsla af kostnaðarútreikningum og greiningu
+ Reynsla af tölfræðivinnslu
+ Þekking á heilbrigðiskerfinu
+ Þolgæði undir álagi
+ Góðir samskiptahæfileikar
+ Frumkvæði og metnaður

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um starfið veita Kristján Guðjónsson, sviðsstjóri Viðskiptasviðs, og Guðlaug Björnsdóttir, deildarstjóri Samninga og útboða, í síma 515 0000.

Umsóknarfrestur er til og með 16. nóvember 2009. Umsóknir ásamt ítarlegri ferilskrá sendist til starfsmannaþjónustu Sjúkratrygginga Íslands, Laugavegi 114-118, 150 Reykjavík, í pósti eða rafrænt á starf@sjukra.is. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin.

Sjúkratryggingar Íslands annast framkvæmd sjúkratrygginga ásamt því að semja um og greiða fyrir heilbrigðisþjónustu. Markmið stofnunarinnar eru að gæta réttinda sjúkratryggðra, tryggja aðstoð til verndar heilbrigði óháð efnahag og að stuðla að hagkvæmni og hámarksgæðum í heilbrigðisþjónustu. Hjá stofnuninni starfar öflugur og reyndur hópur fólks við margþætta þjónustu. Starfsumhverfið er fjölskylduvænt og starfsandi góður.

Við ráðningu í störf hjá Sjúkratryggingum Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun stofnunarinnar. Nánari upplýsingar um stofnunina eru á www.sjukra.is.



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór Guðnason**

Köngsbakka 10, Reykjavík,

lést á hjartadeild Landspítalans þriðjudaginn 10. nóvember.

**Guðný Hjartardóttir**

| | |
|---|---|
| **Guðrún Halldórsdóttir** | **Pétur Haraldsson** |
| **Kristín Halldórsdóttir** | **Haukur Sigurðsson** |
| **Guðni Halldórsson** | **Hildur Mikkaelsdóttir** |
| **Sæmundur Halldórsson** | **Henný Bára Gestsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn**



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Tryggvason**

Sölvatungu,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks 9. nóvember. Jarðarför auglýst síðar.

**Grétar Finndal Guðmundsson**
**Heimir Finndal Guðmundsson**
**Áslaug Finndal Guðmundsdóttir**
**Svanhildur Finndal Guðmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hlín Stefánsdóttir**

áður til heimilis Munkaþverárstræti 22, Akureyri,

lést á Hjúkrunardeild Hlíðar 5. nóvember sl. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 16. nóvember kl. 13.30.

**Margrét Rögnvaldsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Úlfhildur Rögnvaldsdóttir** | **Hákon Hákonarson** |
| **Rögnvaldur Dofri Pétursson** | **Sigríður Guðmundsdóttir** |
| **Stefán Tryggvi Brynjarsson** | **Sigríður Erla Sveinbjörnsdóttir** |
| **Guðrún Hlín Brynjarsdóttir** | **Hlynur Bjarkason** |
| **Björn Ágúst Brynjarsson** | **Svanhildur Edda Kristjánsdóttir** |
| **Hákon Gunnar Hákonarson** | **Petra Halldórsdóttir** |
| **Helga Hlín Hákonardóttir** | **Unnar Sveinn Helgason** |

**og langömmubörnin.**



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Auður Ágústsdóttir**

Víðihvammi 28, Kópavogi,

lést að morgni föstudagsins 6. nóvember.
Útförin fer fram frá Digraneskirkju í Kópavogi föstudaginn 13. nóvember klukkan 11.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vildu minnast hennar er bent á krabbameinsdeild 11-E á Landspítalanum við Hringbraut.

**Jóhannes Lange**

| | |
|---|---|
| **Ólafur Á. Lange** | **Sigrún Guðgeirsdóttir** |
| **Kristján R. Lange** | **Jenný Jensdóttir** |
| | **Sveinn Jónsson** |
| **Kolbrún Lange** | **Mark Birschbach** |
| **Lilja G. Lange** | |
| **Hannes Jóhannesson** | **Lúcia Guðmundsdótir** |

**barnabörn og langömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar sendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn,*

**Guðmundur Grímsson**

Hraunteigi 21, Reykjavík,

lést á Landakoti 27. október síðastliðinn.
Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á Blindrafélagið.

**Herdís Vigfúsdóttir**
**og aðrir aðstandendur**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Stefán Aðalsteinsson**

búfjárfræðingur, phil. dr.
frá Vaðbrekku
Kristinbraut 8, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 5. nóvember. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni mánudaginn 16. nóvember kl. 13.00.

**Erla Jónsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Gunnar Stefánsson** | **Kristín Rafnar** |
| **Ragnar Stefánsson** | |
| **Stefán Einar Stefánsson** | **Ranie Sahadeo** |
| **Kjartan Stefánsson** | **Nancy Stefansson** |
| **Halldór Narfi Stefánsson** | **Masako Atake** |

**barnabörn og barnabarnabarn.**



✝

*Ástkær amma okkar,*

**Rósa B. Blöndals**

lést föstudaginn 6. nóvember að Ljósheimum, sjúkrahúsinu á Selfossi.
Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 14. nóvember kl. 11.00.

**Barnabörn og fjölskyldur**



✝

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þórmundur Þórmundsson**

Fossvegi 10, Selfossi,

lést á Sjúkrahúsi Suðurlands 4. nóvember. Jarðarförin fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 14. nóvember klukkan 13.30.

**Unnur Jónsdóttir**

| | |
|---|---|
| **Vilborg Þórmundsdóttir** | **Benedikt Benediktsson** |
| **Margrét Þórmundsdóttir** | **Sveinn Guðmundsson** |
| **Þórunn Þórmundsdóttir** | **Gísli Steindórsson** |
| **Jóhann Þórmundsson** | **Sigríður Möller** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Erika Anna Einarsson**

Hraunvangi 1, Hafnarfirði,

andaðist á heimili sínu þann 10. nóvember. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 16. nóvember kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| **Ingvar G. Snæbjörnsson** | **Ingigerður Guðmundsdóttir** |
| **Einar F. Snæbjörnsson** | **Ólafía Agnarsdóttir** |
| **Fannlaug S. Snæbjörnsdóttir** | |
| **Guðjón S. Snæbjörnsson** | **Soffía Björnsdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**

**ANNE HATHAWAY FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1982.**

*„Mér finnst frábært að vinna og finnst ég fullnægð þegar ég hef gefið mig alla í vinnuna."*

***Leikkonan Anne Hathaway vakti fyrst athygli í The Princess Diaries. Hún fylgdi þeirri mynd eftir með The Devil Wears Prada, Becoming Jane og Rachel Getting Married, en fyrir hana var hún tilnefnd til fjölda verðlauna.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**FYRRVERANDI DÓMPRÓFASTUR** Sr. Guðmundur Þorsteinsson hlakkar til afmælishátíðarinnar á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FÉLAG FYRRUM ÞJÓNANDI PRESTA:70 ÁRA

## Messa á Grund

„Þetta er góður félagsskapur sem þeim þykir vænt um sem til þekkja," segir séra Guðmundur Þorsteinsson, fyrrverandi dómprófastur, um Félag fyrrum þjónandi presta. Hann er formaður þess og hefur verið það í tæp sex ár. „Menn hafa líka svo gott af því að hittast og blanda geði saman og ræða þau mál sem þeim eru hugleikin og varða kirkjuna sérstaklega," segir hann og upplýsir að félagarnir messi alltaf þriðja sunnudag hvers mánaðar á elliheimilinu Grund. „Feðgarnir sr. Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason og sonur hans, Gísli Sigurbjörnsson, forstjóri Grundar, voru miklir velgjörðamenn félagsins og héldu utan um það að ýmsu leyti. Við fáum þar aðstöðu til að messa og kirkjukaffi á eftir og að því loknu höldum við alltaf félagsfund. Þá tala til skiptis annaðhvort prestar eða prestskonur og segja frá einhverju úr sínum reynsluheimi."

Félagið var stofnað 11. nóvember 1939 af sextán prestum og haldið verður upp á sjötugsafmæli þess á sunnudaginn með hátíðaguðsþjónustu á Grund. Þar mun vígslubiskupinn í Skálholti, Sigurður Sigurðarson, prédika, félagar þjóna fyrir altari og organistinn er Kjartan Ólafsson. „Um kvöldið verður svo fagnaður á Hótel Loftleiðum með dagskrá í tali og tónum og veislumáltíð. Við fáum óperusöng og sýningaratriði," lýsir sr. Guðmundur. Þótt félagarnir séu ekki nema 28 nú um stundir er starfsemin lífleg. Við förum jafnan austur í Hveragerði í júlímánuði, messum í Hveragerðiskirkju og förum í kaffisamsæti í Ási. Einnig förum við í vorferðalag og út að borða á aðventunni."

Aðeins ein kona, séra Ólöf Ólafsdóttir, er komin í félagið og hún er ritari þess. „Fleiri konur eru ekki komnar," segir sr. Guðmundur. „En í framtíðinni munu þær eflaust taka yfir."

**gun@frettabladid.is**



*Erfidrykkjur af alúð*

*Hótel Saga annast erfidrykkjur af virðingu og hlýju. Fágað umhverfi, góðar veitingar og styrk þjónusta.*

Sími: 525 9930
hotelsaga@hotelsaga.is
www.hotelsaga.is

Radisson SAS SAGA HOTEL, REYKJAVIK




Nýr eldheitur ilmur frá BURBERRY kominn í verslanir

**THE BEAT**
FOR MEN

50 ára HAGKAUP fyrir íslendinga í 50 ár



JÓLABLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

kemur út þriðjudaginn 24. nóvember.




Matur, gjafir, viðtöl, föndur og fleira.

Allt um jólaundirbúninginn, jólamatinn og jólastemmninguna í Jólablaði Fréttablaðsins 2009.



Nánari upplýsingar veita:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is
Hlynur í síma 512 5439 eða hlynurs@365.is
Benedikt í síma 512 5411 eða benediktj@365.is
Bjarni Þór í síma 512 5471 eða bjarnithor@365.is


# Dánir og dauðir

**BAKÞANKAR**
**Dr. Gunna**



Dauðinn er ekki mikið í umræðunni á Vesturlöndum. Að minnsta kosti ekki miðað við í Mexíkó þar sem tímarit með limlestum líkum úr bílslysum eru vinsæl og haldið er upp á dag dauðra með mikilli veislu og dansandi beinagrindum í byrjun nóvember. Þessi ekki svo óvæntu endalok þykja ægilegt tabú hjá okkur og ef maður spáir of mikið í þetta fer fólk að skamma mann og segja að maður hafi óeðlilegan eða jafnvel óhugnanlega mikinn áhuga á málinu.

**EKKI** misskilja mig, ég er ekkert mikið að spá í dauðann og ekki heldur að kvarta yfir lítilli umfjöllun. Mér finnst bara að fólk gleymi dauðanum of oft í dagsins önn. Í ljósi þessara óumflýjanlegu endaloka er fólk allt of mikið að æsa sig og missa sig í óþarfa leiðindi. Til hvers að eyða tímanum í leiðindi þegar við liggjum öll steindauð eftir hlægilega lítinn tíma (í jarðfræðilegum skilningi)?

**ÉG TEK** því þess vegna með opnum hug þegar Dagbjartur, sex ára sonur minn, er að velta þessu fyrir sér. Hann og vinir hans voru að spá í dauðann og komust að þeirri niðurstöðu og mikill munur væri á því að vera dáinn og að vera dauður. „Ef maður er dauður þá dó maður á einhvern hræðilegan hátt, eins og til dæmis að verða fyrir eldingu, en ef maður er dáinn þá dó maður bara venjulega,“ sagði Dagbjartur. Þetta var niðurstaða strákanna. Þetta fannst mér nokkuð rökrétt því „dauður“ er mun óvægnara orð en „dáinn“. Dýr drepast og éta, en við konungar sköpunarinnar deyjum og borðum. Ég var ekkert að leiðrétta hann.

**ALLIR** eru jafnir í dauðanum. Þetta hefur farið fram hjá fréttafólki. Nýjabrumið er svo mikilvægt að farið er hamförum yfir svínaflensu, hún kölluð faraldur og reynt að æsa mann upp í að fá stresskast. Á einu ári látast hér að meðaltali 400 manns af völdum reykinga, en það þykir ekkert merkilegt og enginn talar um faraldur í því sambandi. Kannski myndu daglegar nákvæmnisfréttir í æsistíl af reykingafaraldinum gera einhverja nógu taugaveiklaða til að fá sér móteitur: Að hætta að reykja.

**LÍKLEGAST** er svona lítið talað um dauðann af því hann er svo leiðinlegur. Þrátt fyrir að ýmsar hugmyndir hafi verið settar fram eru menn engu nær um hvað taki við. Ég er fullviss um að það verði annað hvort eitthvað eða ekki neitt. Ég er líka nokkuð viss um að maður þarf ekki lengur að borga skatta og vaska upp. Það er því eftir einhverju að slægjast.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Peyo CREATIONS
VILTU EINTAK?
STRUMPARNIR™
BYRJAÐU AÐ SAFNA STRUMPUNUM STRAX Í DAG.
SENDU SMS SKEYTIÐ EST STV Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ STRUMPASAFNIÐ 2!
STRUMPARNIR
STRUMPASAFNIÐ 2
10. HVER VINNUR!
KOMNIR Á DVD!
FULLT AF AUKAVINNINGUM · TÖLVULEIKIR DVD MYNDIR · FULLT AF PEPSI MAX OG MARGT FLEIRA!
SMS LEIKUR
VÆNTANLEGT!
KOMNIR Í ELKO
ELKO
WWW.STRUMPAR.IS
Vinningar afhentir í ELKO Lindum. 199 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

! **ath kl. 20.30.**
*Tveir spaugsamir píanistar hittast í Salnum í kvöld þar sem Jón Ólafsson rekur garnirnar úr Magnúsi Kjartanssyni um feril hans og tónsmíðar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Norræn skáldverk söluhæst

Uppnám er í bókabransanum eftir að JPV forlag gaf út sérstakt litprentað hefti sem kallað var Bókatíðindi. Þótti mörgum smærri bókaútgefendum að sér vegið. Ekki hefur tekist að ná samstöðu um fyrirkomulag sölulista með aðkomu allra hagsmunaaðila en þó kom það öllum á óvart að JPV, sem stærst er á íslenskum bókamarkaði, skyldi birta, meðal annars hér í blaðinu, sölulista sem tók einungis til útgáfurita JPV.

Keðjan Eymundsson, sem er stærsta net bókaverslana í landinu, sendir vikulega frá sér sölulista og í gær birtust tölur liðinnar viku: þar trónir Arnaldur Indriðason efstur með sín Svörtuloft, Kristín Marja Baldursdóttir er í öðru sæti með nýja skáldsögu, Karlsvagninn, en Jón Kalman í því þriðja. Bakarinn vinsæli Jói Fel og Óskar Guðmundsson sitja í fjórða og fimmta sæti og er sjónarmunur á þeim; bakarinn hefur selt einu eintaki meira þessa viku en sagnfræðingurinn en Jói er höfundur brauða- og kökubókar Hagkaupa sem nýkomin er á markað.

Athygli vekur að skáldverkalistinn í kiljum er setinn af norrænum höfundum í efstu sætunum: Ástandsbarn Camillu Läckberg er þar söluhæst, en síðan koma í þremur sætum bækur Önnu B. Ragde og loks rekur Stieg Larsson lestina. Norðmaður og tveir Svíar vinsælastir á kiljulistanum íslenska - hver hefði trúað því fyrir fáum árum?



**BÓKSALA** Anna B. Ragde er fyrirferðarmikil á kiljulista Eymundsson frá síðustu viku.

**> Ekki missa af…**

Sýningum fer að ljúka á Sannleika Péturs Jóhanns og Sigurjóns Kjartanssonar í Borgarleikhúsinu og Friedu Brynhildar Guðjónsdóttur í Þjóðleikhúsinu.


**Makamissir**

SÉRA Bragi Skúlason sjúkrahússprestur flytur fyrirlestur um makamissi í kvöld 12. nóvember kl. 20 í safnaðarheimili Háteigskirkju á vegum Nýrrar dögunar.

Fyrirspurnir, umræður, kaffi. Allir velkomnir.



nydogun@nydogun.is

NÝ DÖGUN

*Samtök um sorg og sorgarviðbrögð*


# Tvær grafíksýningar

**Í dag kl. 18 verður opnuð Sögusýning – Íslensk grafík í 40 – í sal Íslenskrar grafíkur í Tryggvagötu 17, Hafnarhúsinu gamla við Miðbakka, en gengið er hafnarmegin inn í húsið. Sýningunni er ætlað að varpa ljósi á sögu grafíklistar á Íslandi í máli og myndum.**



**MYNDLIST** Þrykk eftir Kjartan Guðjónsson á sögusýningu Íslenskrar grafíkur í Hafnarhúsinu. MYND ÍSLENSK GRAFÍK

Þetta er önnur sýningin sem Íslensk grafík setur upp þessi dægrin en 7. nóvember var opnuð sýning í Norræna húsinu þar sem 40 íslenskir myndlistarmenn komu saman með ný verk í tilefni af afmæli félagsins og voru öll unnin út frá hugtakinu þrykk. Þar mátti sjá hefðbundna grafík á pappír en einnig framsækna nútímavædda þrykktækni með nýjum útfærslum og framsetningu. Megintilgangur sýningarinnar er að gefa mynd af því sem er í deiglunni í íslenskri grafík í dag. Sýningarstjóri er Aðalsteinn Ingólfsson sem einnig ritar í sýningarskrá sem kom út af þessu tilefni.

Í sal félagsins, sem er í húsnæði með verkstæði sem félagsmenn hafa aðgang að, eru einkum verk frá fyrri árum.

Félagið Íslensk grafík (einnig kallað Grafíkfélagið) var stofnað í núverandi mynd árið 1969 en var upprunalega stofnað árið 1954. Meginliðurinn í starfsemi félagsins hefur lengst af verið sýningarhald af ýmsu tagi, einkum sýningar á verkum félagsmanna innan lands og utan og útgáfa kynningarrita um íslenska grafíklistamenn og verk þeirra. Það hefur líka gefið út möppur með verkum félagsmanna og þannig stuðlað að aukinni dreifingu grafíklistar. Félagið hefur sömuleiðis staðið að kynningu á erlendri grafík hérlendis. Í félaginu eru í dag yfir 70 listamenn. Þeir einir eru meðlimir sem lokið hafa minnst fjögurra ára námi frá viðurkenndum listaskóla og hafa starfað að listsköpun í minnst tvö ár.

Eldra félagið stofnuðu nokkrir myndlistarmenn í þeim tilgangi að vinna að kynningu og eflingu grafíklistar hérlendis. Þetta voru Hafsteinn Guðmundsson, Jóhannes Jóhannesson, Jón Engilberts, Jón Þorleifsson, Kjartan Guðjónsson, Benedikt Gunnarsson og Veturliði Gunnarsson. Starfsemi félagsins lagðist fljótlega niður enda félagsmenn fáir og lítil aðstaða til að vinna listgrafík hér á landi á þeim tíma.

Árið 1969 var núverandi félag stofnað undir sama nafni. Aðalhvatamaður þess og fyrsti formaður var Einar Hákonarson. Ekki eru bein tengsl milli félaganna tveggja önnur en þau að nokkrir af meðlimum hins fyrra gengu í hið síðara við stofnun þess. Einnig var tekið upp merki gamla félagsins sem Jón Engilberts teiknaði á sínum tíma.

Sýningin stendur í Hafnarhúsi til janúarloka og er sérstaklega gerð með því markmiði að miðla þekkingu um grafík til skóla og annara hópa sem hafa áhuga á slíkri fræðslu. Sýningin er opin fimmtudaga til sunnudaga kl. 14.00-18.00. Sýningin í Norræna húsinu varir til 5. desember.

**pbb@frettabladid.is**





Botschaft der Bundesrepublik Deutschland Reykjavik

**20 ár frá því Múrinn féll**

Þýski sendiherrann býður öllum áhugasömum þýskra bókmennta og atburðarins 9. nóvember 1989 að koma þann 12. nóvember 2009 kl. 19.00 í Túngötu 18, 101 Reykjavík, á rithöfundalestur þriggja þýskra rithöfunda. Renatus Deckert, Annett Gröschner og Thomas Rosenlöcher munu lesa úr bókinni "In der Nacht als die Mauer fiel" (Um nóttina þegar múrinn féll) og síðan svara spurningum viðstaddra.
**Aðgangur ókeypis.**

**20 Jahre Mauerfall**

Der deutsche Botschafter lädt alle an deutscher Literatur und den Ereignissen des 9.November 1989 Interessierten am 12. November 2009 um 19.00 Uhr in die Tungata 18, 101 Reykjavik, zu einer Dichterlesung dreier deutscher Autoren ein. Renatus Deckert, Annett Gröschner und Thomas Rosenlöcher werden aus dem Buch „In der Nacht als die Mauer fiel" lesen und sich dann den Fragen der Teilnehmer stellen.
**Eintritt frei.**

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


# Leiklistarsaga á þingi

Á laugardag boða Leikminjasafn Íslands og Listaháskóli Íslands til málstofu um íslenska leiklistarfræði. Málstofan, sem er haldin í samvinnu við Þjóðminjasafn Íslands og Hugvísindasvið Háskóla Íslands, verður í fundarsal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu og hefst kl. 14. Þar munu eftirtaldir fræðimenn flytja stutt erindi:

Ólafur J. Engilbertsson, sagnfræðingur og leikmyndahöfundur: „Rétt landslag eða rótták list?" – sögunni miðlað á sviðinu.

Ingibjörg Björnsdóttir listdanskennari: „Ausdruckstanz" á íslensku leiksviði – Um dansarann Ellen Kid.

Magnús Þór Þorbergsson, lektor við leiklistardeild Listaháskóla Íslands: „Hvað eigum við að kalla instructör?" Nokkrar hugleiðingar um stöðu leikstjórans í íslensku leikhúsi á 3. áratug síðustu aldar.

Jón Viðar Jónsson, forstöðumaður Leikminjasafns Íslands: Að dæma eða ekki að dæma. Hugleiðingar um tilvistarvanda íslenskrar leiklistargagnrýni á fyrri hluta síðustu aldar.

Trausti Ólafsson leiklistarfræðingur: Nýjársnóttin: Gleðileikur Indriða Einarssonar og íslenskir samtímaviðburðir.

Björn G. Björnsson, leikmyndahöfundur: Hvernig geymist leiklist?

Umræðum stýrir Dagný Kristjánsdóttir, prófessor við HÍ.

Hér á landi er starfandi stór hópur fólks sem hefur menntast í leiklistarfræðum, þótt fáir leggi stund á skipulegar rannsóknir. Flestir þeirra fræðimanna sem taka þátt í málstofunni eru á kafi í rannsóknum.



**INGIBJÖRG BJÖRNSDÓTTIR** listdanskennari vinnur við rannsóknir á íslenskri danssögu og heldur erindi um Ellen Kid á þingi um leiklistarsögu á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Af þeim er Jón Viðar Jónsson afkastamestur, en Ingibjörg Björnsdóttir hefur undanfarin misseri unnið ritun íslenskrar danssögu sem Árni Ibsen hafði lagt drög að er hann veiktist og varð að láta af því verki. Verður fróðlegt að heyra greinargerð hennar um stuttan feril Ellen Kid sem var fyrri kona Jóhanns Briem og menntaður dansari en lést langt fyrir aldur fram. Magnús Þorbergsson vinnur nú að doktorsritgerð um leikstjóra hér á landi á þriðja áratugnum en hún hófst með ætlun um að kanna feril Indriða Waage.

- pbb

# 30-50% afsláttur

## af vinsælum bókum




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.490
Bókatíðindaverð 4.990,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.890
Bókatíðindaverð 5.990,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.970
Bókatíðindaverð 5.680,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.840
Bókatíðindaverð 5.490,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560
Bókatíðindaverð 5.480,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 3.560
Bókatíðindaverð 5.480,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.130
Bókatíðindaverð 4.480,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.970
Bókatíðindaverð 5.680,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.980
Bókatíðindaverð 5.690,-




50%* afsláttur
TILBOÐ 1.499
Alm. verð 2.999,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 2.390
Bókatíðindaverð 3.680,-




30%* afsláttur
TILBOÐ 3.830
Bókatíðindaverð 5.480,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 2.520
Bókatíðindaverð 3.890,-




35%* afsláttur
TILBOÐ 2.500
Bókatíðindaverð 3.849,-

Allir titlar fást í Smáralind, Kringlu, Holtagörðum og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum

* Afsláttur reiknast af almennu verði eða bókatíðindaverði.

Gildir 12.-15. nóvember

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# Ferðalangar í landinu

Í dag verður opnuð í horni Artóteksins í Borgarbókasafni í Grófarhúsi sýning á myndverkum Soffíu Sæmundsdóttur myndlistarmanns. Málverk Soffíu hafa stundum verið kölluð sögumálverk vegna þess að myndir hennar búa yfir frásögn af einhverju tagi með sínum óljósu mannverum í landslagi sem greinilega er íslenskt þótt ekki sé það ráðandi í myndinni. Mannvera og land takast á í rými sem áhorfandanum er tamt að lesa í einhverja sögu. Sjálf kallar Soffía á ferðalanga, þeir hafa dálítla vængi til að hefja sig yfir hvunndaginn og tilheyra furðuheimi sem áhorfendur fá aðeins að gægjast inn í litla stund. Soffía vinnur verk sín oft á tré, úr æðunum í viðnum spretta fram undraheimar. Pappír og hvítur strigi veita aðra möguleika og efnisnotkun hefur áhrif á útkomuna.

Soffía Sæmundsdóttir lærði myndlist við grafíkdeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1987-1991 og lauk mastersgráðu í málun frá Mills College í Oakland, Kaliforníu 2003. Frá því Soffía lauk námi hefur hún verið virk í íslensku myndlistarlífi og vakið athygli fyrir málverk sín og teikningar. Soffía Sæmundsdóttir hefur tekið þátt í fjölmörgum samsýningum og haldið einkasýningar, bæði á Íslandi og erlendis í Evrópu og Ameríku. Hún hefur hlotið margs konar viðurkenningar fyrir list sína. Má þar nefna Jay De Fao-verðlaunin (2003) og Joan Mitchell Painting and sculpture award (2004), kennd við samnefndar stofnanir, styrk úr ferða- og dvalarsjóði Muggs og vinnustofudvöl í Kanada og á Íslandi. Verk Soffíu eru í eigu fjölmargra opinberra aðila og stofnana. Á sýningunni eru olíumálverk á tré og striga og einþrykk á pappír.



**MYNDLIST** Mannvera í landinu. Eitt verka Soffíu á sýningunni í Artótekinu. MYND/ARTÓTEK

Á vegg verður sýnt myndbandið Málarinn við höfnina, sem er innsýn í myndheim Soffíu en það gerði sonur hennar, Erlendur Sveinsson, nemi við Kvikmyndaskóla Íslands.

Sýningin stendur til 13. desember, opið er mánudaga til fimmtudaga kl. 10-19, föstudaga kl. 11-19 og um helgar kl. 13-17.

**- pbb**

FRUMFLUTNINGUR Á DEGI HEILAGRAR SESSELÍU
ÓRATÓRÍAN
CECILÍA
EFTIR ÁSKEL MÁSSON
FYRIR FJÓRA EINSÖNGVARA, BLANDAÐAN KÓR, TVÖ ORGEL OG HLJÓMSVEIT
TEXTI: THOR VILHJÁLMSSON
STEINHARPA OG VATNSTROMMUR EFTIR PÁL Á HÚSAFELLI
HALLGRÍMSKIRKJA
SUNNUDAGINN 22. NÓVEMBER 2009 KL. 16.00



Þóra Einarsdóttir sópran: *Heilög Cecilía, verndardýrlingur tónlistarinnar*
Bragi Bergþórsson tenór: *Valeríanus, eiginmaður Cecilíu*
Ágúst Ólafsson barítón: *Tíbúrkíus, bróðir Valerianusar*
Bjarni Thor Kristinsson bassi: *Almakhíus greifi*
Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir: *engill*
Mótettukór Hallgrímskirkju
Kammersveit Hallgrímskirkju
Konsertmeistari: Una Sveinbjarnardóttir
Stjórnandi: Hörður Áskelsson



LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU 27. STARFSÁR
Verkið var pantað af *Listvinafélagi Hallgrímskirkju* með styrk frá *Kristnihátíðarsjóði, Tónlistarsjóði menntamálaráðuneytisins, Menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar og Kristnisjóði.*

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?
Við tökum vel á móti öllum ábendingum.
www.visir.is/posthusid – sími 585 8330
FRÉTTABLAÐIÐ



Bókmenntir ★★

**Elías Snæland Jónsson**
Rúnagaldur



## Sótt í horfinn heim

Í Rúnagaldri segir frá glímu sjónvarpskonunnar Melkorku við arfleifð afa síns, Höskuldar, en við sviplegt fráfall hans kemur ýmislegt gruggugt í ljós. Melkorka fer á slóð afa síns í gegnum dagbækur, ferðast um horfinn heim nasista sem leituðu í horfinn heim Eddukvæðanna. Höfundurinn fléttar ágætlega saman þeim hugmyndum sem framámenn Þriðja ríkisins höfðu um uppruna hins germanska kynstofns, við leit hins unga fræðimanns að sannleikanum. Bestu kaflar bókarinnar segja frá lífi afans. Þar vantar þó aðeins upp á; skrefið sem Höskuldur stígur frá því að verða norrænufræðingur í að verða ötull fylgismaður SS-sveitanna, og þess óumræðanlega hryllings sem þær stóðu fyrir, er til dæmis hálfótrúverðugt og lítið skýrt í sögunni. Þá vantar upp á persónusköpunina í þeim hluta sem gerist í nútímanum. Lítill áhugi kviknar hjá lesendum á örlögum Melkorku og hennar fólks, höfundur hleypir lesendum lítið inn í sálarlíf þess. Sagan á þó ágætisspretti sem vinna hefði mátt betur úr, hún skautar á köflum full mikið yfir framvindu mála.

**Kolbeinn Óttarsson Proppe**

**Niðurstaða:** Þokkaleg saga sem hefði orðið mun betri með frekari úrvinnslu.

# Tinna í Capua



**TÓNLIST** Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari.

Íslensk píanótónlist verður í forgrunni þegar píanóleikarinn Tinna Þorsteinsdóttir kemur fram á tónlistarhátíðinni Autunno Musicale í Capua á Ítalíu á morgun. Hátíðin er viðamikil og fjölbreytt og stendur yfir allt haustið í Caserta-sýslu í grennd við Napólí.

Tinna kemur fram undir sérstökum lið hátíðarinnar þar sem ný píanótónlist er kynnt og mun leika verk eftir þau Þorstein Hauksson, Þuríði Jónsdóttur, Hilmar Þórðarson, Karólínu Eiríksdóttur, Mist Þorkelsdóttur og Jón Leifs.

Á hátíðinni kemur fram breiður hópur þekktra listamanna sem og ýmsir ungir og upprennandi sigurvegarar keppna á borð við Schubert-keppninnar í Graz, kammermúsíkkeppninnar í Lyon, Cleveland-píanókeppninnar og Bach-keppninnar í Leipzig til að nefna nokkrar. Heimasíða hátíðarinnar er www.autunnomusicale.altervista.org/

Ferð Tinnu er styrkt af Reykjavík Loftbrú.

**- pbb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 12. nóvember 2009**

### ➜ Tónleikar

**20.00** **Ourlives** heldur útgáfutónleika í **Hafnarfjarðarleikhúsinu** við Strandgötu í Hafnarfirði.

**20.00** **Pulling Teeth** verða með tónleika á **Gamla bókasafninu**, kaffi- og menningarhúsi ungs fólks við Mjósund í Hafnarfirði. Einnig koma fram Tentacles of Doom, Hark og Logn.



**20.30** **Magnús Kjartansson** er gestur Jóns Ólafssonar í tónleikaröðinni **„Af fingrum fram“** í **Salnum** við Hamraborg í Kópavogi.

**21.00** **Erik Qvick** og félagar í **Lighthouse kvartettnum** taka ofan hattinn fyrir trommugoðsögninni Elvin Jones og leika lög eftir David Liebman og Steve Grossman ofl. á tónleikum í djasskjallara **Café Cultura** við Hverfisgötu.

**21.00** Trúbadora-dúettinn **Hobbitarnir** verða með tónleika í **Frumleikhúsinu** við Vesturbraut í Reykjanesbæ.

**21.00** **Janis Joplin** tribute verður á **Græna hattinum** Hafnarstræti 96 á Akureyri. Húsið verður opnað kl 20.

**22.00** Rafbandið **Stereo Hypnosis** heldur útgáfutónleika á **Sódómu Reykjavík** við Tryggvagötu. **Ruxpin** sér um upphitun.

### ➜ Opnanir

**16.00** Í **Safnahúsi Borgarfjarðar** við Bjarnarbraut í Borganesi, verður opnuð ljóðasýning barna í fimmtu bekkjum grunnskólanna í nágrenninu. Opið alla virka daga kl. 13-18.

**17.00** Sýning á verkum **Soffíu Sæmundsdóttur** opnar í **Artóteki**, 1. hæð Borgarbókasafns Reykjavíkur við Tryggvagötu 15. Opið mán.-fim. kl. 10-19, fös. kl. 11-19 og um helgar 13-17.

### ➜ Ljóð og lög

**20.00** **Mohawks** og **Poetrix** standa fyrir **Open Mic-kvöldi** í kjallara **Kaffi Rótar** við Hafnarstræti 17. Listamenn stíga á svið og flytja lög, texta eða ljóð en svo verður orðið gefið laus.

### ➜ Sýningar

Í **Listasafni Árnesinga** við Austurmörk í Hveragerði standa yfir sýningarnar **Þræddir þræðir**: samsýning Ásgerðar Búadóttur, Hildar Hákonardóttur, Guðrúnar Gunnarsdóttur og Hildar Bjarnadóttur og **Einu sinni er**: sýning Handverks og hönnunar þar sem þemað er **„gamalt og gott“**. Opið fim.-sun. kl. 12-18.

**Pétur Gautur** sýnir olíuverk í **Eplinu** við Borgartún 26. Opið virka daga kl. 9-18 og lau. kl. 9-15.

**Margrét Jónsdóttir** listmálari hefur opnað sýningu í **Listasal Mosfellsbæjar** í Kjarna við Þverholt.

Opið virka daga kl. 12-19 og lau. kl. 12-15.

**Íslensk grafík 40 ára**, sýning í tilefni af 40 ára afmæli félagsins stendur nú yfir í í **Norræna húsinu** við Sturlugötu. Opið þri.-sun. kl. 12-17.

### ➜ Síðustu forvöð



Sýningu **Gjörningaklúbbsins „Svartir svanir“** í Kling & Bang galleríi lýkur á sunnudag. **Kling & Bang**, Hverfisgötu 42. Opið fim.-sun. kl. 14-18.

### ➜ Leikrit

**20.00** **Listafélag Verzlunarskóla Íslands** sýnir leikritið **Poppkorn** eftir Ben Elton. Sýningar fara fram í hátíðarsal skólans við Ofanleiti. Nánari upplýsingar á www.nfvi.is.

### ➜ Upplestur



**17.00** **Árni Matthíasson** les upp úr bók sinni **„Papa Jazz: Lífshlaup Guðmundar Steingrímssonar“** í **Bókasafni Hafnarfjarðar** við Strandgötu. Papa Jazz mætir með trommurnar, spilar og spjallar við gesti. Allir velkomnir.

**19.00** **Þýski sendiherrann** býður öllum áhugasömum um þýskar bókmenntir og atburðarins 9. nóvember 1989 þegar Múrinn féll, að hlýða á rithöfundalestur þriggja þýskra rithöfunda. Renatus Deckert, Annett Gröschner og Thomas Rosenlöcher sem munu lesa úr bókinni **„In der Nacht als die Mauer fiel“** og síðan svara spurningum viðstaddra. Upplesturinn fer fram að **Túngötu 18**.

**20.30** **Ljóðaklúbburinn Hási kisi** stendur fyrir ljóðaupplestri í fokheldu einbýlishúsi að **Hömrum 19** á Egilsstöðum. Aðgangur er ókeypis og gestir hvattir til að koma vel klæddir.

### ➜ Fyrirlestrar

**20.00** Í **Listasafni Reykjavíkur** við Tryggvagötu verða flutt erindi sem fjalla um hvernig hönnun, sköpun og viðskipti mætast. Erindin flytja Margrét Sigrún Sigurðardóttir, Helga Valfells og Gunnar Hilmarsson. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

Loftkastalinn

„Þekktasta jólasaga allra tíma“

„Mikilvæg áminning um hinn sanna jólaanda“



Laddi

# JÓLASAGA

eftir Charles Dickens

**Frábær skemmtun sem kemur allri fjölskyldunni í jólaskapið**

**Miðasala er hafin!**
Aðeins sýnt í nóvember og desember

Miðasala Loftkastalans 527 1000
– opin alla virka daga frá 14–18

www.loftkastalinn.is

## Sýningar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 19.11. | Forsýning kl. 20 *(1.000 kr.)* | 28.11. | Sýningar kl. 14 & 17 |
| 20.11. | Forsýning kl. 20 *(1.000 kr.)* | 29.11. | Sýningar kl. 14 & 17 |
| 21.11. | **Frumsýning kl. 18** | 05.12. | Sýningar kl. 14 & 18 |
| 22.11. | Sýningar kl. 14 & 17 | 06.12. | Sýningar kl. 14 & 17 |

Miðaverð er 2.500 kr. **Miðasala á miði.is**

PIPAR\TBWA • SÍA • 92002



JULIAN CASABLANCAS



HJALTALÍN

## > Í SPILARANUM

Hjaltalín - Terminal
Megas & Senuþjófarnir - Segðu ekki frá (Með lífsmarki)
Julian Casablancas - Phrazes for the Young
Slayer - World Painted Blood

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Ísland á Eurosonic

Hljómsveitirnar Agent Fresco, FM Belfast og Seabear munu allar spila á hinni árlegu Eurosonic-hátíð sem verður haldin í Hollandi 14. til 16. janúar. Allar þessar sveitir teljast með þeim efnilegri á landinu. Meðal annars fékk Agent Fresco titilinn Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum fyrr á árinu. Á Eurosonic gefst hljómsveitunum tækifæri til að spila fyrir útsendara frá öllum helstu tónlistarhátíðum Evrópu, þar á meðal Hróarskelduhátíðinni, Glastonbury og Reading. Auk þess standa allar ríkisútvarpsstöðvarnar í Evrópu að sameiginlegum útsendingum frá hátíðinni.

Í byrjun þessa árs spiluðu fjórir íslenskir flytjendur á hátíðinni, eða Dísa, Helgi Hrafn Jónsson, Hjaltalín og For a Minor Reflection. Í fyrra stigu þar á svið Mugison, Bloodgroup, Jakobínarína og Ólafur Arnalds.



**AGENT FRESCO** Hljómsveitin Agent Fresco spilar á Eurosonic-hátíðinni í Hollandi um miðjan janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



## > Plata vikunnar

Hjálmar - IV

★★★★

„Alvöru reggí á bestu plötu Hjálma, sem er jafnframt ein besta plata ársins." - kg



## TÓNNINN GEFINN

**Trausti Júlíusson**

## *Forskot á sæluna*

Nú er kominn sá tími þegar tónlistarpressan setur sig í stellingar til að velja plötur ársins. Listarnir birtast yfirleitt í janúarheftum helstu tímaritanna sem koma í verslanir um mánaðamótin nóv/des. Dagblöð og netmiðlar birta sína lista svo yfirleitt þegar nær dregur áramótum. Nú ber hins vegar svo við að tímaritið Q tók forskot á sæluna og birti lista yfir fimmtíu bestu plötur ársins í desemberblaðinu sem kom út seint í október. Alltaf gaman að vera fyrstur, en er þetta nú ekki einum of?

Listi Q er að mestu leyti fyrirsjáanlegur. Plötur með breskum flytjendum eru áberandi og að venju eru þeir Q-menn hallir undir plötur gefnar út af gömlu útgáfurisunum. Platan sem er í fyrsta sæti kemur samt á óvart. West Ryder Pauper Lunatic Asylum með Leicester-sveitinni Kasabian. Plata sem fékk ekkert sérstaka dóma og sem mér hafði ekki einu sinni dottið í hug að hlusta á. En það góða við svona lista er að maður uppgötvar eitthvað sem maður hefði annars farið á mis við og þessi Kasabian-plata er bara helvíti fín. Ekki plata ársins kannski, en samt alveg þess virði að bæta henni í safnið. Fínar lagasmíðar, flott sánd og hugmyndaríkar útsetningar. Annars er listi Q frá 2-10 svona: 2. Lungs - Florence & The Machine 3. It's Bliss - Yeah Yeah Yeahs 4. Merriweather Post Pavillion - Animal Collective 5. Journal for Plague Lovers - Manic Street Preachers 6. Humbug - Arctic Monkeys 7. The Resistance - Muse 8. It's Not Me, It's You - Lily Allen 9. No Line on the Horizon - U2 10. Wolfgang Amadeus Phoenix – Phoenix.



**KASABIAN** Nýjasta platan var óvænt plata ársins hjá tímaritinu Q.


Ný og persónuleg jógastöð

opnunartilboð
15%
afsláttur af öllum kortum

Hot jóga
Hatha Jóga
Byrjendanámskeið
Meðgöngujóga námskeið

Stakur tími 1.500 kr.
Mánaðarkort 9.265 kr.
3 mánaðakort 20.315 kr.
6 mánaðakort 30.600 kr.

**Byrjendanámskeið 12.665 kr.**
**Meðgöngujóga námskeið 9.265 kr.**

Innifalið í kortum eru allir opnir tímar ásamt þeirri þjónustu sem boðið er upp á í Veggsport.

JÓGA Stúdíó

Stórhöfði 17 (gengið inn um Veggsport)
Sími: 695 8464 og 772 1025
www.jogastudio.bloggar.is


# Finnsk Bollywood-melankólía í Norræna húsinu

**Suðræn tónlistarsprengja úr norðri springur í Norræna húsinu um helgina. Finnska hljómsveitin Shava er ein sérstakasta hljómsveit hátíðarinnar.**



**ANGURVÆRÐ OG STUÐ** Finnska hljómsveitin Shava spilar í Norræna húsinu á föstudagskvöldið.

Heimstónlistarhátíðin Suðræn tónlistarsprengja frá norðri fer fram í Norræna húsinu nú um helgina. Á hátíðinni verða margar áhugaverðar hljómsveitir og er þetta hvalreki fyrir þá sem hafa gaman af heimsog þjóðlagatónlist. Alls koma sjö hljómsveitir fram og líklega hefur finnska sveitin Shava mesta aðdráttaraflið og sérstöðuna. Shava spilar bhangra-tónlist í anda Bollywood og syngur á finnsku. Þessi einstaki menningarbræðingur Shava er gerður til þess að skemmta sér og yfir og dansa með, en textarnir fjalla um allt frá lífinu í úthverfum Vestur-Helsinki að ást sem nær yfir öll menningarlandamæri.

### Finnsk melankólía í hressandi Bollywood-gír

„Gamlar finnskar kvikmyndir og Bollywood eru ekki svo fjarri hvort öðru. Auk þess er melankólía og angurværð álíka í bhangra og finnskri alþýðutónlist," sagði söngvarinn Kiureli Sammallahti nýlega í finnsku sjónvarpsviðtali. Hann nemur alþýðutónlist við hina finnsku Sibelius-akademíu. Líkt og flestir meðlimir Shava hefur hann dvalið lengi á Indlandi.

Nafn hljómsveitarinnar hefur enga heimspekilega skírskotun. Að hrópa „Shava, Shava" er hin punjabíska (hérað í Pakistan og Indlandi) hefð til þess að sýna að fólk sé að skemmta sér; hefð sem bandið vill gjarnan kenna vestrænum aðdáendum sínum.

Shava er lokanúmerið á föstudagskvöldið og hefur leik kl. 22. Dagskráin hefst tveimur tímum fyrr með leik dúettsins Trans-Nations, sem seiðir fram tóna úr framandi hljóðfærum undir gambískum og evrópskum áhrifum. Hljómsveitina skipa hin danska Inga Thommesen og Basiru Suso frá Gambíu. Helgi og hljóðfæraleikararnir frá Eyjafirði koma líka fram, en þessi aldna eðalsveit spilar pönkskotið þjóðlagarokk af mikilli ákefð.



**ÞJÓÐLAGAPÖNK!** Helgi mætir í bæinn með hljóðfæraleikurunum.

### Áfram bland í poka

Veislan heldur áfram á laugardagskvöldið þegar fjórar sveitir stíga á svið. Hin grænlenska Dida hefur leikinn kl. 19. Hún syngur grænlensk þjóðlög sem hún hefur sjálf útsett á nýstárlegan hátt. Næst er það sextettinn Another World, sem spilar djass undir áhrifum frá Vestur-Afríku. Hljómsveitina skipa nokkrir af þekktustu djassistum Danmerkur. Klukkan 21 er komið að hljómsveitinni Skrå frá Álandseyjum. Hún hefur alltaf verið með annan fótinn í hefðbundinni norrænni þjóðlagatónlist en innblásturinn kemur hvaðanæva svo úr verður skemmtileg blanda, hefðbundin en um leið framandi. Lokaatriði kvöldsins er hin norska sveit DJ Nad Jee, sem spilar fjöruga bhangra-tónlist, eins og má heyra í Bollywood-myndum. Sveitin blandar líka áhrifum frá rappi og house-tónlist í músík sína.

Hægt verður að gæða sér á framandi mat frá suðlægum löndum fyrir tónleikana og á milli atriða. Miðasala stendur nú yfir á midi.is. Verð á bæði kvöldin er 4.500 kr. en 2.500 kr. á hvort kvöld um sig. Frekari upplýsingar má finna á www.norrraenahusid.is.

drgunni@frettabladid.is

# Pínulítið skrítið popp

„Þetta er poppað – „Skærbjart draumapopp" – sagði einhver. Músíkin er búin að léttast mjög mikið frá síðustu plötu," segir Elíza Newman – Elíza úr Kolrössu krókríðandi – um lögin á nýju plötunni sinni, Pie in the sky, sem Smekkleysa hefur gefið út. „Þetta er önnur sólóplatan mín, en sjöunda stóra platan í allt. Uss, helvíti er maður orðinn gamall!" segir Elíza og hlær.

Tíu frumsamin lög eru á Pie in the Sky. Platan var tekin upp í London og á Íslandi með upptökustjóranum Gísla Kristjánsyni sem á og rekur hljóðverið Goodbeating í London. Þetta er sami Gísli og bjó lengi í Noregi og gerði plötuna How about that á vegum EMI árið 2007. „Hann kom mjög mikið inn í þetta. Gerði allar útsetningar og spilaði á trommur, gítar, bassa, hljómborð og alls kyns glingur. Ég mætti bara með demó þar sem ég spilaði á píanó og söng og svo unnum við úr því. Þó þetta sé poppað, er þetta þó engin venjuleg poppplata. Lögin eru öll pínulítið skrýtin."

Elíza býr þessa dagana í London þar sem hún er í mastersnámi í kennslufræði tónlistar. „Það er skrýtið að vera úti og vera að gefa út plötu á Íslandi.



**BAKA Á HIMNUM** Ný plata með Elízu inniheldur skærbjart draumapopp.

Ég stefni á að koma heim að spila, þó líklega ekkert fyrr en á næsta ári. Ég er ekkert að æsa mig of mikið fyrir jól." - drg

Takk fyrir okkur...

# Fatahönnuðir

bjóða í heimsókn

Á síðustu árum hefur fatahönnun á Íslandi verið í mikilli sókn og hefur myndast kjarni verslana frá mörgum af okkar bestu hönnuðum á Laugavegi, Skólavörðustíg og nærliggjandi götum. Viljum við fatahönnuðir þakka fyrir okkur og bjóða ykkur velkomin

## í kvöld frá 18-21

Við bjóðum upp á nýjustu hönnunina, veitingar og ýmislegt óvænt....

STEiNUNN, Bankastræti 9
ELM, Laugavegi 1
Spaksmannsspjarir, Bankastræti 11
GuSt, Bankastræti 11
MUNDI, Laugavegi 12, 2.hæð
Júníform, Ingólfsstræti 8
Andersen & Lauth, Laugavegi 7
ásta créative clothes, Laugavegi 15
HANNA, Laugavegi 20b við Klapparstíg
Kisan / Farmers Market, Laugavegi 7
Nakti Apinn, Klapparstíg 33
E-Label, Laugavegi 33
Nikita, Laugavegi 56
Nostrum, Skólavörðustíg 1A
BIRNA, Skólavörðustíg 2
Rósa Design, Skólavörðustig 10

> SNILLINGURINN WILL

Framleiðslufyrirtæki **Wills Smith** er að undirbúa nýja kvikmynd byggða á bók Daniels Keyes, Flowers for Algernon. Bókin fjallar um heimskingja sem gengst undir tilraunir sem breyta honum í snilling. Líklegt má telja að Smith fari með aðalhlutverkið.



# bíó

bio@frettabla-

# Caine vill herskyldu á ný

Hinn 76 ára leikari Michael Caine vill að ungir Bretar verði kallaðir í herinn eins og gert var á árum áður. „Það ætti að vera einhver allsherjaráætlun í gangi til að endurmennta þessi ungmenni,“ sagði Caine, sem barðist á sínum tíma í Kóreustríðinu. „Þeim finnst öllum eins og þjóðfélagið hafi níðst á þeim. Það ætti að setja þau í herinn í sex mánuði. Þar læra þau að verja landið sitt og þau tilheyra því. Síðan þegar krakkarnir ljúka herskyldunni líður þeim frekar eins og þeir tilheyri einhverju í stað þess að hugsa sífellt um ofbeldi,“ sagði leikarinn.

Nýjasta mynd Caines nefnist Harry Brown og fer hún í almennar sýningar í Bretlandi á morgun. Þar leikur hann fyrrverandi hermann sem þarf að glíma við eiturlyfja- og glæpagengi sem vaða uppi í hverfinu hans í London.



**MICHAEL CAINE** Breski leikarinn vill að ungir landar sínir verði kallaðir í herinn í sex mánuði.

# Rómantísk Aniston

**Jennifer Aniston mun leika á móti stjörnunum úr The Hangover, Bradley Cooper og Zack Gaifianakis, í rómantísku gamanmyndinni You Are Here. Leikstjóri verður Matthew Weiner, höfundur sjónvarpsþáttanna Mad Men. Langt er í að myndin fari á hvíta tjaldið því tökur hefjast ekki fyrr en 2011.**



**JENNIFER ANISTON**

# Sýnd í fimm borgum og heimsálfum

Kvikmynd Einars Þórs Gunnlaugssonar, Heiðin, verður sýnd í fimm borgum í þremur heimsálfum í nóvember og desember. Myndin ferðast til Indlands þar sem hún tekur þátt í Indian International Film Festival í flokknum Male Voice. Þetta verður í fyrsta sinn sem íslensk mynd er sýnd á þessari hátíð, sem verður haldin 15. til 22. desember. Heiðin verður einnig sýnd í Scandinavia House í New York í desember. Þar verða níu aðrar íslenskar myndir sýndar í tilefni af þrjátíu ára afmæli Kvikmyndasjóðs Íslands. Að auki verður Heiðin tekin til sýninga á norrænum kvikmyndadögum í Minneapolis í Bandaríkjunum 21. til 23. nóvember ásamt myndunum Skrapp út, Góðir gestir, Bræðrabylta og Síðasti bærinn í dalnum. Sömuleiðis verður myndin sýnd í Kulturhus í Berlín og í kvikmyndahátíð í Terni á Ítalíu þar sem þemað er Fólk og trú.

Með aðalhlutverkin í Heiðinni, sem var frumsýnd hérlendis í fyrra, fara Gunnar Eyjólfsson, Gísli Pétur Hinriksson, Jóhann Sigurðarson og Ísgerður Gunnarsdóttir. Myndin hefur verið sýnd á hinni alþjóðlegu A-hátíð Shanghai International Film Festival og hlotið lofsamlega dóma í hinu virta kvikmyndariti Variety. Leikstjórinn Einar Þór er um þessar mundir að ljúka við gerð heimildarmyndarinnar Norð Vestur, sem segir m.a. frá snjóflóðunum á Vestfjörðum 1995. Á næsta ári mun hann taka sér stutt hlé frá kvikmyndum og skrifa fyrir leikhús, en hann hefur fengið styrk úr leikritunarsjóði Þjóðleikhússins til að skrifa verkið Pinsilon.



**HEIÐIN** Kvikmyndin Heiðin verður sýnd í fimm borgum í þremur heimsálfum á næstunni.



**ROLAND EMMERICH** Þýski leikstjórinn Roland Emmerich við tökur á stórslysamyndinni 2012 sem kemur í bíó á morgun.

# Enn ein stórslysamyndin

**Þjóðverjinn Roland Emmerich leikstýrir stórslysamyndinni 2012 sem verður frumsýnd á morgun. Hann á að baki aðrar myndir í svipuðum dúr en sjálfur býst hann ekki við að geta toppað þessa.**

Í 2012 verða sólargos af áður óþekktri stærðargráðu til þess að jarðskorpan gliðnar með tilheyrandi jarðskjálftum og flóðum. Mitt í öllum látunum þarf hinn fráskildi faðir Jackson Curtis (John Cusack) að bjarga fjölskyldu sinni og reynist það hægara sagt en gert.

Hugmyndin að baki 2012 var að búa til nútímaútgáfu af sögunni um örkina hans Nóa. Fyrst um sinn vildi Roland Emmerich ekki taka þátt í verkefninu, enda þegar búinn að gera tvær stórslysamyndir; Independence Day og The Day After Tomorrow. Á endanum tókst að sannfæra hann um ágæti þessarar nýju myndar. „Ég setti mér það markmið að gera eitthvað sem væri svo ótrúlegt að enginn gæti leikið það eftir í langan tíma, ekki einu sinni ég,“ sagði Emmerich. „Maður á aldrei að segja aldrei en þetta verður líklega síðasta stórslysamyndin mín.“

Hann segir að brellurnar í myndinni hafi auðveldað sér verkið til mikilla muna. „Þegar ég gerði The Day After Tomorrow sá ég að þessi frábæra tölvutækni var að ryðja sér til rúms. Núna er hægt að gera allt í tölvu og engin módel eru lengur nauðsynleg. Maður getur framkvæmt allt sem hugurinn girnist.“

Roland Emmerich fæddist í Stuttgart árið 1955. Hann gekk í kvikmyndaskóla í München og þótti fljótt afar efnilegur. Hollywood bankaði á dyrnar og fyrsta stórmyndin hans var Universal Soldier með belgíska buffinu Jean-Claude Van Damme í aðalhlutverki. Í framhaldinu leikstýrði hann ævintýramyndinni Stargate. Þrátt fyrir að þessar tvær myndir gengju vel voru það smámunir miðað við velgengni næstu tveggja mynda. Geimveruhasarinn Independence Day naut gríðarlegra vinsælda úti um allan heim og gerði Emmerich að einum eftirsóttasta leikstjóranum í Hollywood. Næst var röðin komin að bandarísku útgáfunni af japanska skrímslinu Godzilla og sú mynd hlaut góða aðsókn þrátt fyrir misjafna dóma.

Emmerich breytti um gír fyrir næsta verkefni sitt, sem var stríðsmyndin The Patriot með Mel Gibson í aðalhlutverki, og fékk hún einnig fína aðsókn. Henni fylgdi hann eftir með stórslysamyndinni The Day After Tomorrow, sem gerðist eftir að ný ísöld hafði skollið á. Áður en Emmerich réðst í gerð 2012 sendi hann frá sér enn eina risamyndina, 10.000 BC. Þótt gagnrýnendur hafi ekki verið sérlega hrifnir af henni, eins og raunin hefur verið með margar myndir hans, flykktist fólk á hana í bíó.

**HELSTU MYNDIR EMMERICH:**

**2012** (2009)
**10.000 BC** (2008)
**The Day After Tomorrow** (2004)
**The Patriot** (2000)
**Godzilla** (1998)
**Independence Day** 2004
**Stargate** (1994)
**Universal Soldier** (1992)


Hannaðu þína eigin myndabók á oddi.is

VERÐ FRÁ 6.900 KR. EINTAKIÐ




Farðu inn á www.oddi.is og búðu til persónulega gjöf.
Vegleg innbundin myndabók með þínum myndum.

ODDI


# Rómantík og morð

Rómantíska gamanmyndin My Life in Ruins og spennumyndin Horsemen verða frumsýndar á morgun. My Life in Ruins fjallar um konu sem ferðast til Grikklands til að gerast leiðsögumaður með það að leiðarljósi að ferðast um landið og heimsækja gamlar heimaslóðir. Fljótlega fer hún að sjá lífið í allt öðru ljósi með ferðamannahópi sínum sem hún myndar traust tengsl við. Nina Vardalos, sem sló í gegn í myndinni My Big Fat Greek Wedding, fer með aðalhlutverkið. Richard Dreyfuss er einnig í einu aukahlutverkanna.

Í Horsemen leikur Dennis Quaid rannsóknarlögreglumanninn Aidian Breslin. Lítið hefur gengið upp hjá honum að undanförnu og er hann bitur út í lífið og tilveruna. Hann hefur nýlega misst konu sína og nær litlum tengslum við syni sína. Hann tekur að sér mál þar sem röð hrottalegra morða hefur verið framin og skyndilega tekur líf hans allt aðra stefnu. Hann kemst að því að hann hefur tengsl við fórnarlömbin og að morðin eru byggð á spádómi Biblíunnar um reiðmennina fjóra sem leiða heimsendi á eftir sér.



**MY LIFE IN RUINS** Nina Vardalos fer með aðalhlutverkið í rómantísku gamanmyndinni My Life in Ruins.



FATA MARKAÐUR
Í LAUGARDALSHÖLLINNI
LAUGARDALSHÖLLIN
ódýrt
OPNUM Í DAG
AÐEINS Í ÖRFÁA DAGA
Nýtt korta-tímabil
3.999 kr.
Dömuleggings
verð frá 999 kr.
Treflar
1.499 kr.
Skyrtur / strákar
4.999 kr.
Dömuskyrta með belti
NÝJAR VÖRUR
FYRIR ALLA
FJÖLSKYLDUNA
4.999 kr.
Armybuxur / herra
2.499 kr.
Náttföt
Aðeins brot af úrvalinu
2.499 kr.
Hettupeysur / strakar
verð frá 999 kr.
Húfur í miklu úrvali
2.999 kr.
Hettupeysur / stelpur
3.999 kr.
Herrapeysur
Leggings frá 999 kr
Hettupeysur frá 2499 kr.
Úlpur frá 3990 kr.
BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDABRENGL
Komdu og gerðu kjarakaup fyrir jólin
FATAMARKAÐUR Í LAUGARDALSHÖLLINNI
OPIÐ FRÁ KL. 11 TIL 19



**> HITTIR FORELDRA JESUS**

**Madonna** og kærasti hennar, Jesus Luz, lentu í Brasilíu í gær og munu dvelja í landinu í nokkra daga. Á meðan á dvölinni stendur mun Madonna meðal annars hitta foreldra Jesus í fyrsta sinn, en móðir piltsins er heilum fimmtán árum yngri en Madonna.

**Fólk**

folk@frettabladid.is

# Fatahönnuðir bjóða í heimsókn

„Þetta er „súpudagur“ fatahönnuða, með þessu framtaki viljum við þakka fólki góðar móttökur og bjóða fólki í heimsókn og upplifa skemmtilega jólastemningu í leiðinni,“ segir Gunnar Hilmarsson, formaður Fatahönnunarfélags Íslands.

Fatahönnuðir við Laugaveg og nærliggjandi götur bjóða gestum og gangandi í heimsókn í kvöld. Boðið verður upp á veitingar og ýmis skemmtiatriði auk þess sem fólki gefst færi á að skoða nýjar jóla- og vetrarvörur. „Hönnunarverslunum hefur fjölgað mjög hratt á síðustu árum og nú hefur myndast skemmtilegur kjarni hönnunarverslana í kringum Laugaveg og nærliggjandi götur. Stór hópur fólks kemur niður í miðbæ til að heimsækja þessar verslanir og þið getið rétt ímyndað ykkur hversu tómlegur Laugavegurinn væri ef þessar hönnunarverslanir væru ekki.“

Sextán hönnunarverslanir í miðbænum taka þátt og má nefna verslanir á borð við Nikita, Elabel, Andersen og Lauth, Steinunn, ELM, Júniform, Nakta apann auk annarra. „Það er mikill samhugur meðal fatahönnuða og fólk talar mikið saman, skiptist á upplýsingum og hjálpar hvað öðru og við höfum einnig staðið að nokkrum samsýningum fyrir viðburði, eins og Bleika kvöldið.“ Aðspurður segir Gunnar að áætlað sé að gera þetta að föstum lið og að félagið standi fyrir degi sem þessum tvisvar á ári, fyrir jól og aftur að vori.

Dagskráin hefst klukkan 18.00 og stendur til klukkan 21.00. - sm



**KRAFTMIKLIR HÖNNUÐIR** Gunnar Hilmarsson, formaður Fatahönnunarfélags Íslands, segir fatahönnun vera í mikilli uppsveiflu. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**Í HITCHCOCKLEIKRITI** Brjálað að gera hjá Hvanndalsbræðrum.

# Annir í Hvanndal

Hljómsveitin Hvanndalsbræður tekur nú starf sitt með miklum alvörubrag ólíkt því sem áður tíðkaðist. Hljómsveitin hefur líka aldrei verið jafn vinsæl. Hún hefur átt tvo stórsmelli á árinu sem heyrast á öllu útvarpsstöðvum landsins og í spinningtímum. Sveitin vinnur nú að efni á sjöttu plötuna sem koma mun út í vor og verður frábrugðin fyrri plötum. Eins og áður hefur komið fram verður bandið með í undankeppni Eurovision og það gefur út sína útgáfu af jólasálminum „Í Betlehem er barn oss fætt“ á næstu dögum. Þá verður ráðist í að semja titillag leikverksins 39 þrep eftir Alfred Hitchcock, sem Leikfélag Akureyrar sýnir eftir áramót.






# Styrkja börn

Fjöldi þekktra tónlistarmanna kemur fram á tónleikum Lionsklúbbsins Fjörgynjar sem verða haldnir í Grafarvogskirkju á fimmtudaginn. Á meðal þeirra verða Friðrik Ómar og Jógvan, Páll Óskar og Monika, Lay Low, Hörður Torfason, KK og Ellen Kristjánsdóttir. Karlakórinn Fóstbræður stígur einnig á svið. Þetta er sjöunda árið í röð sem Fjörgyn stendur fyrir þessum góðgerðatónleikum og hefur aðsókn ávallt verið mjög góð. Allur ágóði rennur til Barna- og unglingageðdeildar LSH og líknarsjóðs Fjörgynjar. Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og er miðaverð 2.500 krónur.

# Sýndi töfrabrögð í Ósló í boði dularfulls Norsara

**Galdrakarlinn Einar M. Sverrisson sýndi töfrabrögð í Noregi fyrir 400 manns við góðar undirtektir.**

„Ég var á Íslenska barnum á mánudagskvöldinu í síðustu viku að sýna barþjónunum nokkur töfrabrögð þegar maður á endanum á barnum spurði; „How‘s the icelandic depression?“ Ég nennti ekki að ræða það svo ég sýndi honum nokkur brögð. Eftir korter sagðist hann vera með stórt kvöld í Óperunni í Ósló þremur dögum síðar þar sem hann vildi fá mig til að sýna og þremur klukkutímum síðar var hann búinn að bóka fyrir mig flug, hótel og ganga frá öllum smáatriðum,“ segir Einar M. Sverrison töframaður. Honum var boðið til Ósló af Bjorn Normann, eiganda fyrirtækisins Color express, einu stærsta prentfyrirtæki Noregs, til að sýna á kvöldi í Óperuhúsinu fyrir 400 af stærstu atvinnurekendunum á Óslósvæðinu.

„Ég svaf eiginlega ekkert fyrstu nóttina eftir að ég vissi að ég væri að fara, þetta gerðist svo hratt. En svo æfði ég mig mjög stíft, setti saman prógram og fór út með mitt besta efni. Til að fá að fara inn í Óperuhúsið sem skemmtikraftur þarf að fá leyfi og fylla út umsókn svo ég var heppinn að hafa fengið að fara þarna inn með svo litlum fyrirvara,“ útskýrir Einar sem gekk á milli gesta og sýndi töfrabrögð meðan vínsmökkun fór fram og á milli rétta í fjögurra rétta veislumáltíð. „Þetta var svolítið erfitt fyrsta korterið, en þegar maður var búinn að brjóta ísinn gekk þetta mjög vel,“ segir hann.

Einar, sem er 23 ára, hefur lagt stund á töfrabrögð um árabil og er að mestu leyti sjálflærður. „Ég var um tólf ára þegar ég fór að hafa áhuga á töfrabrögðum, en maður vissi ekki hvar ætti að nálgast það. Fyrir tveimur árum hitti ég svo mann sem kom mér inn í þetta og síðastliðið ár hef ég æft mig reglulega og komið fram. Maður getur lært af bókum sem kenna grunninn og útfært brögðin á eigin hátt, en þetta lærist best frá öðrum töframönnum,“ segir Einar. „Ég sérhæfi mig í „table-hop“ eða „stralling magic“ sem eru töfrabrögð í návígi. Þetta er mjög vinsælt í Ameríku og eftir að David Blane fór að vera með þætti í sjónvarpinu er fólk meðvitaðra um að töfrar þurfa ekki að gerast uppi á sviði. Fólk hefur oft meira gaman af því að sjá töfrana gerast beint fyrir framan sig,“ útskýrir hann, en segist jafnframt halda sviðssýningar inn á milli. „Um leið og maður fær þessa töfrabakteríu hugsar maður nánast ekki um neitt annað og eftir því sem maður verður betri vill maður ýta sér lengra,“ bætir hann við.

Ljóst er að Einar hefur vakið lukku í Óperuhúsinu í Ósló því hann hefur nú þegar fengið tilboð frá fleiri fyrirtækjum sem vilja fá hann út á sínum vegum. „Þrjú fyrirtæki sem voru á samkomunni eru búin að hafa samband við mig í þessari viku og vilja fá mig út í desember á samkomur, en þar á meðal er jólahátíð hjá Eurocard,“ segir Einar. Áhugasamir geta haft samband við Einar í gegnum netfangið galdrar@internet.is.

alma@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**TÖFRANDI** Einar vakti mikla lukku meðal gesta Óperuhússins í Ósló í síðustu viku.






Opið alla daga
frá kl. 12 - 18

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
Kaupfélagið
skór.is
ecco
NIKE
adidas
PUMA
hummel
Reebok
BLEND
SKECHERS



Spennandi námskeið á næstunni

Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað
hefst 17. nóvember

Excel I – fjármál og rekstur
hefst 17. nóvember

Þróun og skipulag borga – sérkenni Reykjavíkur frá alþjóðlegu sjónarhorni
hefst 17. nóvember

Bætt skipulag með hugarkortum (e. Mind Manager)
haldið 19. nóvember

Þrívíddarhönnun í SketchUp
hefst 19. nóvember

Myndgreining á miðtaugakerfi
hefst 20. nóvember

Nýir dómar um ógildingarreglur samningaréttar
haldið 23. nóvember

Náttúrulyf og náttúruvörur
haldið 26. nóvember

Íslenski þroskalistinn
haldið 26. nóvember

Smábarnalistinn:
Staðlaður þroskalisti handa ungbörnum
haldið 27. nóvember

Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks
haldið 28. nóvember

Barnavernd: skipulag, vinnsla og samstarf við aðra faghópa
haldið 30. nóvember

Excel II – fjármál og rekstur
hefst 3. desember

Fást: sígilt meistaraverk og ný tónlist eftir Nick Cave
hefst 8. desember

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning:
sími 525 4444 og endurmenntun.is


# Jólaþorp rís við Laugaveginn

„Þetta verður mjög fallegt og skemmtilegt lítið hverfi sem þarna rís," segir Jakob Frímann Magnússon.

Jólaþorpi verður komið upp í byrjun desember í hinum svokallaða Hjartagarði sem er fyrir aftan Nýlenduverslun Hemma og Valda á Laugaveginum, þar sem áður var Hljómalind. Þar verður boðið upp á aðstöðu fyrir fólk til að sýna handverk og hönnun sína. Að auki verður þar ýmiss konar jólavarningur á boðstólum. Í garðinum verður komið upp fallega skreyttum tréhúsum í bjálkakofastíl auk þess sem viðburðatjald verður á staðnum þar sem tónlist, upplestrar og barnvænt efni verður á efnisskránni.

„Þarna verður miðborgarjólastemningin í algleymingi en auðvitað verður hún úti um alla miðborgina líka," segir skipuleggjandinn Jakob Frímann. „Við verðum með eitt og annað í gangi á Ingólfstorgi, Lækjartorgi, Skólavörðustíg og víðar, en á laugardögum verður þetta aðalvettvangurinn fyrir ýmsar uppákomur. Þarna verða líka heimkynni Grýlu, Leppalúða og jólasveinanna," segir hann. „Það verður enginn svikinn af því sem þarna verður í boði."

Í síðustu viku var haldinn handverks- og hönnunarmarkaður í Ráðhúsi Reykjavíkur þar sem fullt var út úr dyrum. „Eftir það var alveg ljóst að það vantaði aðstöðu fyrir þá sem eru að búa til eitthvað skemmtilegt og vilja koma því á markað," segir Jakob og bendir á netfangið skemmtilegt@skemmtilegt.is fyrir þá sem vilja taka þátt. - fb



**JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON** Jakob Frímann skipuleggur uppsetningu jólaþorps í miðbæ Reykjavíkur í byrjun desember.

# Fergie hélt að hún mætti sænga hjá öðrum konum

**Söngkonan Fergie sagðist ekki hafa litið á það sem framhjáhald hefði hún sængað með öðrum konum.**

Samkvæmt tímaritinu The Sun áttaði söngkonan Fergie sig ekki á því að hún mætti ekki gamna sér áfram með öðrum konum eftir að hún var orðin gift kona. Fergie, sem giftist leikaranum Josh Duhamel í byrjun þessa árs, segir að hún líti ekki á það sem framhjáhald sængi hún hjá annarri konu. „Ég hef skemmt mér vel með konum og ég skammast mín ekki fyrir það. Vandamálið er að ég skemmti mér alveg jafn vel með karlmönnum. Eftir langt spjall við sálfræðing minn áttaði ég mig á því að það teldist til framhjáhalds svæfi ég hjá öðrum konum ef ég er í föstu sambandi. Svo segir víst reglan," sagði söngkonan.

Fergie og Duhamel kynntust árið 2004 við tökur á þáttunum Las Vegas og hafa verið saman síðan þá. Í lok október birtist blaðaviðtal við stripparann Nicole Forrester sem sagðist hafa sængað hjá Duhamel fyrr um sumarið. Forrester gekkst undir lygapróf máli sínu til stuðnings og átti að hafa staðist það próf.

Hún lýsir bólferðum sínum og Duhamels og segir einnig frá því að hann hafi hringt í hana eftir að upp um hann komst og beðið hana um að draga sögu sína til baka. Fergie hefur aftur á móti staðið með sínum manni og segir Duhamel vera góðan mann og að ásakanir dansarans séu algjörlega út í hött.



**HÉLT AÐ HÚN HEFÐI LEYFI**
Söngkonan **Fergie** hélt að hún mætti sænga hjá konum þrátt fyrir að vera gift. Skemmtileg tilviljun, því, **Josh Duhamel,** eiginmaður hennar var sakaður um framhjáhald á dögunum.

Tónlist ★★

**Cosmic Call**
Cosmic Call

## Grípandi Skagarokk



Á þessari fyrstu plötu Skagahljómsveitarinnar Cosmic Call eru sjö lög. Flest eru þau ágætlega grípandi þar sem taktfastur trommuleikurinn og leikandi gítarleikurinn blandast vel saman. Sérstaklega er upphafslagið Cold Hands vel unnið. Reyndar er ekkert sem kemur á óvart á þessari plötu. Fylgt er forskrift hljómsveita á borð við Kings of Leon og Arcade Fire og söngvarinn reynir hvað hann getur til að stæla Caleb Followill, án þess að ná sömu angurværðinni og dýptinni í röddinni. Hvað sem öllum samanburði líður hefur Cosmic Call sent frá sér hina sæmilegustu frumraun sem hún getur vel byggt á í framtíðinni.

Freyr Bjarnason

**Niðurstaða:** Ágæt byrjun hjá efnilegri hljómsveit.

# Amy breytir útliti sínu

Samkvæmt The Sun hyggst söngkonan Amy Winehouse fara í enn eina lýtaraðgerð innan skamms. Winehouse fór í brjóstastækkun fyrir stuttu og samkvæmt heimildarmanni The Sun er söngkonan svo himinlifandi með barminn að hún hefur íhugað að stækka afturendann á sér og fullkomna þannig hið nýja og kvenlega útlit. „Amy er sérstaklega ánægð með brjóstin á sér. Hún horfir á sig í spegli tímunum saman. Henni finnst hún kvenleg á ný og langar að verða enn kvenlegri og trúir því að með annarri aðgerð muni hún fullkomna útlit sitt," sagði heimildarmaðurinn.



**AMY WINEHOUSE**




Fyrir þig og þá sem þér þykir vænst um!

Kringlunni · 551 3200

# Ekki alvara í sambandinu



**SAKNAR JUSTINS** Sambandi Jessicu Biel og Justins Timberlake er að ljúka.

Slúðurtímaritin vestra hafa mikið verið að velta sér upp úr sambandi söngvarans Justins Timberlake við spúsu sína, Jessicu Biel. Sögur af meintum sambandsslitum hafa verið tíðar og á tímabili var Timberlake orðaður við söngkonuna Rihönnu.

Nýjustu fregnir herma að parið sé vissulega hætt saman, en hittist þó af og til. „Justin var mjög hreinskilinn við Jessicu og sagði henni að hann vildi ekki vera í föstu sambandi lengur og að hann vildi geta hitt aðrar stúlkur. Jessica varð miður sín en þau byrjuðu að tala aftur saman stuttu seinna. Hún saknaði hans mikið og var því tilbúin til að ganga að skilmálum hans þrátt fyrir að það væri ekki það sem hún óskaði sér. Hún elskar hann enn og þetta er ef til vill besta leiðin fyrir hana til að ljúka sambandinu.“

Auglýsingasími
512 5050
FRÉTTABLAÐIÐ
– Mest lesið



Hemmi Gunn ásamt söngkonunum Hildi Völu og Aðalheiði Ólafsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# HEMMI OG GYLFI Á BÓKAKYNNINGU

**Haustkynning á útgáfu Senu fyrir jólin var haldin á Hilton Reykjavík Nordica-hótelinu í gær. Fjölmargir aðilar úr tónlistarbransanum létu sjá sig. Boðið var upp á glæsilegt hádegishlaðborð fyrir gesti auk þess sem lesið var upp úr bókunum Söknuði – ævisögu Vilhjálms Vilhjálmssonar og Sjúddirarírei, ævisögu Gylfa Ægissonar.**



Tónlistarmaðurinn Gylfi Ægisson ásamt Sólmundi Hólm sem ritaði ævisögu hans.



Magnús Kjartansson ásamt Jóhanni Vilhjálmssyni, Árnýju Ingvarsdóttur og Steven Páli.



Óttarr Proppé, meðlimur Dr. Spock, og útvarpsmaðurinn Þorkell Máni Pétursson.



Glatt var á hjalla hjá Þuríði Sigurðardóttur, Ómari Ragnarssyni og Birni Björnssyni.




POTTURINN OG PANNAN
SKÓLABRÚ

**Forréttir:** Gæsasúpa með sveppakremi, reyktur lax með chantillysósu, grafinn lax með hunangsósu, hreindýra paté með rifsberjageli, laxa paté með hvítlauksdressingu og þrjár tegundir af síld.
**Aðalréttir:** Lambalæri, grísapörusteik, gæsabringa, kalkúnabringur, hangikjöt og saltfiskur. **Eftirréttir:** Ris a l´amande, súkkulaðifrómas, skyrkaka, creme carmelle, súkkulaði gosbrunnur og ávextir

# Nýtt í Skífunni

SKÍFAN
Laugavegi · Kringlunni
www.skifan.is








**Söknuður - Ævisaga Vilhjálms Vilhjálmssonar er komin út**

Jón Ólafsson segir nú í fyrsta sinn alla sögu eins dáðasta listamanns þjóðarinnar fyrr og síðar. Á líflegan hátt og með innsæi tónlistarmannsins rekur hann lífsþráð Hólmars úr Höfnum sem að lokum varð goðsögnin Vilhjálmur Vilhjálmsson.

**Kaupauki**
Mánaðaráskrift af Tónlist.is fylgir bókinni í verslunum Skífunnar á meðan birgðir endast.
Hlustaðu á tónlistina meðan þú lest bókina.
Tónlist.is

**4.999 kr.**

## Plötur Vilhjálms Vilhjálmssonar á tilboði




1.799 kr.




1.799 kr.




1.799 kr.

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 8 og 10 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 | 12 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 6 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10.15 | L |




NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR SAMBÍÓANNA HJÁ JÁ - 118

já -er svarið

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 16 |
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| MORE THAN A GAME | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 7 |
| THE INFORMANT | kl. 8 - 10:20 | L |
| THE INFORMANT | kl. 5:50 | VIP |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| GAMER | kl. 8 | 16 |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8:10 - 10:30 | 16 |
| THE INFORMANT | kl. 8:10 - 10:30 | L |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6:15(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8:10D - 10:30D | 12 |
| SKELLIBJALLA | kl. 6:15D | L |
| FAME | kl. 6 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| LAW ABIDING CITIZEN | kl. 8 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 | 12 |

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| DESEMBER LÚXUS | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 | 16 |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| DESEMBER | kl. 6 - 8 - 10 | 10 |
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |

facebook.com/smarabio AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| THIS IS IT | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| JÓHANNES | kl. 5.45 - 8 - 10 | L |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| WANTED AND DESIRED | kl. 5.45 | 12 |
| ZOMBIELAND | kl. 8 - 10 | 16 |
| BROKEN EMBRACES | kl. 6 - 9 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 SÍÐUSTU SÝNINGAR | 16 |


# Myndband við Faðirvorið

Upptökur á nýju myndbandi við lag tannlæknisins og lagahöfundarins Heimis Sindrasonar við Faðirvorið fóru fram í Dómkirkjunni á dögunum.

„Ég held að þetta verði æðislegt myndband, þótt ég segi sjálfur frá," segir Heimir. „Ég hlakka til að sjá þetta." Myndbandið er það fyrsta sem Heimir sendir frá sér í ellefu ár og því er spenningurinn eðlilega mikill.

Lagið er að finna á nýrri plötu hans, Ást og tregi. Þar syngur Klara úr Nylon lagið auk þess sem Katrín Sól Gunnarsdóttir, dóttir Gunnars Gunnarssonar, sem hefur unnið lengi með Heimi, kemur þar við sögu. Einnig syngja með stúlkur úr Skólakór Kársnesskóla. **- fb**



**NÝTT MYNDBAND** Heimir Sindrason ásamt Klöru úr Nylon og Katrínu Sól. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Í ELDHÚSINU** Haraldur sýnir landsmönnum hvernig á að matreiða ýmsa rétti frá grunni í tímaritinu Stoppað í matargatið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ljósmyndari stoppar í matargöt þjóðarinnar

**Ljósmyndarinn Haraldur Jónasson, Hari, hefur gefið út tímaritið Stoppað í matargatið. Fyrsta tölublaðið leit dagsins ljós í gær.**

Tímaritinu verður dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. „Þetta tímarit gengur út á mat sem allir eru að borða og fólk getur búið til heima hjá sér frá grunni," segir Hari. Í fyrsta tölublaðinu er sýnt hvernig á að reiða fram heimatilbúinn skyndibita þannig að útkoman verði enn gómsætari en á hinum hefðbundnu skyndibitastöðum. Sýnt er hvernig á að búa til eigin pitsur, hamborgarabrauð og hinar ýmsu sósur frá grunni, auk ýmislegs fleira.

„Hugmyndin að þessu kviknaði fyrir tveimur árum þegar ég bjó úti í Danmörku. Þá var ekki hægt að kaupa almennilegan hamborgara eða hamborgarabrauð úti í búð," segir Hari. Þrátt fyrir að meiri tími fari í að gera uppskriftirnar frá grunni segir hann að það sé vel þess virði. „Þetta tekur aðeins lengri tíma en fyrir vikið verður þetta tíu sinnum betra. Þá veit maður líka nákvæmlega hvað maður er að setja ofan í sig."

Stoppað í matargatið kemur út fjórum sinnum á ári og verður hægt að nálgast tímaritið í verslunum Eymundsson, á kaffihúsum og öðrum samkomustöðum. Einnig verður hægt að skoða það á slóðinni Matargatid.is.

**freyr@frettabladid.is**

# Áhugamenn um öfgatónlist athugið

Bandaríska harðkjarnasveitin Pulling Teeth frá Baltimore er komin til Íslands á vegum grasrótarútgáfunnar Paradísarborgar plötur (PBP). Pulling Teeth er eitt heitasta bandið í harðkjarnasenunni og er því koma þess hvalreki fyrir íslenska áhugamenn um öfgatónlist. Síðasta plata bandsins, Paranoid Delusions/Paradise Illusions, sem gefin er út af hinni virtu Deathwish-útgáfu, hefur fengið mjög góða dóma og þykir af mörgum þungarokksmiðlum erlendis ein besta plata þessa árs.

Pulling Teeth blandar saman beittu hardcore-pönki og metal af gamla skólanum og ættu aðdáendur vandaðs þungarokks að fá eitthvað fyrir sinn snúð. Hljómsveitin byrjar Íslandstúrinn í Gamla bókasafninu í Hafnarfirði nú í kvöld kl. 20. Auk þess koma fram Tentacles of Doom, Hark og Logn. Annað kvöld, föstudagskvöldið 13. nóvember, mun hljómsveitin koma fram á Sódómu. Þar spila einnig Plastic Gods, Bummer, Gone Postal og Celestine. Á Sódómu hefst rokkið klukkan 22. Miðaverð á hvora tónleikana fyrir sig er þúsund krónur. **- drg**



**HARÐKJARNI** Pulling Teeth verður á tvennum tónleikum á Íslandi.



**ENN EITT BARN** Kevin Federline á von á sínu fimmta barni.

# Verður fimm barna faðir

**Fyrrverandi eiginmaður söngkonunnar Britney Spears er sagður eiga von á sínu fimmta barni, nú með kærustu sinni Victoriu Prince. Samkvæmt tímaritinu The National Enquirer uppgötvaði Prince að hún var barnshafandi stuttu eftir helgarfrí þeirra í spilaborginni Las Vegas. „Óléttuprófið var jákvætt. Hún sagði Kevin frá þessu en hann virtist alls ekki ánægður með fréttirnar," sagði heimildarmaður.**

**Federline á tvö börn með fyrstu eiginkonu sinni, leikkonunni Shar Jackson, og synina Sean Preston og Jayden James með Britney Spears.**


BYLGJAN 989
Nóa Konfekt
Kringlan
Dívurnar, tenorarnir & góðir gestir
FROSTRÓSIR
2009
JÓHANN FRIÐGEIR GARÐAR THÓR CORTES FRIÐRIK ÓMAR
RAGGA GÍSLA MARGRÉT EIR HERA BJÖRK GUÐRÚN GUNNARS
30 MANNA STÓRHLJÓMSVEIT FROSTRÓSA, KARLAKÓRINN FÓSTBRÆÐUR, STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR, GOSPELRADDIR DOMUS VOX,
VOX FEMINAE OG ÍSLENSKI GOSPELKÓRINN. - TÓNLISTARSTJÓRI: KARL O. OLGEIRSSON - HLJÓMSVEITARSTJÓRI: ÁRNI HARÐARSON
Frostrósir slá öll met
BÆTT HEFUR VERIÐ VIÐ FJÓRÐU TÓNLEIKUNUM Í LAUGARDALSHÖLL
OG AUKATÓNLEIKUM Í HÖLLINNI AKUREYRI
MIÐASALA Á AUKATÓNLEIKA HAFIN Á midi.is
HÖLLINNI AKUREYRI
6. DES. KL. 16:00 AUKATÓNL.
6. DES. KL. 20:00 UPPSELT
LAUGARDALSHÖLL
12. DES. KL. 16:00 UPPSELT
12. DES. KL. 21:00 UPPSELT
13. DES. KL. 16:00 AUKATÓNL.
13. DES. KL. 20:00 UPPSELT
EKKI VERÐUR HÆGT AÐ BÆTA VIÐ FLEIRI TÓNLEIKUM!
FROSTRÓSIR
5 CD & 2 DVD
SÉRSTAKIR GESTIR: HÖGNI OG SIGRÍÐUR THORLACIUS ÚR HJALTALÍN, HEIÐA ÓLAFS, EDGAR SMÁRI O.FL. O.FL.
FROSTRÓSIR UM LANDIÐ
1/12 HÖLLIN VESTMANNAEYJUM KL. 20:00 ÖRFÁ SÆTI
2/12 ÍÞRÓTTAHÚSIÐ HÖFN KL. 20.00 ÖRFÁ SÆTI
3/12 ESKIFJARÐARKIRKJA KL. 18:00 AUKATÓNL.
3/12 ESKIFJARÐARKIRKJA KL. 21:00 UPPSELT
4/12 EGILSSTAÐAKIRKJA KL. 18:00 UPPSELT
4/12 EGILSSTAÐAKIRKJA KL. 21:00 UPPSELT
7/12 MIÐGARÐUR, VARMAHLÍÐ KL. 20:00 UPPSELT
8/12 MIÐGARÐUR, VARMAHLÍÐ KL. 18:00 AUKATÓNL.
8/12 MIÐGARÐUR, VARMAHLÍÐ KL. 21:00 UPPSELT
9/12 KLIF, ÓLAFSVÍK KL. 20:00 ÖRFÁ SÆTI
10/12 ÍSAFJARÐARKIRKJA KL. 18:00 AUKATÓNL.
10/12 ÍSAFJARÐARKIRKJA KL. 21:00 UPPSELT
MIÐASALA Á midi.is OG Á AFGREIÐSLUSTÖÐUM PÓSTSINS Á TÓNLEIKASTÖÐUM UM LANDIÐ
NÁNAR Á FROSTROSIR.IS
FROSTRÓSIR TAKA FLUGIÐ MEÐ FLUGFÉLAGI ÍSLANDS
FLUGFÉLAG ÍSLANDS

## > Baldur á leið til Fylkis

Miðjumaðurinn Baldur Bett hefur ákveðið að söðla um og leika með Fylki næsta sumar. Baldur hefur verið í herbúðum Vals síðustu ár eftir að hafa leikið með FH þar áður. Margir áttu von á því að Baldur yrði áfram í herbúðum Vals, sérstaklega eftir að faðir hans, James, var ráðinn aðstoðarþjálfari félagsins. Baldur á eftir að verða hinu unga liði Fylkis styrkur enda reyndur miðjumaður sem hefur unnið ófáa titla á sínum ferli.



**sport**

sport@frettabladid.is

ALFREÐ FINNBOGASON: FÉKK EKKI SAMNING HJÁ VIKING EN SEGIR BLIKANA KOST NÚMER EITT HEIMA

# *Enska liðið Blackpool vill fá að skoða Alfreð*

Einn eftirsóttasti knattspyrnumaður landsins þessa dagana er Blikinn ungi, Alfreð Finnbogason. Strákurinn sló í gegn í Pepsi-deildinni í sumar og vakti frammistaða hans athygli utan landsteinanna.

Hann var til reynslu hjá norska liðinu Viking en félagið ákvað að bjóða honum ekki samning að svo stöddu.

„Þeir vilja skoða mig betur og hafa boðið mér að koma með liðinu til La Manga í febrúar. Ég veit ekki hvort ég tek því boði enda langt í febrúar," sagði Alfreð en fram kom hjá forráðamönnum Viking að ein ástæðan fyrir því að þeir vildu ekki bjóða honum samning væri sú að hann sé hægur. „Þetta kom víst eitthvað vitlaust út og þeir sögðu blaðamennina einblína meira á það neikvæða. Ég veit samt að ég er ekkert sá fljótasti, ég er svona meðalfljótur."

Alfreð er samt með fleiri járn í eldinum og hann fer að öllum líkindum á reynslu hjá enska félaginu Blackpool. Það lið er að standa sig vel í ensku B-deildinni og situr þar í fimmta sæti sem stendur.



„Ég fer líklega út til liðsins í svona 2-3 daga og spila einn æfingaleik. Það lið gæti verið spennandi kostur," sagði Alfreð sem er staddur með íslenska U-21 árs landsliðinu í San Marínó. Hann hefur verið á ferð og flugi í um mánuð og ætlar að taka sér frí þegar hann kemur heim frá Blackpool.

„Það er kominn tími á smá hvíld. Þetta er búin að vera mikil keyrsla," sagði Alfreð sem er samningslaus og getur því gengið til liðs við það félag sem hann vill.

Stóru félögin á Íslandi hafa öll áhuga á þessum skemmtilega framherja og svo vilja Blikar að sjálfsögðu halda sínum manni. „Ég hef ýtt öllu hér heima frá mér enda vil ég komast út. Ef ekkert verður af því er ljóst að ég mun fyrst setjast niður með Blikum áður en ég ræði við önnur félög," sagði Alfreð en kitlar ekkert að spila með stóru liði eins og FH eða KR?

„Jú, auðvitað er það freistandi. Við erum samt að byggja upp skemmtilegt lið í Kópavoginum og það er gaman að taka þátt í því þó svo að ég stefni á að fara út sem fyrst."



**ÓLAFUR RAFNSSON** Vill komast til frekari metorða hjá FIBA Europe.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ólafur Rafnsson í framboð:

## Býður sig fram til forseta FIBA Europe

**KÖRFUBOLTI** Ólafur Rafnsson, forseti ÍSÍ og fyrrverandi formaður KKÍ, tilkynnti í gær að hann hefði ákveðið að bjóða sig fram til forseta körfuknattleikssambands Evrópu eða FIBA Europe.

Kjörtímabili núverandi forseta lýkur í maí á næsta ári. Kosið er á fjögurra ára fresti.

FIBA Europe er eitt af fimm svæðissamböndum körfuknattleiks í heiminum og ber ábyrgð á þróun körfuboltans í Evrópu ásamt því að fara með yfirstjórn allra körfuboltamála í Evrópu.

Fram kemur í tilkynningu frá Ólafi að hann njóti stuðnings Ólafs Ragnars Grímssonar forseta og Katrínar Jakobsdóttur íþróttamálaráðherra.

Ólafur hefur verið í stjórn FIBA Europe frá árinu 2002. Síðustu fjögur ár hefur Ólafur verið varaforseti fjármálaráðs FIBA Europe og forseti áfrýjunardómstóls alþjóðakörfuknattleikssambandsins, FIBA. - hbg



**ARNAR SVEINN** Áfram á Hlíðarenda.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Arnar Sveinn Geirsson:

## Framlengir við Valsmenn

**FÓTBOLTI** Sá stórefnilegi íþróttamaður, Arnar Sveinn Geirsson, hefur skrifað undir nýjan þriggja ára samning við knattspyrnudeild Vals.

Arnar, sem er sonur Geirs Sveinssonar, hefur einnig spilað með meistaraflokki Vals í handbolta og þykir hann ekki síðri í handbolta en fótbolta.

Hann þreytti frumraun sína með meistaraflokki í fótbolta í sumar og þótti standa sig vel. - hbg

# Vitum ekki einu sinni nafn liðsins

**Handboltastrákarnir Jóhann Gunnar Einarsson og Daníel Berg Grétarsson eru þessa dagana staddir í Amman í Jórdaníu þar sem þeir spila með liði frá Sádi-Arabíu í asísku meistaradeildinni. Dvölin hingað til hefur verið mikið ævintýri. Strákarnir fá jafngildi 4-5 mánaða launa í Þýskalandi fyrir þrjár vikur í Jórdaníu.**

**HANDBOLTI** Í síðustu viku fengu þeir Jóhann Gunnar Einarsson og Daníel Berg Grétarsson símtal og var spurt hvort þeir væru til í að spila með sádiarabísku liði í þrjár vikur. Var umhugsunartíminn sem þeir fengu nánast enginn því þeir þurftu að fara strax morguninn eftir ef þeir vildu koma.

Þó svo að þeir hafi í fyrstu haldið að um gabb væri að ræða ákváðu þeir að slá til og halda á vit ævintýranna í þrjár vikur. Þeir vissu nákvæmlega ekkert hvað beið þeirra.

„Meistaradeildin fer fram hér í Amman og stendur yfir í þrjár vikur. Við erum búnir að spila tvo leiki og þeir unnust báðir. Við erum því komnir áfram í átta liða úrslitin," sagði Daníel Berg í samtali við Fréttablaðið.

Þeim félögum hefur gengið vel í fyrstu tveim leikjunum. Daníel er búinn að skora fimm og tíu mörk í leikjunum en Jóhann hefur skorað fjögur og sex mörk. Leikirnir tveir voru gegn liðum frá Katar og Írak.

### Stórstjörnur taka þátt í mótinu

Asíska meistaradeildin er sérstakt mót því þá styrkja öll liðin sig með útlendingum og borga vel fyrir það. Má því oft sjá gamlar hetjur á þessum mótum. Á meðal þeirra sem eru þarna núna má nefna Frakkann Joel Abati og Egyptann Hussein Zaky. Svo er gamla stórskyttan úr Stjörnunni, Tite Kalandadze, einnig á mótinu en hann er að spila með liði frá Líbanon.

„Okkur skilst að liðið okkar heiti Al Ahli en við höldum að liðið heiti Al Jedda. Við erum eiginlega ekki vissir hvað liðið heitir ef ég á að segja eins og er," sagði Daníel en eins og áður sagði gerðust hlutirnir hratt.

„Við komum hingað á föstudagskvöldinu og þá kom forseti félagsins á flugvöllinn og náði í okkur. Við hittum hann svo í hádegismat á laugardeginum og svo var leikur klukkan hálf fjögur. Það var mjög sérstakt því við vissum ekki hvað einn maður hét þarna og hvað þá að við hefðum séð þá spila handbolta áður. Okkur var bara hent í búning og út á völl," sagði Daníel og hló dátt.

### Jói er hræddur við að fara út

Strákarnir hafa lítið gert annað en að æfa og spila það sem af er. Frá og með deginum í dag fá þeir aftur á móti frí frá leikjum fram á næsta miðvikudag.

„Þá gefst kannski tími til þess að skoða sig aðeins um. Annars er Jói svo hræddur við að fara út enda vitum við ekkert hvað við erum komnir út í. Jói spurði einn starfsmanninn í matarsalnum hvort það væri óhætt að fara út. Það var nú bara hlegið að honum og sagt að auðvitað væri það óhætt," sagði Daníel kátur er hann rifjaði upp þetta skemmtilega atvik.

Þeir félagar hafa annars lent í mörgu skemmtilegu það sem af er og bíða spenntir eftir framhaldinu.

„Forsetinn sagði við Jóa fyrir síðasta leik að það yrði auðveldur leikur og hann yrði að skora fimmtán mörk. Svo er mikill áhugi á mótinu hérna og myndavélar elta mann alveg inn í klefa. Manni líður bara eins og NBA-leikmanni. Svo má reykja alls staðar hérna og leikmenn fá sér bara sígarettur inni í klefa eftir leiki. Það þykir ekkert óeðlilegt hér," sagði Daníel.

### Peningarnir flæða – líka í lyftunni

Strákarnir fá vel greitt fyrir að taka þátt í þessu ævintýri en félag þeirra, Kassel, lánaði þá í þrjár vikur. Þeir snúa svo aftur þangað þegar dvölinni í Amman er lokið.

„Við fáum mjög fínan pening fyrir að koma hingað og spila. Það er þegar búið að greiða okkur þá. Mjög fín laun sem við værum svona fjóra til fimm mánuði að fá í Þýskalandi. Svo virðist allt flæða í peningum hérna. Daginn eftir leik kemur maður með seðlabúnt og lætur okkur fá bónus. Við höfum ekki hugmynd um hvað það er mikið enda sádiarabískir peningar. Hittum svo manninn með seðlana í lyftunni aftur og hann lét okkur fá meiri pening. Svo er búið að lofa okkur tíu þúsund dollurum ef við vinnum mótið. Við erum nú ekki beint að treysta á að sá peningur skili sér en það er allt í lagi," sagði Daníel Berg Grétarsson.

henry@frettabladid.is



**ÆVINTÝRI Í AMMAN** Þeir Daníel Berg Grétarsson og Jóhann Gunnar Einarsson spila í asísku meistaradeildinni þessa dagana. Þeir sjást hér saman á bekk Fram fyrir aftan Guðmund Guðmundsson.
FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC



**TITE LÍKA Í AMMAN** Tite Kalandadze, sem spilaði með ÍBV og Stjörnunni, er í Amman að spila með liði frá Líbanon.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hreinsanir hjá botnliði FSu í Iceland Express-deildinni í kjölfar fylliríis leikmanna:

# Þessir gaurar sáu um það sjálfir að reka sig

**KÖRFUBOLTI** Það gekk mikið á hjá úrvalsdeildarliði FSu í gær enda urðu nokkrir leikmenn liðsins uppvísir að agabroti er þeir fengu of mikið í staupinu.

Samkvæmt agareglum körfuboltaakademíunnar hjá skólanum mega leikmenn aldrei drekka áfengi á meðan þeir eru á mála hjá akademíunni. Slík brot geta varðað brottrekstur.

„Ég er ekki að reka þá. Þeir reka sig alveg sjálfir þessir gaurar," sagði Brynjar Karl Sigurðsson, yfirmaður akademíunnar. „Ég er að hreinsa út úr húsinu núna." Brynjar Karl gat ekki staðfest hversu margir leikmenn yrðu reknir úr akademíunni en hann sagði að það væri „slatti".

„Þeir voru á fylleríi og það má ekki. Hjá okkur ríkja ákveðnar reglur og mönnum ber að virða þær. Strákarnir vita af þeim og það var enginn sem neyddi þá til þess að skrifa undir pappírana. Þeir vissu hvað þeir voru að skrifa upp á," sagði Brynjar Karl en ásamt því að mega ekki neyta áfengis þurfa leikmenn að taka að lágmarki sautján einingar á önn.

Brynjar var afar ósáttur við þjálfara og forráðamenn ákveðinna liða sem byrjuðu að sveima yfir leikmönnum FSu um leið og tíðindin bárust.

„Þeir eru að hringja í mig og spyrja út í hvað mennirnir geta. Ég sagði þeim þá að ég væri enn með tárin í augunum enda fyndist mér málið sorglegt. Spurði þá í kjölfarið hvort þeim fyndist þetta vera viðeigandi hegðun af þeirra hálfu. Þetta er svo sálarlaust að það hálfa væri nóg," sagði Brynjar og ljóst er að hann tók málið mjög nærri sér. - hbg



**SÁR OG REIÐUR** Guðfaðir körfuboltaakademíunnar tók agabrot leikmanna nærri sér.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000



**ENKE SYRGDUR** Fjölmargir lögðu leið sína að heimavelli Hannover 96 til að votta Enke virðingu en viðbrögðin við dauða hans hafa verið mikil. Leikmenn allra liða í efstu tveimur deildum Þýskalands munu leika með sorgarbönd í næstu umferð. NORDIC PHOTOS/BONGARTS



**EKKJAN** Teresa Enke ræddi við fjölmiðla í gær sem reyndist henni vitaskuld erfitt.



**AFLÝSTU LANDSLEIK** Þjóðverjar aflýstu í gær landsleik við Chile sem átti að vera um helgina. Hér eru þjálfararnir Oliver Bierhoff og Joachim Löw ásamt fyrirliðanum Michael Ballack við minningarathöfn í gær. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

# Þunglyndi varð Robert Enke að falli

**Robert Enke, markvörður Hannover 96 og þýska landsliðsins, fyrirfór sér á þriðjudagskvöldið er hann kastaði sér fyrir lest. Fréttirnar komu knattspyrnuheiminum í opna skjöldu og ríkir mikil sorg í Þýskalandi.**

**FÓTBOLTI** Markvörðurinn Robert Enke fyrirfór sér á þriðjudagskvöldið er hann kastaði sér fyrir lest skammt frá heimili sínu rétt utan við Hannover í Þýskalandi. Enke var 32 ára gamall og lék með Hannover 96 í þýsku úrvalsdeildinni. Hann var einnig aðalmarkvörður þýska landsliðsins en meiðsli og erfið sýking í maga gerðu það að verkum að hann hafði ekki getað spilað með liðinu í haust.

Enke lætur eftir sig eiginkonu og átta mánaða gamla dóttur, Leilu, sem hjónin ættleiddu síðastliðið vor.

Fljótlega eftir að fregnir bárust af fráfalli Enke var staðfest að um sjálfsvíg hefði verið að ræða. Lögreglan í Þýskalandi hefur einnig staðfest að hann hafi skilið eftir sig kveðjubréf. Þá sagði lögreglan að rannsókn málsins yrði sennilega lokið innan örfárra daga.

Samkvæmt því sem fram kom í þýskum fjölmiðlum lagði Enke bíl sínum um tíu metrum frá brautarteinunum og skildi veski sitt eftir í farþegasætinu á ólæstum bílnum. Því næst mun hann hafa gengið á brautarteinunum í nokkur hundruð metra áður en hann varð fyrir lestinni. Hún var á leið frá Bremen til Hannover og var á 160 kílómetra hraða á klukkustund.

Enke og eiginkona hans, Teresa, misstu tveggja ára gamla dóttur sína, Löru, fyrir þremur árum. Hún þjáðist af alvarlegum hjartagalla og lést í miðri aðgerð hinn 17. september 2006.

Teresa sagði á blaðamannafundi í Hannover að Enke hefði þjáðst af miklu þunglyndi. Það hafði aldrei áður verið opinberað.



**Í UPPÁHALDI** Robert Enke var fyrirliði þýska úrvalsdeildarfélagsins Hannover 96 og í miklu uppáhaldi hjá stuðningsmönnum þess. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

„Það voru mjög erfiðir tímar þegar hann gekk í gegnum sín þunglyndisköst. Hann skorti allan vilja og von,“ sagði hún.

Fyrir örfáum árum neyddist landsliðsmaðurinn Sebastian Deisler, leikmaður Bayern München, til að leggja skóna á hilluna vegna þunglyndis. Enke vildi hins vegar ekki að barátta hans við sjúkdóminn yrði opinberuð og óttaðist afleiðingar þess mjög.

„Hann vildi einnig gera allt til að forðast að þetta yrði dregið fram í sviðsljósið. Hann óttaðist að hann myndi missa allt. Hann óttaðist að missa Leilu. Eftir á að hyggja var það algjört brjálæði,“ sagði Teresa.

Enke gekk í gegnum erfitt tímabil á sínum knattspyrnuferli er hann var samningsbundinn Barcelona og lánaður þaðan til Fenerbahce í Tyrklandi árið 2002.

„Við höfum gengið í gegnum svo margt saman,“ sagði Teresa. „Tíminn eftir Istanbúl og Barcelona var erfiður. Eftir það héldum við að við gætum komist yfir allar raunir. Svo dó Lara en dauði hennar gerði okkur enn nánari. Þá héldum við að með ástinni gætum við yfirstigið allar hindranir. En það tókst okkur ekki.“

Hún reyndi ýmislegt til að hjálpa honum. „Ég reyndi að segja honum að lífið snerist um meira en fótbolta og að það væri margt fallegt í lífinu. Við áttum Löru og við eigum Leilu. Ég vildi gera allt sem ég gat til að koma honum í gegnum sínar raunir.“

Enke gekk fyrst til sálfræðings vegna þunglyndis og þar sem hann óttaðist að ferillinn væri á niðurleið eftir dvöl hans í Barcelona og Istanbúl.

„Ástand hans var betra eftir að honum gekk betur á Spáni vorið 2004 og kom svo til Hannover þar sem honum leið vel, bæði hjá félaginu og í einkalífinu,“ sagði sálfræðingurinn Valentin Markser. „Svo hitti ég hann aftur í byrjun október. Hann hringdi í mig vegna þess að hann var að sökkva í þunglyndi í tengslum við magasýkingu sína,“ bætti hann við.

Hann greindi einnig frá því hvað hefði staðið í kveðjubréfi Enke, að hluta til. „Hann baðst afsökunar á því að hafa staðið í þessum blekkingarleik.“ eirikur@365.is


ÍSLENSK HÖNNUN OG FRAMLEIÐSLA Í 74 ÁR

FATASKÁPADAGAR HJÁ AXIS

HELGINA 12.- 15. nóvember

12-70% afsláttur !!

NÝTT KORTATÍMABIL



**Axis býður glæsilega fataskápa í mörgum gerðum. Hefðbundnar hurðir eða rennihurðir. Miklir möguleikar í uppröðun, viðartegundum, forstykkjum, skúffum og ýmsum auka- og fylgihlutum. Boðið verður m.a. upp á útlitsgallaða fataskápa með miklum afslætti.**

**Stuttur afgreiðslutími.**



Opið:

fimmtudag: 9:00-18:00

föstudag: 9:00-18:00

laugardag: 10:00-16:00

sunnudag: 11:00 - 14:00

Veljum íslenskt – okkar hagur! SI Samtök iðnaðarins - www.si.is

AXIS

**Smiðjuvegi 9**
**200 Kópavogi**
**Sími: 535-4300**
**Fax: 535-4301**
**Netfang: axis@axis.is**

**www.axis.is**




ÍSLENSKA/SIA.IS/UTI 47837 10/09

Forráðamenn Barcelona í viðræðum við Manchester City út af Robinho samkvæmt spænskum fjölmiðlum:

# City ítrekar að Robinho sé ekki á förum

**FÓTBOLTI** Dramatíkin í kringum framtíð Brasilíumannsins Robinho hjá Manchester City heldur áfram en spænskir fjölmiðlar fullyrða að Barcelona sé komið af fullum þunga í viðræður við enska félagið um kaup á leikmanninum.

Bæði Barcelona og Manchester City hafa til þessa harðneitað því að hafa átt í viðræðum en leikmaðurinn sjálfur og faðir hans og umboðsmaður hafa gefið sterklega í skyn að hann kunni að vera á förum frá Borgarleikvanginum í Manchester og að Nývangur sé ekki ólíkur áfangastaður.

Í spænska dagblaðinu El mundo Deportivo er reyndar haft eftir Gilvan de Souza, umboðsmanni og föður Robinho, að hann sé þegar búinn að láta forráðamenn City vita að leikmaðurinn vilji yfirgefa herbúðir félagsins við fyrsta tækifæri og geti ekki hugsað sér að klára yfirstandandi keppnistímabil með félaginu.

Knattspyrnustjórinn Mark Hughes hjá City hefur hins vegar látið sér fátt um finnast um skrif dagblaðanna og stjórnarformaðurinn Garry Cook tók í sama streng í gær og ítrekaði að Robinho væri ekki á förum frá félaginu.

„Það er ekki rétt að við höfum rætt við forráðamenn Barcelona út af Robinho og það stendur heldur ekki til. Eina sem við erum að hugsa um núna er að hann jafni sig á meiðslunum og geti spilað með City á nýjan leik,“ er haft eftir Cook.

Hinn 23 ára gamli Robinho gekk í raðir City á lokadegi félagaskiptagluggans í september árið 2008 á 32,5 milljónir punda en ef eitthvað er að marka breska og spænska fjölmiðla undanfarið þá verður að teljast líklegt að hann yfirgefi City brátt. Hvort sem það verði í janúar eða næsta sumar. **- óþ**



**ROBINHO** Er sagður ósáttur og vilja yfirgefa herbúðir City við fyrsta mögulega tækifæri. NORDIC PHOTOS/AFP






**STEMNING** Leikmaður ÍBV í humarvinnslunni. MYND/HEIMASÍÐA ÍBV

Handboltalið ÍBV:

## Leikmenn vinna í humri

**HANDBOLTI** Góðæristímabilið fór illa með rekstur handboltadeildar ÍBV og deildin er enn að glíma við gamlar syndir að því er fram kemur á heimasíðu ÍBV.

Enginn leikmaður félagsins í dag fær greitt fyrir að spila með liðinu og flestir leikmanna liðsins eru meðlimir í stuðningsklúbbnum Krókódílunum. Má því segja að þeir borgi sig inn á leiki sem þeir spila sjálfir.

Menn brydda upp á ýmsu í Eyjum til þess að greiða niður skuldirnar og nú síðast voru leikmenn liðsins að skelfletta humar fyrir Vinnslustöðina. Það gerðu þeir með bros á vör. **- hbg**

Spænski konungsbikarinn:

## Alcorcon mætir Barcelona næst

**FÓTBOLTI Spænska neðrideildarliðið Alcorcon skráði sig heldur betur í sögubækurnar í fyrrakvöld er liðið sló stórlið Real Madrid út úr spænsku bikarkeppninni.**

**Alcorcon vann fyrri leikinn 4-0 og tapaði svo aðeins 1-0 á Santiago Bernabeau-leikvanginum.**

**„Þetta var magnað og við munum aldrei gleyma þessu það sem eftir er af ævi okkar,“ sagði Sergio Mora, leikmaður Alcorcon. „Útsýnið inni á Bernabeau er ótrúlegt. Það var ótrúlegt að taka þátt í þessu því við vorum að skrifa söguna. Ég held ég muni ekki átta mig almennilega á því hvað gerðist fyrr en síðar.“**

**Ævintýri liðsins heldur áfram en liðið mætir Barcelona í næstu umferð. - hbg**



**HELGI PÉTUR** Er án samnings.

Leikmannamál ÍA:

## Helgi Pétur enn á lausu

**FÓTBOLTI** Skagamenn hafa enn ekki samið við miðjumanninn sterka Helga Pétur Magnússon sem og Guðmund Böðvar Guðjónsson.

Guðmundur Böðvar situr að samningaborðinu með Skagamönnum að því er fram kemur á heimasíðu félagsins en Helgi Pétur er með allt opið í sínum málum.

Ástæðan er sú að hann er að leita sér að framtíðaratvinnu.

Helgi Pétur er reynslumikill leikmaður sem getur leikið bæði á miðju og í vörn. Er því líklegt að einhver lið hugsi sér gott til glóðarinnar og reyni að krækja í leikmanninn. **- hbg**

## ÚRSLIT

### Iceland Express-deild kvk

Hamar-KR 51-62 (24-33)
**Stig Hamars:** Kristrún Sigurjónsdóttir 19, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 13 (14 fráköst), Koren Schram 9, Hafrún Hálfdanardóttir 4, Fanney Guðmundsdóttir 3, Guðbjörg Sverrisdóttir 2, Íris Ásgeirsdóttir 1.
**Stig KR:** Margrét Kara Sturludóttir 23, Hildur Sigurðardóttir 15 (10 fráköst), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 9, Helga Einarsdóttir 6, Signý Hermannsdóttir 5 (15 fráköst), Jóhanna Sveinsdóttir 2, Unnur Tara Jónsdóttir 2.

Valur-Grindavík 48-60 (22-27)
**Stig Vals:** Hrund Jóhannsdóttir 12, Hanna S. Hálfdanardóttir 10, Sakera Young 8, Birna Eiríksdóttir 5, Berglind Karen Ingvarsdóttir 5, Ragnheiður Benónýsdóttir 4, Sigríður Viggósd. 4.
**Stig Grindavíkur:** Michele De Vault 19, Petrúnella Skúladóttir 11, Helga Hallgrímsdóttir 5, Jovana Lilja Stefánsdóttir 4, Berglind Anna Magnúsdóttir 4, Alma Rut Garðarsdóttir 4, Ingibjörg Jakobsdóttir 3, Mary Jean Lerry F. Sicat 2

Njarðvík-Haukar 95-80 (76-76)(31-43)
**Stig Njarðvíkur:** Shantrell Moss 45 (17 fráköst), Ólöf Helga Pálsdóttir 15, Ína María Einarsdóttir 11, Harpa Hallgrímsdóttir 7, Helga Jónsdóttir 5, Heiða Valdimarsdóttir 4, Sigurlaug Guðmundsdóttir 4, Jóna Guðleif Ragnarsdóttir 2, Anna María Ævarsdóttir 2.
**Stig Hauka:** Heather Ezell 36, Guðrún Ósk Ámundadóttir 15, Telma B. Fjalarsdóttir 12, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 10, Kristín Fjóla Reynisdóttir 5, María Lind Sigurðardóttir 2.

Keflavík-Snæfell 83-56 (41-24)
**Stig Keflavíkur:** Kristi Smith 21, Birna Valgarðsdóttir 15, Bryndís Guðmundsdóttir 11, Hrönn Þorgrímsdóttir 11, Svava Ósk Stefánsdóttir 9, Marín Rós Karlsdóttir 7, Sigrín Albertsdóttir 4, Eva Rós Guðmundsdóttir 3, Árný Sif Gestsdóttir 2.
**Stig Snæfells:** Kristen Green 18, Gunnhildur Gunnarsdóttir 17, Berglind Gunnarsdóttir 6, Hildur Björg Kjartansdóttir 5, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 3, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 2, Sara Andrésdóttir 2, Rósa Indriðadóttir 2, Björg Guðrún Einarsdóttir 1.

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **1. KR** | **6** | **0** | **0** | **436-297** | **12** |
| 2. Hamar | 6 | 4 | 2 | 427-413 | 8 |
| **3. Haukar** | **6** | **3** | **2** | **431-391** | **7** |
| 4. Grindavík | 6 | 3 | 3 | 379-379 | 6 |
| **5. Keflavík** | **6** | **2** | **4** | **400-412** | **4** |
| 6. Valur | 6 | 2 | 4 | 362-409 | 4 |
| **7. Snæfell** | **6** | **2** | **4** | **330-417** | **4** |
| 8. Njarðvík | 6 | 2 | 4 | 393-440 | 4 |

### Þýski handboltinn

Melsungen-Lemgo 28-31
Vignir Svavarsson skoraði 3 mörk fyrir Lemgo en Logi Geirsson lék ekki með liðinu.
Balingen Weilstetten-Göppingen 28-32
Hamburg-Magdeburg 35-27

### Meistaradeildin í handbolta

RN Löwen-RK Gorenje 33-30
Guðjón Valur Sigurðsson skoraði 7 mörk fyrir RN Löwen og Ólafur Stefánsson skoraði 6 mörk. Snorri Guðjónsson komst ekki á blað í leiknum.

Heil umferð fór fram í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta þar sem hæst bar leik KR og Hamars:

# KR vann toppliðaslaginn í Hveragerði

**KÖRFUBOLTI** KR hélt sigurgöngu sinni áfram í Iceland Express-deild kvenna í körfubolta í gærkvöldi þegar liðið vann Hamar, 51-62, í toppliðaslag. KR var alltaf skrefinu á undan í gærkvöldi og hefur unnið alla sex leiki sína til þessa í deildinni.

KR var að spila grimman varnarleik, sérstaklega framan af leik í gærkvöldi og náði fljótt góðri forystu en staðan var 10-19 eftir fyrsta leikhluta og 24-33 í hálfleik.

KR fór inn í lokaleikhlutann með tólf stiga forskot 35-47 en Hamar náði að minnka muninn niður í sex stig þegar um fimm mínútur voru eftir af leiknum en KR hélt haus og sigldi góðum sigri í land en lokatölur urðu 51-62. Margrét Kara Sturludóttir var stigahæst hjá KR með 23 stig en Hildur Sigurðardóttir kom næst með 15 stig og 10 fráköst. Hjá Hamri var Kristrún Sigurjónsdóttir stigahæst með 19 stig en Sigrún Sjöfn kom næst með 13 stig og 14 fráköst.

„Við höfum verið að byggja þetta fyrst og fremst á góðum varnarleik og náð að halda liðunum í kringum fimmtíu stigin og það eykur vitanlega líkurnar á að vinna. Við náðum 8-10 stiga forystu snemma leiks og héldum henni meira og minna út leikinn. Við erum búin að byrja vel en erum ekkert að tapa okkur yfir því og við verðum að halda áfram að spila góða vörn og þá eru líkurnar alltaf með manni,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari KR, í leikslok í gærkvöldi.

Liðin mætast að nýju í 16-liða úrslitum Subway-bikarsins í DHL-höllinni í Vesturbænum og þá gefst Hamri möguleiki á að hefna ófaranna.

- óþ



**BARÁTTA** KR hafði betur gegn Hamri í slag toppliða Iceland Express-deildar kvenna. Hér er Hildur Sigurðardóttir að búa sig undir skot. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**BOSINGWA** Getur ekki leikið með Chelsea fyrr en í febrúar vegna meiðsla á hné. NORDIC PHOTOS/AFP

Bosingwa fór í uppskurð:

## Þrír mánuðir á hliðarlínunni

**FÓTBOLTI** Nú er komið í ljós hversu alvarleg meiðsli portúgalska landsliðsbakvarðarins, Jose Bosingwa hjá Chelsea, eru. Boswinga hefur ekki leikið með Lundúnafélaginu síðan um miðjan október.

Chelsea staðfesti í gærkvöldi að leikmaðurinn verði líklega frá vegna meiðsla næstu þrjá mánuði eftir að hafa gengist undir aðgerð á hné.

„Búist er við því að Bosingwa verði í um þrjá mánuði að jafna sig eftir aðgerðina,“ segir á opinberri heimasíðu Chelsea.

Hinn serbneski Branislav Ivanovic hefur leyst hægri bakvarðarstöðuna hjá Chelsea í fjarveru Bosingwa og staðið sig með miklum prýði.

- óþ





## > Jenna Fischer

„Ég vildi að ég gæti sagt að mér fyndist best að lesa góðar bókmenntir eða að mæta í ræktina en hið rétta er að mér finnst langbest að láta fara vel um mig fyrir framan sjónvarpið.“

***Fisher leikur móttökuritarann Pam Beesly í gamanþættinum The Office sem Skjár einn sýnir í kvöld kl. 20.00.***

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** SÓLVEIG GÍSLADÓTTIR FYLGDIST MEÐ ÞUNNUM ÞRIÐJUDEGI

## *Fitubollan Ruby og misheppnuð yfirhalning*

Yfirleitt þykja mér þriðjudagarnir heldur þunnir þegar kemur að sjónvarpsdagskránni og því leitaði ég út fyrir mínar venjubundnu uppáhaldsstöðvar. Ég endaði á Style Network þar sem verið var að sýna fyrsta þáttinn í nýrri þáttaröð sem kallast einfaldlega Ruby og fjallar um feita konu.

Ólíkt öðrum fitubolluþáttum sem snúast annaðhvort um að soga, skera og svita í burtu fituna á sem skemmstum tíma, helst þannig að hægt sé að sýna fyrir- og eftirmyndir í einum þætti, eða þáttum sem snúast um það hvaða feita fólk missir flestu kílóin í hverri viku, þá snýst Ruby aðeins um baráttu einnar konu til að eignast betra líf.

Ruby er fitubolla, hún er risastór á alla kanta, vaggar þegar hún gengur, þarf tvö sæti í flugvél og líður skelfilega bæði á sál og líkama yfir



ástandinu. Þátturinn fjallar um baráttu hennar við aukakílóin fjölmörgu en í fyrsta þættinum hefur hún átakið. Hún fær þjálfara til að hjálpa sér að hreyfa sig, næringarfræðing til að búa til matseðil og geðlækni til að hjálpa sér að átta sig á því hver sé ástæða ofþyngdarinnar. Mér sýnist þetta stefna í alveg ágætis afþreyingu.

Á þriðjudaginn datt ég einnig inn í þáttinn Nýtt útlit á Skjá einum sem ég hef yfirleitt ekki þolinmæði til að horfa á. Með öðru auga fylgdist ég þó með, því Karl Berndsen tók í fyrsta sinn fyrir karlmann og dressaði upp. Ég varð nú hálf óánægð með niðurstöðuna þar sem þessi myndarlegi skeggjaði maður breyttist í hommalegan metrógæja. Kannski fór mest í taugarnar á mér að fötin virtust hafa verið fengin að láni úr fataskáp þáttastjórnandans. Finnst mér brenna við að langflestir sem koma í þennan þátt virðast steyptir í sama mót burtséð frá aldri og týpu viðkomandi.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.30** Game Tíví SKJÁREINN



▶ **20.00** Blades of Glory STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.40** NCIS STÖÐ 2



▶ **21.25** Nýsköpun - Íslensk vísindi SJÓNVARPIÐ



▶ **22.15** Gossip Girl STÖÐ 2 EXTRA

## SJÓNVARPIÐ

**15.05 Persónur og leikendur** (e)

**15.45 Kiljan** (e)

**16.35 Leiðarljós**

**17.15 Táknmálsfréttir**

**17.25 Flautan og litirnir** (6:9) (e)

**17.45 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn** (5:12) (e)

**18.00 Stundin okkar** (e)

**18.30 Hvaða Samantha?** (15:15) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Eldað með Jóhönnu Vigdísi**

**20.40 Bræður og systur** (Brothers and Sisters III) (61:63) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti.

▶**21.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (7:12) Þáttaröð um vísindi. Í þessum þætti verður farið í heimsókn til Landgræðslunnar. Umsjónarmaður er Ari Trausti Guðmundsson.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.25 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) (3:13) Bandarísk þáttaröð. Dularfullur atburður veldur því að fólk um allan heim dettur út í tvær mínútur og sautján sekúndur og sér um leið í svip hvernig líf þess verður eftir hálft ár.

**23.10 Himinblámi** (2:16) (e)

**23.55 Kastljós** (e)

**00.25 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Paris, Texas**

**10.20 License to Wed**

**12.00 Prime**

**14.00 Paris, Texas**

**16.20 License to Wed**

**18.00 Prime**

▶**20.00 Blades of Glory** Will Ferrell og Jon Heder leika listdansara á skautum og erkifjendur sem dæmdir eru í lífstíðarbann eftir að allt fer úr böndunum hjá þeim.

**22.00 Happy Endings**

**00.10 Secrets of Angels, Demons and Masons**

**02.10 Irresistible**

**04.00 Happy Endings**

**06.10 Epic Movie**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Ævintýri Juniper Lee og Elías.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.20 Sjálfstætt fólk**

**11.00 Atvinnumennirnir okkar**

**11.45 Supernanny** (6:20)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 La Fea Más Bella** (66:300)

**13.45 La Fea Más Bella** (67:300)

**14.30 Eldsnöggt með Jóa Fel** (2:10)

**15.00 Ally McBeal** (6:23)

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Bratz, Ævintýri Juniper Lee og Elías.

**17.03 Bold and the Beautiful**

**17.28 Nágrannar**

**17.53 Friends**

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (9:22)

**19.45 Two and a Half Men** (19:24) Gamanþáttaröð um bræðurna Charlie og Alan Harper.

**20.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (7:10) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel.

▶**20.40 NCIS** (14:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfar í Washington og rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.

**21.25 Eleventh Hour** (17:18) Eðlisfræðingurinn Jacob Hood aðstoðar FBI við rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegra úrlausna.

**22.10 The Godfather 1** Don Vito Corleone er glæpon af gamla skólanum og vill hvergi koma nærri fíkniefnaviðskiptum. Aðrar mafíufjölskyldur reyna því að ryðja honum úr vegi.

**01.00 Fangavaktin** (7:8)

**01.30 The 4400** (13:13)

**02.15 Air Marshal**

**03.45 NCIS** (14:19)

**04.30 Eleventh Hour** (17:18)

**05.15 Friends**

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.20 Spænsku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir.

**18.20 Meistaradeild Evróopu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**18.50 Meistaradeildin - Gullleikir** AC Milan - Barcelona 1994. Úrslitaleikurinn í Evrópukeppni meistaraliða árið 1994 sem háður var í Aþenu í Grikklandi.

**20.35 UFC 105 Countdown**

**21.30 24/7 Pacquiao - Cotto** Hitað upp fyrir bardagann og fylgst með undirbúningnum.

**22.00 Bestu leikirnir: Breiðablik - ÍA 19.08.01.** Skagamenn urðu Íslandsmeistarar fimm ár í röð á síðasta áratug aldarinnar en ÍBV og KR stoppuðu sigurgöngu þeirra. Árið 2001 voru Skagamenn með í baráttunni á nýjan leik og mættu þeir Blikum í Kópavoginum í 14. umferð í hörkuleik.

**22.30 World Series of Poker 2009** Sýnt frá World Series of Poker 2009 en þangað voru mættir til leiks allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims.

**23.25 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Holdem.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.40 Hull - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**17.20 Tottenham - Sunderland** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.00 Goals of the Season 2004** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.

**19.55 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.

**20.25 PL Classic Matches** Southampton - Tottenham, 1994. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**20.55 PL Classic Matches** Tottenham - Newcastle, 1994. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.25 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**22.20 Coca Cola-mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**22.50 Aston Villa - Bolton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**07.10 Nýtt útlit** (6:10) (e)

**08.00 Dynasty** (4:29) (e)

**08.50 Innlit/ Útlit** (3:10) (e)

**09.20 Pepsi MAX tónlist**

**12.00 Nýtt útlit** (6:10) (e)

**12.50 Innlit/ Útlit** (3:10) (e)

**13.20 Pepsi MAX tónlist**

**16.55 Yes Dear** (9:15) (e)

**17.20 Dynasty** (5:29)

**18.10 Lífsaugað** (8:10) (e)

**18.50 Fréttir**

**19.05 King of Queens** (21:25) (e)

▶**19.30 Game Tíví** (9:14) Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelsson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.

**20.00 The Office** (4:28) Dwight hjálpar Michael að undirbúa sig fyrir fæðingu barnsins sem Jan ber undir belti. Hann þykist einnig vera illa við Holly til að Jan verði ekki afbrýðissöm.

**20.25 30 Rock** (6:22) Jólin nálgast og allir eru í hátíðarskapi. Liz reynir að gleðja ókunnug börn en Jack er ekki góður við mömmu sína.

**20.55 House** (4:24) Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House.

**21.50 Fréttir** (e)

**22.05 CSI: Miami** (4:25) Tveir menn eru myrtir og eru þeir taldir tengjast bardagaklúbbi sem þjálfar morðingja.

**22.55 The Jay Leno Show**

**23.45 Nurse Jackie** (4:12) (e)

**00.15 United States of Tara** (4:12) (e)

**00.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Þorsteinn I. Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvarinnar, er gestur þáttarins.

**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm heldur áfram með sitt tveggja manna tal við Gunnar Dal.

**21.30 Grasrótin** Þáttur í umsjón Ásmundar Einars Daðasonar þingmanns Vinstri grænna.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




ERT ÞÚ BÚIN(N) AÐ TRYGGJA ÞÉR ÁSKRIFT?
aðeins 2.200 kr. á mánuði.

3 DAGAR Í ÁSKRIFT

VERTU MEÐ OKKUR Í VETUR!
Til þess að fá áskrift að SkjáEinum þarftu að hafa myndlykil frá Símanum eða Vodafone. Athugið að með áskrift fellur grunnáskrift niður.

PANTAÐU ÁSKRIFT AÐ SKJÁEINUM
- í síma **800 7000** eða **1414**
- í **verslunum Símans** eða **Vodafone**
- á vefsíðunni **www.skjarinn.is**
- í **SkjáBíó**



**Fimmtudagur 12. nóvember**

| | |
|---|---|
| Kl. 19.30 | Game Tíví |
| Kl. 20.00 | The Office |
| Kl. 20.25 | 30 Rock |
| Kl. 20.55 | House |
| Kl. 22.05 | C.S.I: Miami |
| Kl. 22.55 | The Jay Leno Show |

SKJÁREINN
Næstum því ókeypis

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

**Eldsnöggt með Jóa Fel**



Í þessum sjöunda þætti heimsækir Jói Fel Leif á La Primavera sem sýnir okkur hvernig Ítalir búa til kjötbollur, en síðan fer Jói Fel heim og býr til sínar eigin ásamt þremur dýrindis forréttum úr lambakjöti og nýbökuðu baguette-brauði. Þetta er tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokkinum og bakarameistaranum Jóa Fel. Matreiðslan er þjóðlegri en áður, hollur, hagkvæmur og heimilislegur matur eldaður af hjartans lyst.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ House

### Skjár einn kl. 20.55

Bandarísk þáttaröð um skapstirða lækninn dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. Í þættinum í kvöld fær House þær fréttir að faðir hans sé látinn og samstarfsfólkið fær hann til að mæta í jarðarförina þrátt fyrir að honum sé það þvert um geð.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Andrarímur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Kyrr kjör
**15.25** Raddir barna
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Óperukvöld Útvarpsins: Mireille
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Einfarar - Þjóðhátíð
**22.33** Útvarpsleikhúsið: Í aðalhlutverki - Róbert og Þóra
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (14:25) Læknar og hjúkrunarfólk á Riverside-spítalanum eiga fullt í fangi með að sinna sjúklingum á milli þess sem greiða þarf úr flækjum í einkalífinu.
**17.00 Doctors** (15:25)
**17.30 The O.C. 2** (20:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. .
**18.15 Seinfeld** (15:24)
**18.45 Doctors** (14:25)
**19.15 Doctors** (15:25)
**19.45 The O.C. 2** (20:24)
**20.30 Seinfeld** (15:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 You Are What You Eat** (9:18) Doktor Gillian McKeith er sérfræðingur á sviði mataræðis og aðstoðar fólk sem er komið í ógöngur.
▶**22.15 Gossip Girl** (6:22) Þáttaröð um unga og fordekraða krakka sem búa í Manhattan í New York. Helstu áhyggjur þeirra snúa að því hver sé að baktala hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartíi.
**23.00 Grey's Anatomy** (3:23) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar.
**23.45 Medium** (11:19)
**00.30 True Blood** (8:12)
**01.15 Auddi og Sveppi**
**01.45 Sjáðu**
**02.15 Fréttir Stöðvar 2**
**03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.15** Gavin And Stacey **12.45** Lab Rats **13.20** After You've Gone **13.50** My Hero **14.30** The Weakest Link **15.15** After You've Gone **15.45** My Hero **16.15** How Do You Solve A Problem Like Maria? **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** After You've Gone **19.30** Extras **20.00** Never Better **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** Dalziel and Pascoe **21.50** After You've Gone **22.20** Extras **22.55** The Catherine Tate Show **23.25** The Catherine Tate Show **23.55** EastEnders

## DR 1

**12.00** Aftenshowet med Vejret **12.35** By på Skrump **13.35** Seinfeld **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.50** S P eller K **15.00** Boogie Update **15.30** Lloyd i Rummet **15.55** Den lyserøde panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Forsvundne danskere **19.30** 6200 Aabenraa **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Flammer **22.30** OBS **22.35** Forbrydelsen II **23.35** Seinfeld **23.55** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Viten om **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Ut i nærturen **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Men Kasper da! **17.05** Fritt fram **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 60-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Forbrytelsen 2 **21.30** Den norske humor **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Livet i Fagervik **23.30** Skavlan

## SVT 1

**12.05** Andra Avenyn **13.15** Fråga doktorn **14.00** Sommarpratarna **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Robins **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Niklas mat **19.30** Mitt i naturen **20.00** Plus **20.30** Ett fall för Louise **21.00** Debatt **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** Skavlan



## MORGUNMATURINN



*„Ég get oftast ekki borðað á morgnana þannig að morgunmaturinn samanstendur af súperdós, kaffi og sígarettu.“*

Heimir Héðinsson, plötusnúður og nemandi í grafískri hönnun.

# Kron í Kína, Japan og Taívan

Skólína hjónanna Hugrúnar Árnadóttur og Magna Þorsteinssonar, Kron, hefur heldur betur slegið í gegn frá því fyrsta pörin komu í verslanir fyrir ári. Nú fást skórnir í verslunum í löndum á borð við Kína, Japan og Taívan auk fjölda verslana í Evrópu.

„Þetta hefur gengið alveg ótrúlega vel hjá okkur miðað við hvað við höfum verið að í stuttan tíma. Þetta hefur gengið hratt fyrir sig og nú, ári seinna, er línan komin í nokkra tugi verslana bæði í Asíu og Evrópu þannig að maður getur ekki verið annað en ánægður,“ segir Hugrún um vinsældir skólínunnar. Hjónin sitja þessa dagana við teikniborðið og hanna haustlínu næsta árs. Hugrún segir vinnuna ganga vel og að hugmyndirnar mokist út úr þeim. Hjónin senda frá sér tvær skólínur árlega, eina fyrir haustið og aðra fyrir sumarið. „Þessa dagana sitjum við sveitt heima og teiknum og teiknum. Þegar maður byrjar á svona verkefni þýðir ekkert að hætta, maður verður að standa sína plikt og skila af sér bæði haust- og sumarlínu árlega. Sem betur fer vinnum við hjónin vel saman þannig að hugmyndirnar mokast út úr okkur,“ segir Hugrún og hlær.



**LISTAVERK** Skórnir frá Kron líkjast helst listaverki. MYND/SAGA SIG

Aðspurð segir hún það vera skemmtilega upplifun að rekast á fólk á götum úti sem klætt er í skó úr Kron-línunni. „Það er alltaf gaman að sjá fólk klæðast hönnun manns og maður verður svolítið stoltur. Það þýðir líka að maður sé að gera eitthvað rétt og það er mikil hvatning,“ segir hún að lokum. **- sm**



**VINSÆLIR HÖNNUÐIR** Hjónin Hugrún og Magni hanna saman skólínu undir nafninu Kron. Skórnir eru nú til sölu víða í Asíu og Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



**LÁRÉTT**
**2.** eyja, **6.** öfug röð, **8.** siða, **9.** ætt, **11.** tveir eins, **12.** gervitennur, **14.** hopp, **16.** í röð, **17.** stúlka, **18.** bergmála, **20.** tveir eins, **21.** í miðju.

**LÓÐRÉTT**
**1.** að lokum, **3.** guð, **4.** sæegg, **5.** þvottur, **7.** gagn, **10.** veiðarfæri, **13.** hjör, **15.** hreyfist ekki, **16.** úrskurð, **19.** ólæti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** krít, **6.** on, **8.** aga, **9.** kyn, **11.** uu, **12.** stell, **14.** stökk, **16.** de, **17.** mey, **18.** óma, **20.** rr, **21.** mitt.
**LÓÐRÉTT:** **1.** loks, **3.** ra, **4.** ígulker, **5.** tau, **7.** nytsemi, **10.** net, **13.** löm, **15.** kyrr, **16.** dóm, **19.** at.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Ólafur Þór Gunnarsson er varamaður Guðfríðar Lilju.
2. Boltinn hrökk af tá Kristjáns Sigurðssonar.
3. 42 hafa verið ráðnir án auglýsinga.




Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010


BRIANNA SCHNEIDER: ÍSLENSKA ROLLAN ER FJÁRSJÓÐUR

# Rækta íslenskar rollur sem gæludýr í Bandaríkjunum

„Margir af viðskiptavinum okkar halda lömbum sem gæludýrum enda eru þau ljúf og góð,“ segir bóndinn Brianna Schneider.

Brianna og Doug, eiginmaður hennar, rækta íslenskt sauðfé á bænum Bridosha í Michigan í Bandaríkjunum. Hún segir ullina og kjötið njóta vaxandi vinsælda, en lítur sjálf á rollurnar sem gæludýr á vissan hátt. „Við erum alltaf með litlar eða meðalstórar hjarðir. Jafnvel þótt rollurnar sem henta ekki til undaneldis fari til slátrarans, þá gefum við þeim öllum nöfn ásamt mikilli athygli og alúð,“ segir Brianna.

Ari og Gunnar eru á meðal íslenskra nafna sem rollurnar fá hjá Doug og Briönnu. Þá eru sumar nefndar eftir tískuhönnuðum eins og Dior, Coco og Chanel, en ástæðan fyrir því, að sögn Briönnu, er sú að ullin er hátískuvara. „Þær eiga skilið viðeigandi nöfn!“ segir hún og bætir við að ullin sé sérstaklega mjúk og njóti því vaxandi vinsælda hjá þeim sem vinna meðal annars úr henni klæðnað.

Brianna segir nokkur bóndabýli í Bandaríkjunum rækta íslenskt sauðfé sem nýtist á ýmsan hátt. „Ég held að vinsældirnar séu að aukast vegna fjölbreytileika ullarinnar,“ segir hún. „Svo vill fólk eins og ég og eiginmaður minn kyn sem þarf ekki mikið að sjá um. Það er mjög auðvelt að eiga við íslensku sauðkindina og hún er fallegt skraut á beitilandinu. Svo er kjötið stórkostlegt, með mildara bragði en önnur kyn.“

Kynið sem Brianna og Doug rækta er frá Yeoman-býlinu í Kanada, en þar ræktar Stefanía Dingum íslenskt sauðfé. Allt íslenskt sauðfé sem ræktað er í Bandaríkjunum kemur þaðan, en Brianna veit ekki frá hvaða bæ á Íslandi sauðféð er upprunalega. Hún segir að íslenska sauðféð sé sannkallaður fjársjóður. „Okkur finnst blessun að vera með lítinn hluta af Íslandi hjá okkur,“ segir hún. „Við erum að læra meira um Ísland, en það byrjaði allt með þessum æðislegu kindum. Ég hef mikinn áhuga á að fara til Íslands einn daginn.“

**atlifannar@frettabladid.is**



**RÆKTA ÍSLENSKT SAUÐFÉ** Doug og Brianna eru reyndar ekki með íslenskar kindur á þessari mynd, þó að þau líti á þær sem gæludýr.



**ÍSLENSKAR KINDUR** Virkilega fallegar skepnur.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Jón Gnarr** lætur sér ekki leiðast þótt hann sé hættur að vinna á auglýsingastofu. Hann undirbýr nú stofnun stjórnmálaflokksins Besti flokkurinn og hefur birt stefnuskrána. Í henni segir meðal annars að flokkurinn ætli að hjálpa heimilunum í landinu, bæta kjör þeirra sem minna mega sín, stöðva spillingu, auka gegnsæi og láta þá svara til saka sem bera ábyrgð á hruninu. Þá berst flokkurinn fyrir að hafa ókeypis í strætó fyrir námsmenn og aumingja, ókeypis tannlæknaþjónustu fyrir börn og aumingja og ókeypis í sund fyrir alla. Hmm… Hljómar kunnuglega.



Hljómplötuútgáfan Borgin fer nú mikinn og kemst næst Senu sem afkastamesta útgáfa ársins. Hjaltalín-platan Terminal og sólóplata **Snorra Helgasonar** úr Sprengjuhöllinni eru væntanlegar og til að fylgja þeim eftir fara Hjaltalín og Snorri á tónleikatúr og spila á tíu stöðum frá og með 18. nóvember. Sigríður Thorlacius og Heiðurspiltar verða einnig með í för. Þrátt fyrir útgáfumagnið gengur illa að fá tónlistina spilaða á Bylgjunni. Þar á bæ vilja menn einhverra hluta vegna ekki spila tónlist með Hjaltalín, Sigríði og Snorra. Lög með Hjálmum, sem Borgin gefur einnig út, eru hins vegar spiluð í botn á Bylgjunni.



Blaðamaðurinn og ljósmyndarinn Dagur Gunnarsson hefur síðan um síðustu áramót elt **Ármann Guðmundsson** og félaga í Ljótu hálfvitunum um allar trissur með upptökuvélina sína og er ætlunin að gera heimildarmynd um þessa galgopa frá Húsavík. Filmað hefur verið á æfingum, á tónleikum, í hljóðveri, á skrautlegum tónleikaferðum þar sem bandið lenti í hinum ýmsu ævintýrum og táfýlu og í hinum ýmsu spurningakeppnum sjónvarpsins. Dagur klippir nú myndina saman í frístundum en ætlar að setja allt á fullt eftir áramót og koma helst með myndina í vor. **- drg**


Aðeins eitt verð
1.190,- kr/kg
Ath! Sama hvað það er.
Allur ferskur fiskur, allir fiskréttir ...allur fiskur í fiskborði.
Tilboðið gildir alla vikuna.
Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755


# Beðist afsökunar á auglýsingu

„Það að nota tyggjó til að „tyggja burt lystina“ er þekkt aðferð meðal þeirra sem þjást af átröskun og þess vegna finnst mér þessi auglýsing ekki alveg við hæfi,“ segir Alma Geirdal, baráttukona gegn átröskunum.

Auglýsing fyrir Extra-tyggigúmmíið ber slagorðið „tyggðu burt lystina“ og hefur þessi fyrirsögn farið nokkuð fyrir brjóstið á almenningi þar sem hún þykir hvetja til óheilbrigðra megrunaraðferða. Alma segir svona auglýsingar vera til vitnis um hversu lítið fólk veit um átröskun.

Alma bendir á að fyrir jól sé mikið um auglýsingar sem auglýsi megrunarvörur svo fólk passi í jólafötin og geta þær virkað mjög hvetjandi á átröskunarsjúklinga. „Ég held að fólk átti sig oft ekki á tengingunni þarna á milli og þessar auglýsingar hitta á auman blett hjá fólki sem þjáist af átröskun. Munurinn á átröskunarsjúklingum og öðrum fíklum er að við verðum að lifa með okkar fíkn. Við getum ekki lagt matinn á hilluna heldur neyðumst við til að borða og ná einhverjum tökum á fíkninni.“



**FALINN SJÚKDÓMUR** Alma Geirdal segir fólk ekki vita mikið um átröskun. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Páll Hilmarsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs Innness, sem flytur inn Extra-tyggigúmmíið, segir inntak auglýsingarinnar hafa átt að beina sjónum fólks að tannheilsu. „Við biðjumst innilegrar afsökunar á þessu, meiningin var auðvitað ekki að særa neinn. Auglýsingin átti að koma í veg fyrir nart á milli mála og stuðla þannig að aukinni tannheilsu.“ **- sm**



GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
FRÁ 299,-
Góð handklæði. 50x60sm kr. 299, 50x90sm kr. 399, 70x140sm kr. 699. Grátt, hvitt, svart.
TILBOÐ
3.999,-
Sængurverasett bómullar satín.
FRÁ 299,-
Jersey teygjulök. 90x200sm kr. 999, 140x200sm kr. 1299, 180x200sm kr. 1.599.
1.299,-
Hlýrabolir úr teygjuefni
Margir litir, margar stærðir.
999,-
Jólasokkar, barna með gripi, mikið úrval
OFURTILBOÐ ÚT SUNNUDAG
4.999,-
DÖMUÚLPUR
ÁÐUR: 6.999,-
ÁÐUR 2.999.-
NÚ 1.999,-
FISKARS hnífasett
NÝTT KORTA TÍMABIL
ÁÐUR 2.999.-
NÚ 1.999,-
Prjónakragar, grátt og svart.
999,-
FRÁ 599,-
Húfur og vettlingar, frábært úrval.
ÁÐUR 3.999.-
NÚ 2.999,-
Herra hettupeysur
499,-
Fægiskófla og sópur, með skafti
OFURTILBOÐ ÚT SUNNUDAG
4.999,-
HERRAÚLPUR
ÁÐUR: 7.999,-
ÁÐUR 2.999.-
NÚ 1.999,-
Krakka joggingbuxur
NÝTT KORTA TÍMABIL
1.999,-
Náttbuxur herra. 100% bómull.
ÁÐUR 3.999.-
NÚ 2.999,-
Dömuhettapeysur, síðar.
Flott skart á ótrúlegu verði
2.999,-
Velúr hettupeysur og buxur
kr. 2999 stk.
999,-
Barnalúffur
FAXAFENI 8 · OPIÐ 10-18 · SUNNUDAGA 12-17

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
"...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI



### Enn eitt barnalánið

Sóley Kristjánsdóttir, betur þekkt sem DJ Sóley, eignaðist litla stúlku á mánudagsmorgun. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins fór fæðingin fram í vatni og var stúlkan svarthærð, 13 merkur og 50 sentimetrar. Sóley starfar sem vörumerkjastjóri hjá Ölgerðinni, en hún er gift Frey Frostasyni og fyrir eiga þau dótturina Birtu Freysdóttur.

### Íslenska Iceland

Ýmsir áhugaverðir fjárfestingarkostir eru hér á landi í kjölfar hruns íslensku krónunnar. Ýjað hefur verið að því að breska matvörukeðjan Iceland sé að skoða landnám hér en skilanefnd Landsbankans hefur átt fjörutíu prósenta hlut í henni eftir yfirtöku á félagi Baugs í Bretlandi. Landnámið hefur ekki fengist staðfest, telst jafnvel ótrúlegt. Verslanir þessar, sem eiga sér farsæla sögu ytra, eru gjarnar kallaðar kreppubúðir enda selja þær frysta matvöru á gjafverði. Reyndar byggjast vinsældir þeirra á því að ekki hefur tíðkast í landi Elísabetar drottningar að fjárfesta í frystikistu og hafa landar hennar því þurft að skokka út í búð eftir frystri matvöru. Því er að sjálfsögðu ekki að skipta hér.



-ag / jab

## Mest lesið vísir.is

1. Vilja upplýsingar um 24 milljarða leynilán til Fons
2. Sjálfstæðismenn yfirgáfu þingsal og fengu þá orðið
3. Segist hafa fengið gúmmítékka frá Sun Life
4. Stakk kærastann í munninn
5. Ók dráttarvél á lögreglubíl
6. Hvarf með stýrishúsi af trillu


**Nýr iPod nano**

**Nýtt:** innbyggð videoupptaka
**Nýtt:** FM- útvarp



**Apple búðin** | www.icemac.is
Sími: 512-1300 | **Opnunartími:**
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16



# Jakkaföt og kjólar

BOSS HUGO BOSS · SAND · strellson · CANALI · HUGO HUGO BOSS · PAL ZILERI · FINUCCI collezione · Van Gils

BOSS HUGO BOSS · SAND · HUGO HUGO BOSS

# 20%

## afsláttur

af öllum jakkafötum og kjólum
í verslunum okkar

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

B&S
KONUR
B&S | Kringlunni 553 4141

HUGO BOSS
KRINGLUNNI 533 4242